## Lífið er meira en fótbolti

Knattspyrnumaðurinn Pétur Marteinsson og Unnur Valdimarsdóttir, dósent hjá HÍ, aðlagast lífinu á Íslandi á ný ásamt Lilju dóttur sinni.





Vortilboðsblað fylgir blaðinu í dag

SPORTBÚÐIN

VEIÐIHORNIÐ



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. mars 2007 — 89. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


**LAUGARDAGUR**

### Lærir pólsk blótsyrði



Gunnar Helgason á faraldsfæti um Austur-Evrópu.

FÓLK 66

### Björk lekið á netið



Ásmundur Jónsson engu að síður ánægður með leyndina.

FÓLK 66

### Enginn okkar er eyland

„Við eigum ekki flokkana, né heldur eiga þeir okkur. Það sem við eigum er hugsunin, vitsmunirnir og lífssýnin," segir Ellert B. Schram.

Í DAG 18

### Stór handboltadagur



Stjarnan getur orðið Íslandsmeistari í kvennaflokki og HK og Valur mætast í uppgjöri toppliðanna í karlaboltanum.

ÍÞRÓTTIR 62

**VEÐRIÐ Í DAG**




**YFIRLEITT BJARTVIÐRI** Í dag er hvassviðri af suðri með mikilli úrkomu á öllu vestan- og norðvestanverðu landinu. Hiti almennt 6-13 stig.

VEÐUR 4

# Flóttamaður gaf sig fram við lögregluna

**Flóttamaðurinn Davíð Garðarsson hefur gefið sig fram við greiningardeild Ríkislögreglustjóra. Hann flúði land í desember 2005 og hefur verið eftirlýstur síðan.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég get staðfest það að Davíð Garðarsson hefur gefið sig fram við greiningardeild Ríkislögreglustjóra og málið er í vinnslu," segir Páll Winkel, yfirmaður stjórnsýslusviðs embættis ríkislögreglustjóra, en Davíð hefur verið eftirlýstur af lögreglu hér á landi og af alþjóðalögreglunni Interpol vegna fíkniefnabrota og nauðgunar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins átti Davíð að koma til landsins með flugi Icelandair frá London klukkan tíu mínútur yfir ellefu í gærkvöldi. Er talið að hann hafi verið hnepptur í hald á Indlandi.

Davíð var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi í Hæstarétti 1. desember árið 2005 fyrir að hafa nauðgað fyrrum sambýliskonu sinni á hrottafenginn hátt á heimili hennar rúmu ári áður. Hann flúði land nokkrum dögum eftir að dómurinn féll og var ekkert vitað um hvar hann héldi sig fyrr en nú.

Davíð á að baki langan sakaferil og hefur hlotið alls þrettán refsidóma frá árinu 1985, meðal annars fyrir innflutning á kókaíni. Hann hefur einnig setið í fangelsi í Þýskalandi vegna fíkniefnabrota. Þá hefur hann hlotið dóma fyrir umferðarlagabrot, nytjastuld, þjófnað, fjársvik og skjalafals. Samanlögð óskilorðsbundin refsing hans nemur um sjö árum. Hann er fæddur árið 1969 og verður 38 ára á árinu.

Í byrjun árs sagði fíkniefnalögreglumaður fyrir dómi að Davíð væri grunaður um að hafa skipulagt og staðið á bak við innflutning á tveimur kílóum af mjög hreinu kókaíni í ágúst síðastliðnum. - þsj




**KOSIÐ Í HAFNARFIRÐI Í DAG** „Við erum framtíð bæjarins og samt spyr enginn hvað okkur finnst," segir Margrét Björnsdóttir, nemandi í Setbergsskóla í Hafnarfirði. Hún mótmælti stækkun álversins í Straumsvík ásamt fleiri nemendum í gær. Sjá síðu 6. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kosningahegðun kvenna líkleg til að skipta sköpum í kosningunum í vor:

# Jafnræði mest hjá Framsókn

**STJÓRNMÁL** „Mér finnst það algjörlega óviðunandi að tvær konur séu formenn í nefndum á vegum Alþingis," segir Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra um það að konur stýri nefndarstarfi í tveimur af tólf fastanefndum þingsins. Ítarlega er fjallað um stöðu og áhrif kvenna í íslenskum stjórnmálum í annarri kosningagreininni af átta í Fréttablaðinu í dag.

Jafnræði milli kynja er mest á framboðslistum Framsóknarflokksins. Einungis fjórar konur af átján eru í þremur efstu sætunum á listum Sjálfstæðisflokksins en Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, er eina konan sem leiðir lista í flokknum, í Suðvesturkjördæmi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, leiðir lista flokksins í Reykjavík suður en hún er eina konan sem leiðir lista hjá Samfylkingunni.

Jafnræði er minnst hjá Frjálslynda flokknum, sé mið tekið af frambjóðendum í efstu sex sætunum, en þrettán af 36 frambjóðendum flokksins í þeim sætum eru konur.

Einar Mar Þórðarson, stjórnmálafræðingur hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, segir útlit fyrir að breytt viðhorf kvenna frá síðustu kosningum geti ráðið úrslitum í vor. Í síðustu kosningum kusu 48 prósent kvenna Samfylkinguna og Vinstri græn en sé mið tekið af könnunum gæti sú tala orðið næstum tíu prósentustigum hærri. - mh - þsj / sjá síðu 32 og 37



**SIGURVEGARAR** Lið MR fagnar vel að keppni lokinni en skólinn vann síðast 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

MR vann Gettu betur:

## Tryggðu sér sigur í bráðabana

**SPURNINGAKEPPNI** Menntaskólinn í Reykjavík vann Menntaskólann í Kópavogi í bráðabana í Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna, í gærkvöldi.

Þegar ein spurning var eftir var staðan 24-27 MK í vil. MR svaraði síðustu spurningunni rétt, fékk þrjú stig og knúði fram bráðabana. Samanstóð hann af þremur spurningum sem hver gaf eitt stig. Svaraði lið MR fyrstu tveimur spurningunum rétt og tryggði sér sigur í keppninni.

29 framhaldsskólar hófu keppni í Gettu betur. Sigurlið MR skipuðu Björn Reynir Halldórsson, Hilmar Þorsteinsson og Magnús Þorlákur Lúðvíksson. - bg

Hitar upp fyrir Aerosmith:

## Magni í Vegas

**TÓNLIST** **„Ég verð þarna sem gítarleikari og spila með Dilönu á tónleikum sem verða haldnir 28. apríl," segir tónlistarmaðurinn Magni Ásgeirsson.**

**Magni mun koma fram ásamt Dilönu, Adrian trymbli úr No Doubt og fleiri tónlistarmönnum til að hita upp fyrir stórhljómsveitina Aerosmith í Las Vegas. Um er að ræða styrktartónleika fyrir Lily Claire-sjóðinn. Aerosmith er meðal þekktari rokkhljómsveita og má því segja að Magna sé sýndur verulegur heiður með þessu boði.**

**Magni er nú að undirbúa sérstakan páskatónleikatúr hljómsveitarinnar Á móti sól en heldur svo utan til æfinga.** - jbg / sjá síðu 66


STÓRSÝNING UM HELGINA

GLITNIR

WILK

FJÁRMÖGNUN

NÝTT

TJALDVAGNALAND

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík

Við seljum rafmagn.

orkusalan.is

orkusalan

SPENNANDI SAMBAND

Fermingarfötin bíða eftir þér!

Opið 10-18 í dag

Kringlan

## SPURNING DAGSINS



*Siv, vaða vertar reyk í þessu máli?*

„Nei, öll heilsufarsleg rök styðja sjónarmið vertanna.“

Siv Friðleifsdóttir segir að í stað reykbanns hafi komið til greina að bjóða upp á sérstök reykrými á veitinga- og skemmtistöðum en veitingamenn hafi lagst gegn slíkum hugmyndum.

Uppsafnað tap Ríkisútvarpsins 1,5 milljarðar frá byrjun aldarinnar:

# Afkoma RÚV tvöfalt verri

**FJÖLMIÐLAR** Ríkisútvarpið tapaði 420,2 milljónum króna á síðasta ári samkvæmt ársreikningi sem birtur var í gær. Þetta er ríflega tvöfalt verri rekstrarniðurstaða en árið 2005 en þá tapaði RÚV 196,2 milljónum.

Frá ársbyrjun 2001 til ársloka 2006 nemur uppsafnað tap RÚV um 1,5 milljörðum króna.

Stjórnendur stofnunarinnar rekja afkomu síðasta árs til hækkunar fjármagnsgjalda, hækkunar á dagskrárefni vegna óhagstæðrar gengisþróunar auk þess sem afnotagjöld hafi ekki fylgt verðlagsþróun. Þá hafi viðbótarframlög til lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna aukið fjármagnskostnað stofnunarinnar umtalsvert á liðnum árum.

Rekstrartekjur námu 3.867 milljónum króna og hækkuðu um tæp níu prósent á milli ára. Rekstrargjöld voru 3.671 milljón króna sem var tæplega tólf prósenta hækkun. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var því um 196 milljónir króna og dróst saman um 27,7 prósent frá fyrra ári.

Eigið fé stofnunarinnar var neikvætt annað árið í röð og segja forsvarsmenn hennar að við það verði ekki unað. Var það neikvætt um 606 milljónir í árslok.

Á morgun, hinn 1. apríl, breytist stofnunin í opinbert hlutafélag og verða þá eignir þess endurmetnar og eiginfjárstaða bætt með framlagi úr ríkissjóði. - eþa

**REKSTRARTAP RÚV FRÁ ALDAMÓTUM**

| Ár | Tap í Millj. |
|---|---|
| 2001 | -336,9 |
| 2002 | -188,2 |
| 2003 | -313,7 |
| 2004 | -49,7 |
| 2005 | -196,2 |
| 2006 | -420,2 |
| Alls | -1.504,9 |

Heimild: Ársreikningar RÚV

Húsnæðismál fangelsa:

# Unnið samkvæmt áætlun

**FANGELSISMÁL Unnið er samkvæmt áætlun að stækkun og endurbótum á húsakosti fangelsa landsins, að sögn Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra.**

**Fréttablaðið greindi frá því í gær að fyrr í mánuðinum hefði þurft að afboða þrjá einstaklinga sem fangelsismálastofnun hafði boðað í afplánun vegna plássleysis.**

**Dómsmálaráðherra segir að eins og margoft hafi komið fram sé verið að endurbæta fangelsið á Akureyri, stækka Kvíabryggju og stækka fangelsið á Litla-Hrauni. Það gangi eftir samkvæmt fyrirliggjandi áætlun.** - jss

# Hannes krafði Einar um formannsstólinn

**Þremur vikum eftir aðalfund gerði Hannes Smárason kröfu um að Einar Sveinsson viki fyrir sér sem stjórnarformaður Glitnis. Ágreiningur stærstu hluthafa snýst ekki um stefnu eða forstjóra bankans, sem vill valddreifingu í stjórninni.**

**VIÐSKIPTI** Deilur hafa verið uppi um stjórnarformennsku og valdahlutföll í bankaráði Glitnis. Fyrir aðalfund vildi FL Group auka hlut sinn í bankaráðinu og fá stjórnarformennsku. Samkomulag varð um að Einar Sveinsson gegndi starfinu áfram. Eftir kaup Baugs og Tom Hunter í Glitni voru FL Group og tengdir aðilar komnir með yfirhöndina í hluthafahópnum.

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, krafðist þess að Einar Sveinsson segði af sér stjórnarformennsku og FL Group fengi stólinn. Við þessu brugðust aðrir stjórnarmenn en fulltrúar FL Group ókvæða og varð niðurstaðan óbreytt ástand.

Sjónarmið FL Group er að fyrirtækið fái völd í bankaráðinu í samræmi við eign sína. Sjónarmið annarra stjórnarmanna er að stjórn bankans þurfi að endurspegla hluthafalýðræði og ekki sé gott fyrir bankann að ein fylking hluthafa fari með öll völd.

Forstjóri bankans hefur verið talsmaður slíks fyrirkomulags og samkvæmt heimildum er ekki um að ræða neinn ágreining innan bankaráðsins um stefnu eða stjórnun bankans.

Innan viðskiptalífsins má greina mismunandi sýn á átökin í bankanum. Sumir telja eðlilegt að valdahlutföll og eignarhlutur endurspeglist í bankaráðinu. Aðrir telja að einsleitt ákvörðunarvald í bankaráðinu kunni að rýra traust á bankanum og valda honum skaða. Því sé valddreifing í bankaráðinu heppileg. Í þeim hópi er framganga Hannesar talin lítt yfirveguð.



**HANNES SMÁRASON** FL Group og tengdir aðilar hafa styrkt eign sína í Glitni. Hannes vildi að stjórnin endurspeglaði valdahlutföllin í hluthafahópnum en aðrir hluthafar telja valddreifingu mikilvæga fyrir bankann.

Bjarni Ármannsson forstjóri Glitnis, hefur verið við stjórnvölinn í bankanum í tíu ár. Samkvæmt heimildum er enginn vilji í stjórninni til annars en að hann stjórni bankanum áfram. Bjarni mun hins vegar líta svo á sjálfur að það muni hann ekki gera undir hvaða kringumstæðum sem er.

Bjarni styrkti sig verulega í sessi á síðasta ári þegar hart var sótt að íslenskum fjármálastofnunum. Hann hlaut fyrir það athygli utan landsteinanna. Eignarhlutur hans í bankanum nemur ríflega sex milljörðum króna og ekki talið að hann hafi áhyggjur af framhaldinu fyrir sig persónulega.

FL Group er fjárfestingafélag sem hefur stöðu eigna sinna til stöðugrar endurskoðunar. Samkvæmt eðli félagsins velta menn stöðugt fyrir sér nýjum félögum og tækifærum. Meðal þeirra hugmynda sem upp hafa komið var sameining Glitnis og Kaupþings. Þær vangaveltur hafa ekki komist af hugmyndastigi, enda þótt óvarlegt sé að útiloka að það gerist einhvern tímann síðar. Hjá stærstu eigendum Kaupþings er ekki mikill áhugi á því í augnablikinu.

Eins og staðan er telja menn engan djúpstæðan ágreining á ferðinni, enda ekki orðið vart mismunandi sýnar á framtíð bankans. Menn óttast þó að samstarfið hafi beðið einhverja hnekki sem tíminn leiði í ljós hvort jafni sig.

haflidi@frettabladid.is



**ÁRSFUNDUR SEÐLABANKANS** Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að eins og aðstæður séu hér nú komi upptaka evru ekki til greina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Geir Haarde forsætisráðherra:

# Hafnar evruupptöku hér

**VIÐSKIPTI** Ranghugmyndir hafa verið hafðar uppi í umræðu um áhrif af upptöku evru sem gjaldmiðils hér að sögn Geirs H. Haarde forsætisráðherra á ársfundi Seðlabankans í gær.

Geir segir spurninguna um upptöku evru jafngilda spurningu um inngöngu í Evrópusambandið. „Í öðru lagi liggur engan veginn fyrir að upptaka evru leysi hér einhver efnahagsvandamál, þvert á móti er ljóst að ný vandamál kæmu í stað þeirra gömlu.“ Hann segir meiri óstöðugleika að vænta hér en annars staðar vegna þess hve hagkerfið sé lítið. „Við mætum því ekki með því að skipta út krónu fyrir evru og gefa frá okkur möguleikann á að stjórna eigin peningamálum.“

- óká / sjá síðu 16

## ÍRLAND

### Lögreglan ölvuð undir stýri

Yfirmaður umferðaröryggismála í vesturhluta Írlands hefur verið handtekinn fyrir ölvunarakstur. Staðfest var í gær að mál hans færi til saksóknara. Yfirvöld á Írlandi gera nú gangskör að því að fá landsmenn til að hætta þeim útbreidda ósið að aka undir áhrifum.




**UMDEILD ÁKVÖRÐUN** Frá fundarstað ICANN í Lissabon. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðastofnunin ICANN:

# Hafna tillögu um klámveflén

**LISSABON, AP Stjórn alþjóðastofnunarinnar ICANN, sem hefur umsjón með veflénum á internetinu og reglum þar að lútandi, hafnaði í gær tillögu um að búið yrði til veflénið „.xxx“ fyrir klámsíður á netinu.**

**Margir þeirra sem halda úti klámsíðum sem og talsmenn trúarlegra samtaka höfðu gagnrýnt áformin. Þá hafði Kanadastjórn einnig varað við því í vikunni að innrétting sérléns fyrir klámefni gæti komið ICANN í þá vafasömu stöðu að teljast vera að skipta sér af innihaldi vefsíðna.** - aa

Fyrsti ársfjórðungur í Kauphöll:

# Um sautján prósenta ávöxtun

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hækkaði um 16,9 prósent á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 6,5 prósenta hækkun á sama tíma árið 2006.

Janúar var fjörugur mánuður á markaðnum en þá hækkaði vísitalan um 9,9 prósent.

Exista er hástökkvarinn það sem af er ári með um 28,1 prósents hækkun en Kaupþing, Atlantic Petroleum og Landsbankinn hafa jafnframt hækkað um fimmtung eða meira í verði og Straumur-Burðarás um tæp tuttugu prósent.

365 hf., útgefandi Fréttablaðsins, hefur lækkað mest Kauphallarfélaga eða um 25,9 prósent. - eþa


BÍLL DAGSINS
OPEL ASTRA 1.8 ENJOY
Nýskr. 01.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 18 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Evrópusambandið krefst þess að Íranar sleppi bresku hermönnunum:

# Aukinn þrýstingur á lausn fanganna

**ÍRAN, AP** Evrópusambandið krafðist þess í gær að Íranar slepptu án tafar og skilyrðislaust bresku hermönnunum sem þeir hafa haft í haldi í viku og varaði við því að gripið yrði til „viðeigandi aðgerða“ hlíti írönsk stjórnvöld því ekki.

ESB styður yfirlýsingu breskra stjórnvalda um að hermennirnir hafi verið í íraskri lögsögu þegar þeir hafi verið handteknir og sé handtakan því brot á alþjóðalögum. Írönsk stjórnvöld halda því staðfastlega fram að bresku hermennirnir hafi verið inni í íranskri lögsögu.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna lýsti á fimmtudagskvöld áhyggjum yfir deilunni og í gær kölluðu rússnesk stjórnvöld eftir því að Sameinuðu þjóðirnar gerðu óháða rannsókn á handtökunni.

Írönsk stjórnvöld hafa fordæmt afskipti ESB og Sameinuðu þjóðanna af deilunni og segja tilraunir Bretlands til að fá þriðja aðila ekki hjálpa til.

Myndband birtist í írönsku sjónvarpi í gær af þremur bresku hermannanna þar sem einn þeirra biðst afsökunar á að hafa farið inn í íranska lögsögu „án leyfis“. Áður hafði myndband af eina kvenkyns fanganum verið birt og þrjú bréf hennar þar sem hún biðst einnig afsökunar. Bresk stjórnvöld fordæmdu meðferðina á föngunum og sögðu írönsk stjórnvöld nota þá í áróðursskyni. - sdg



**TIL STUÐNINGS HANDTÖKU** Íranar hrópa slagorð gegn Bretlandi á fjöldafundi í Teheran, höfuðborg Írans, í gær, til stuðnings handtöku bresku hermannanna. NORDICPHOTOS/AFP


10stk
Páskaliljur
799
Páskaliljur í potti
299
Potthlíf fylgir ekki
2stk
Sýpris í útikerin
999
Helgarsprengja
Allar
páskavörur!
30%afsl.
emmessis
ís á
10kr
Gildir í Skútuvogi
Kaffi Garður
Heitt súkkulaði með rjóma og kökusneið
490.kr
Gildir í skútuvogi
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ 30.03.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 65,69 | 66,01 |
| Sterlingspund | 128,66 | 129,28 |
| Evra | 87,39 | 87,87 |
| Dönsk króna | 11,727 | 11,795 |
| Norsk króna | 10,772 | 10,836 |
| Sænsk króna | 9,352 | 9,406 |
| Japanskt jen | 0,5564 | 0,5596 |
| SDR | 99,16 | 99,76 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,1544

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tveir ofbeldismenn dæmdir í fjögurra og tveggja ára fangelsi:

# Klippti fingur af með greinaklippu

**DÓMSMÁL** Steindór Hreinn Veigarsson, maður á þrítugsaldri, hefur verið dæmdur í fjögurra ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir hrottafengnar líkamsárásir. Kristján Halldór Jensson, sem einnig er á þrítugsaldri, var dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir sömu sakir. Héraðsdómur Norðurlands eystra kvað upp dóminn.

Þessir tveir ofbeldismenn réðust meðal annars á mann á Akureyri. Kristján Halldór sló hann með hafnaboltakylfu í höfuðið og lét síðan spörkin dynja á honum. Steindór Hreinn klippti síðan litla fingur vinstri handar mannsins af við miðkjúku, með greinaklippum.



**AKUREYRI** Flest ofbeldisverkanna voru unnin þar.

Steindór Hreinn réðst einnig á konu sem ók leigubíl í mars á síðasta ári og barði hana síendurtekið í höfuðið.

Í maí ruddust Kristján Halldór og Steindór Hreinn, ásamt þriðja manni, inn til manns á Akureyri. Hinn síðarnefndi barði manninn í höfuðið svo hann þríbrotnaði í andliti. Klukkustund síðar ruddust hinir sömu inn í aðra íbúð og brutu þrjú andlitsbein í húsráðanda. Steindór Hreinn var dæmdur fyrir tvær líkamsárásir til viðbótar ofangreindum. Hann og Kristján Halldór voru dæmdir til að greiða fórnarlömbunum samtals um tvær milljónir króna í miskabætur. Þá voru tvímenningarnir dæmdir til að greiða sakarkostnað. Þeir eiga báðir langan sakaferil að baki. **- jss**

Kennurum refsað í Japan:

# Taldir hafa vanvirt þjóðsöng

**JAPAN, AP** Menntamálayfirvöld í Tókýóborg hafa refsað 35 kennurum fyrir að standa ekki upp til að heiðra þjóðsönginn við nýlega afstaðnar útskriftarathafnir.

Þrír kennaranna 35 voru reknir í hálft ár úr starfi, 12 voru hýrudregnir og aðrir 20 hlutu formlega áminningu, að því er Kyodo-fréttastofan greindi frá. Frá því að þjóðernissinninn Shintaro Ishihara varð fylkisstjóri í Tókýó árið 2003 hafa yfirvöld skyldað kennara til að votta þjóðsöngnum og -fánanum virðingu sína við skólaathafnir.

Gagnrýnendur segja þjóðsönginn vera tákn um hernaðarhyggju fortíðarinnar í Japan. **- aa**

Þriðja kynslóð farsíma:

# Símanum veitt tíðniheimild

**SAMSKIPTI** Síminn hefur fengið tíðniheimild fyrir þriðju kynslóð farsíma. Póst- og fjarskiptastofnun veitti fyrirtækinu heimildina í gær, sem leyfir notkun á tíðnisviði til uppbyggingar og reksturs þriðju kynslóðar farsímakerfis.

Í fréttatilkynningu frá Símanum segir að Brynjólfur Bjarnason forstjóri sé afar ánægður með niðurstöðuna. Spennandi tímar séu framundan fyrir Símann og viðskiptavini hans.

Búast má við að Vodafone og Nova, hin fyrirtækin sem uppfylltu skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar til uppbyggingar kerfisins, fái sín leyfi á næstunni. **- sþs**



**HÓTEL SAGA** Meint nauðgun átti sér stað á kvennasalerni hótelsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Meintur nauðgari í haldi:

# Gæsluvarðhald framlengt

**LÖGREGLUMÁL Átján ára piltur hefur verið dæmdur í gæsluvarðhald til 1. júní en hann er grunaður um að hafa nauðgað ungri konu á kvennasalerni Hótel Sögu aðfaranótt 17. mars. Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms.**

**Í greinargerð lögreglu, þar sem farið er fram á að pilturinn verði í gæsluvarðhaldi til 1. júní, kemur fram að rætt hafi verið við nokkur vitni og styrki vitnisburður þeirra framburð ungu konunnar.**

**Einnig kemur fram að áverkarnir sem unga konan beri með sér „samrýmist kynferðismökum án samþykkis“. - mh**



**TÖLVURNAR HORFNAR** Grétar Jóhannsson, starfsmaður fyrirtækisins Rafvirkni, skoðar ummerki eftir innbrotið. Þremur fartölvum var stolið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GLERIÐ BROTIÐ** Smiðurinn Bjartur var sendur af tryggingafélaginu VÍS til þess að laga skemmdir eftir innbrotið í Rafvirkni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fartölvurnar horfnar

**Á síðustu dögum hefur verið brotist inn í fimm fyrirtæki við Akralind í Kópavogi. Íbúar í hverfinu tala um innbrotahrinu en lögreglan segir að innbrotum hafi ekki fjölgað. Innbrotsþjófarnir eru ófundnir.**

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta var hræðileg aðkoma,“ segir Magnús J. Magnússon, eigandi fyrirtækisins Rafvirkni við Akralind í Kópavogi. Þegar Magnús mætti til vinnu í gær sá hann að brotist hafði verið inn í fyrirtækið um nóttina. „Hurðin hafði verið brotin upp og hér var allt úti um allt. Allar skúffur höfðu verið opnaðar og við sáum strax að ýmislegt hafði verið tekið,“ segir Magnús. Þjófarnir höfðu á brott með sér þrjár fartölvur, eina borðtölvu, fimm flatskjái og stórt 42 tommu flatskjásjónvarp. „Þeir skildu sem betur fer bókhaldstölvuna okkar eftir. Ætli þeim hafi ekki þótt hún of gömul,“ segir Magnús.

Innbrotið í Akralindinni er sérstakt fyrir þær sakir að fyrir rúmri viku síðan var brotist inn í húsið á móti, við Akralind 8, og farið þar inn í fjögur fyrirtæki, þar á meðal heildverslunina Tarra. Hilmar Guðbjörnsson er meðeigandi heildverslunarinnar, hann segir að þjófarnir hafi farið inn um glugga og komist þannig inn á gang og þaðan inn í fjögur fyrirtæki.

„Það var tiltölulega litlu stolið frá okkur en þjófarnir tóku tölvuskjái og peninga. Ég hef það svona á tilfinningunni að þeir hafi ekki haft mikið skyn fyrir verðmætum því hér voru ýmsir dýrir munir látnir í friði,“ segir Hilmar.

Í innbrotinu í Akralind 8 fundu þjófarnir bíllykla og stálu fyrirtækjabíl sem stóð fyrir utan húsið. Bíllinn fannst skömmu síðar yfirgefinn uppi í Heiðmörk á svipuðum slóðum og húsbíll sem stolið var frá fyrirtækinu Víkurverk í Kópavogi fyrr í mánuðinum. Í því innbroti var farið inn í fyrirtæki í Víkurhvarfi í Kópavogi og þaðan stolið fjörutíu flatskjám, tveimur tölvum og fyrrnefndum húsbíl.

Ómar Smári Árnason, aðstoðaryfirlögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir að innbrotum í Kópavogi hafi ekki fjölgað. Verið sé að rannsaka umrædd innbrot og ekki sé vitað hvort sömu menn tengist þeim á einhvern hátt. „Þetta kemur í törnum og stundum eru menn virkir á ákveðnum svæðum, það er því ekki óþekkt að brotist sé inn í fleiri en eitt fyrirtæki í sömu götunni,“ segir Ómar.

thorgunnur@frettabladid.is

Diego Maradona á sjúkrahúsi:

# Ræður ekki við mat og drykk

**KÓLUMBÍA, AP Fótboltahetjan Diego Maradona var flutt með sjúkrabíl á bráðamóttöku sjúkrahúss á fimmtudaginn. Ástæða innlagnarinnar var sögð „ofát og alkóhólismi“.**

**Maradona fór í magaminnkun í mars 2005. Skurðlæknir hans lagði hart að fótboltamanninum að sækja eftirmeðferð. Maradona lét hins vegar aldrei sjá sig aftur.**

**Upp á síðkastið hefur Maradona sést á næturklúbbum í Búenos Aíres í heimalandi sínu Argentínu og þótt í nokkuð miklum holdum.**

**Einkalæknir Maradona sagði vandamálið ótengt kókaínneyslu. - kóp**



**GUDDULAUG** Áfram á vatnsverndarsvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

Ný byggð í Laxnesi ólíkleg:

# Vatnsverndin ekki afnumin

**SKIPULAGSMÁL** Ósk um breytingu á svæðis- og aðalskipulagi í Laxnesi II hlaut ekki undirtektir í skipulags- og byggingarnefnd Mosfellsbæjar. Laxnesbúið ehf. sem er að meirihluta í eigu Nýsis ehf. vildi að aflétt yrði vatnsvernd af um 24 hektara spildu umhverfis vatnsbólið Guddulaug. Nýsir vill skipuleggja íbúðabyggð á um 120 hektara svæði við Laxnes. Landið er nú ætlað til landbúnaðarnota. Eftir að hafa frestað afgreiðslu málsins milli funda sag ðist skipulagsnefndin vera neikvæð fyrir breytingum á skipulagi svæðisins. Bæjarstjórn á enn eftir að taka afstöðu í málinu. **- gar**






## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Rok og rigning í dag**

Svo virðist sem veðrakerfin séu farin að ilma af vori. Hlýtt og blautt. Við fáum reyndar hávaðarok í kaupbæti í dag en á morgun lægir töluvert um allt land.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hvassviðri með mikilli rigningu framan af degi. Lægir og dregur úr úrkomu seinnipartinn.

um hádegi »



» sunnudagur



Sunnanáttir, 8-12, hvassast norðvestan til.

» mánudagur



Sunnan 8-12 vestanlands en hægari annars staðar.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13°C heiðskýrt | London | 14°C hálfskýjað | Eindhoven | 14°C hálfskýjað |
| Billund | 13°C hálfskýjað | París | 10°C skúrir | Basel | 10°C hálfskýjað |
| Osló | 12°C alskýjað | Frankfurt | 15°C skúrir | Alicante | 19°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 8 °C hálfskýjað | Friedrichshafen | 13°C skúrir | Róm | 14°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 9°C heiðskýrt | Berlín | 26°C hálfskýjað | Las Palmas | 21°C heiðskýrt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


VILTU VINNA FLUGEGG?
Komdu í Smáralind og taktu þátt í skemmtilegum páskaleik Smáralindar, Nóa Síríusar og Icelandair. Það eina sem þú þarft að gera er að festa kassakvittun frá verslun eða þjónustuaðila í Smáralind við þáttökuseðil og skila í kassann við þjónustuborðið. Þú gætir unnið Flugegg, tvo miða til Evrópu með Icelandair, rafrænt gjafakort eða eitt af 80 páskaeggjum frá Nóa Síríusi.
NÓI SÍRÍUS
ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS
ALLT FYRIR
FERMINGUNA
Í SMÁRALIND
ENNEMM / SÍA / NM27049
Smáralind
Gjafakort
VELDU TÖFF RAFRÆNT GJAFAKORT FYRIR FERMINGARBARNIÐ
Stundum getur verið vandasamt að velja réttu gjöfina handa fermingarbarninu. Gjafakort Smáralindar er alltaf góð lausn því þá getur unglingurinn sjálfur valið það sem hann langar í. Þú færð kortið ásamt flottum gjafakassa á þjónustuborði Smáralindar.
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú sammála hugmyndum dómsmálaráðherra um varalið lögreglunnar?*

| | |
|---|---|
| Já | 50% |
| Nei | 50% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að tannlæknar eigi að fá að auglýsa þjónustu sína?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Skyri slett á unga mótmælendur í Hafnarfirði:

# Mótmæltu stækkun

**MÓTMÆLI** „Okkur fannst við verða að mótmæla. Við erum framtíð bæjarins og samt spyr enginn hvað okkur finnst,“ segir Margrét Björnsdóttir, nemandi í Setbergsskóla í Hafnarfirði, sem stóð ásamt fleirum fyrir mótmælafundi unglinga á Thorsplaninu í Hafnarfirði í gær.

Á fundinum mótmæltu unglingarnir stækkun álversins í Straumsvík, fluttu ræður og hlýddu á tónlistaratriði. Margrét segir að margir krakkar hafi miklar skoðanir á þessum málum og séu óánægðir með að fá ekki að kjósa. Ekki voru þó allir sammála Margréti og andstæðingar hennar slettu á hana skyri eftir að hún hafði haldið ræðu á fundinum.

Fjölmargir unglingar mættu á útifundinn og gátu foreldrar hringt í skólana og beðið um frí fyrir börn sín vegna fundarins. Móðir barns í Ölduselsskóla hafði samband við Fréttablaðið og sagði óviðunandi að skólastarfið væri truflað með þessum hætti.

Þá var haft samband við lögregluna vegna samkomunnar enda hafði ekki fengist tilskilið leyfi fyrir útifundinum. Þegar lögregla kom á vettvang var samkomunni lokið svo ekki kom til þess að fundurinn væri leystur upp. **- þo**




**UNGLINGAR MÓTMÆLA** Margrét Björnsdóttir fékk eins og fleiri nemendur frí til að mótmæla í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**UM KOSNINGUNA**

■ Hinn 31. janúar síðastliðinn var ákveðið að boða til almennrar atkvæðagreiðslu meðal kjósenda í Hafnarfirði um fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu sem felur í sér stækkað álver í Straumsvík.

■ Niðurstaða kosningarinnar er bindandi og mun ráða því hvort fyrirliggjandi deiliskipulagstillaga verður sett í auglýsingu samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

■ Kjörstaðir eru í Áslandsskóla, íþróttahúsinu við Strandgötu og Víðistaðaskóla.

■ Formaður kjörstjórnar er Jóna Ósk Guðjónsdóttir en aðrir fulltrúar í stjórn eru Þórður Sveinsson og Þórdís Bjarnadóttir. Kjörstjórn hefur aðsetur í Íþróttahúsinu við Strandgötu.









**STÆKKAÐ ÁLVER** Íbúar í Hafnarfirði kjósa í dag um hvort álverið í Straumsvík verður stækkað. Samtals eru 16.648 á kjörskrá en kjörfundur hefst klukkan tíu og lokar um sjö að kvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/TÖLVUTEIKNUN

# Stækkunin í höndum Hafnfirðinga

**Kosið verður í dag um stækkun álversins í Straumsvík. Tæplega sautján þúsund manns eru á kjörskrá en Hafnfirðingar einir hafa kosningarétt. Andstæðingar og fylgjendur stækkunar eru sammála um að mjótt verði á munum í kosningunum.**

**KOSNINGAR** Íbúar í Hafnarfirði greiða í dag atkvæði um deiliskipulagstillögu meirihluta bæjarstjórnar í Hafnarfirði en hún felur meðal annars í sér stækkun álvers Alcan í Straumsvík.

Háværar deilur hafa verið í Hafnarfirði undanfarnar vikur en samtökin Sól í Straumi, sem berjast gegn stækkun, og Hagur Hafnarfjarðar, sem berst fyrir stækkun, hafa reynt hvað þau geta til þess að vera hófstillt í málflutningi sínum og einblína á röksemdir með og á móti. „Það er ómögulegt að segja hvernig þetta fer en ég reikna með því að það verði mjótt á munum. Við erum bjartsýn hér,“ sagði Pétur Óskarsson, einn forsvarsmanna Sólar í Straumi, í gær.

Ingi B. Rútsson, forsvarsmaður Hags Hafnarfjarðar, hefur einnig þá trú að mjótt verði á munum. „Bærinn skiptist nokkuð jafnt í fylgjendur stækkunar og andstæðinga en ég vona að skynsemin fái að ráða og stækkun verði heimiluð. Ég treysti Hafnfirðingum.“

Umhverfisstofnun gaf út starfsleyfi í nóvember 2005 fyrir stækkuðu álveri en með því var heimiluð framleiðsla á allt að 460 þúsund tonnum af áli. Hún er núna að hámarki 180 þúsund tonn.

Áætlað er að heildarkostnaður við stækkunina nemi um 80 milljörðum og framleiðsla geti hafist í stækkuðu álveri á haustmánuðum 2010.



**INGI B. RÚTSSON**



**PÉTUR ÓSKARSSON**



**HRANNAR PÉTURSSON**

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, vonast til þess að niðurstaðan í kosningunum verði til þess að sátt skapist í bænum. „Auðvitað vonum við að niðurstaðan í kosningunum verði okkur hliðholl en vonandi getur skapast sátt um niðurstöðuna, hver sem hún verður. En það er mikið í húfi fyrir okkur og við vonum það besta.

Starfsmenn Alcan og fylgjendur stækkunarinnar verða með eins konar „kosningarvöku“ á neðri hæð Hafnarborgar en andstæðingar stækkunar verða á Hótel Viking við Fjörukrána.

**magnush@frettabladid.is**




Yfir þúsund manns höfðu kosið utankjörfundar:

# Spá góðri þátttöku

**KOSNINGAR** Alls höfðu 1.195 Hafnfirðingar kosið í utankjörfundaratkvæðagreiðslu þegar kjörstað var lokað í gær.

Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi hjá Hafnarfjarðarbæ, segir að þessi fjöldi gefi vísbendingu um að kosningaþátttaka í dag verði góð. „Í alþingis- og sveitarstjórnarkosningum er algengt að um 1.200 manns kjósi utankjörfundar svo við megum eiga von á að kosningaþátttaka verði sambærileg við það,“ segir Steinunn en 16.648 eru á kjörskrá í Hafnarfirði.

„Ég kaus með stækkun,“ sagði Helgi Jóhannsson sem var einn þeirra sem kusu í gær. Hann sagðist kjósa með stækkun því hann vildi framþróun og atvinnumöguleika í bænum. Sandra María Guðmundsdóttir var á öndverðum meiði og kaus gegn stækkun. „Mér finnst stærra álver ekki vera hagur Hafnarfjarðar,“ sagði Sandra.

Kjörfundur hefst klukkan 10 í dag og stendur til 19. Kosið er í Áslandsskóla, Íþróttahúsinu við Strandgötu og Víðistaðaskóla. **- þo**



**KOSIÐ UTANKJÖRFUNDAR** Fjölmargir lögðu leið sína í Ráðhús Hafnarfjarðar í gær. Alls kusu 1.195 manns utankjörfundar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Er kominn tími fyrir nýtt grill?

*Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á stórhöfuðborgarsvæðinu og á Akureyri*



BBQ MASTER

**VISA Lán**
meðalgreiðsla á mán.
aðeins
**5.748** kr
á mán. í 12 mánuði
Verð nú 59.990,-
Verð áður 69.990,-

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBOGANIR

## BBQ Master 2301

- Brennari: 4 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver
- Heildargeta: 15kwh/52.000BTU (3,5kwh/12.000BTU hliðarhella)
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari út steyptu brassi
- Grindur: Eldunargrindur úr gegnheilu pottjárni
- Grillflötur: 68 x 42 cm, hitaplata 30 x 42 cm
- Efri grind: 68 x 14 cm
- Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir
- Rotisserie grillteinn
- Elektrónísk kveikja
- Útdraganlegt hliðarborð
- Skápur með hurðum
- Breidd: 152 cm. Dýpt: 60 cm
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir



BBQ MASTER

**VISA Lán**
meðalgreiðsla á mán.
aðeins
**4.815** kr
á mán. í 12 mánuði
Fullt verð 49.900,-

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

## BBQ Master 2300

- Brennari: 3 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver
- Heildargeta: 9kwh/30.000BTU
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Grindur: Eldunargrindur úr gegnheilu pottjárni
- Grillflötur: 55 x 43 cm, hitaplata 55 x 19 cm
- Efri grind: 55 x 13 cm
- Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir
- Rotisserie grillteinn
- Elektrónísk kveikja
- Útdraganleg hliðarborð
- Breidd: 149 cm. Dýpt: 60 cm
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

# Úrval af Sterling, Broil King og Grandhall grillum



KAUPAUKI
Hreinsisett

**VISA Lán**
meðalgreiðsla á mán.
aðeins
**7.374** kr
á mán. í 36 mánuði
Fullt verð 199.900,-

## Grandhall Professional 584

- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli 17,5 kWh (59.000BTU)
- Bakbrennari með sér stillingu 3,5 kWh (13.000BTU)
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi 4,5 kWh (15.000BTU)
- Heildargeta: 25,5kWh (87.000 BTU)
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Hitaplata úr pottjárni
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Hitamælir
- Elektrónísk kveikja
- Tvöfaldur skápur með hurðum
- Mót fyrir gaskút í skáp (heldur gaskút stöðugum)
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla
- Breidd: 207 cm, dýpt: 66 cm, hæð: 122 cm

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



**VISA Lán**
meðalgreiðsla á mán.
aðeins
**5.567** kr
á mán. í 36 mánuði
Fullt verð 149.900,-

## Grandhall Freedom 326S

- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli 17,8 kwh (61.000BTU)
- Bakbrennari með sér stillingu 4,2 kwh (14.000BTU)
- Heildargeta 22kwh (75.000BTU)
- HItaplata úr pottjárni
- Hitamælir
- Eldtemjarar
- Elektrónísk kveikja
- Tvöfaldur skápur með mót fyrir gaskút
- Hægt að taka hliðarborð af
- Breidd: 163 sm, dýpt: 66 sm, hæð: 122 sm

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



**VISA Lán**
meðalgreiðsla á mán.
aðeins
**3.760** kr
á mán. í 36 mánuði
Fullt verð 99.900,-

## Grandhall Premium 327

- Hitamælir í loki
- Slá fyrir viskustykki
- Hitaplata úr pottjárni
- Elektrónísk kveikja
- Mót fyrir gaskút í skáp, heldur gaskútnum stöðugum
- Stál með háglansandi grafítáferð
- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5kWh (15.000BTU)
- Heildargeta 22kWh (75.000 BTU)
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr pottjárni
- Breidd: 169 cm, dýpt: 66 cm, hæð: 122 cm

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Tollstjórinn í Reykjavík um sölu á bátum sem ekki höfðu gæðavottun:

# Myndum aldrei gera þetta

**INNFLUTNINGUR** Forsvarsmenn Tollstjórans í Reykjavík segjast ekki vita til þess að farartæki sem stöðvuð hafa verið í tollinum vegna skorts á gæðavottunum hafi verið seld á markað. „Ég veit ekki til þess að þetta hafi gerst áður. Við höfum alltaf farið varlega í það að bjóða upp vörur sem stöðvaðar hafa verið hér. Til dæmis myndum við aldrei setja leyfisskyldan varning á uppboð ef leyfi væru ekki fyrir hendi," segir Karen Bragadóttir, framkvæmdastjóri tollasviðs Tollstjórans í Reykjavík.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær seldi Tollurinn í Hafnarfirði, sem fram að áramótum heyrði undir sýslumanninn í Hafnarfirði, þrjá skemmtibáta á uppboði í október í fyrra sem höfðu verið stöðvaðir í tollinum þar sem þeir voru ekki með gæðavottun, svokallaða CE-vottun. Siglingastofnun gerði athugasemdir við söluna þar sem skýrt er kveðið á um það í lögum að sala á farartækjum sem ekki hafa tilskilin leyfi er bönnuð með lögum. Bíla- og vélasalan Geisli í Borgarnesi keypti tvo af bátunum.



**TOLLURINN Í REYKJAVÍK** Ekki er vitað til þess að þetta hafi gerst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tollurinn í Hafnarfirði hafði ekki samráð við eigendur bátanna þegar þeir voru boðnir upp en sendi þeim tilkynningu um uppboðið. **- mh**

Lögreglan hljóp uppi mann sem gekk berserksgang á Miklubrautinni:

# Réðst á aldraðan mann

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður um þrítugt gekk berserksgang á Miklubrautinni í gær og réðst á áttræðan karlmann að tilefnislausu.

Að sögn lögreglu var maðurinn að brjótast inn í hús þegar gamli maðurinn varð á vegi hans. Hann réðst á manninn og lagði á flótta hlaupandi þegar nágrannar hringdu á lögregluna.

Lögreglumenn eltu manninn uppi og náðu honum við gatnamót Lönguhlíðar og Miklubrautar. Hann lét öllum illum látum svo nota þurfti piparúða til þess að koma honum í járn.

Gamli maðurinn var fluttur á slysadeild en meiðsli hans voru ekki alvarleg. Árásarmaðurinn þurfti einnig að koma við á slysadeildinni og láta hreinsa piparúðann úr augum sínum áður en farið var með hann á lögreglustöðina.

Ekki var hægt að yfirheyra manninn í gær þar sem hann var í afar annarlegu ástandi. **- þo**



**ELTUR UPPI** Maðurinn barðist um á hæl og hnakka meðan lögreglumenn komu honum í járn. Hann var í annarlegu ástandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


„... svo takk fyrir mig!"

**Ummæli fólks sem lent hefur í tjóni segja mest um þjónustu tryggingafélaga.**

„... og ég get barasta sagt að ég var alveg ofsalega ánægð með þjónustuna sem ég fékk, mjög elskulegt viðmót og ekki yfir neinu að kvarta. Svo takk fyrir mig!"

Með bestu kveðju, Ásdís Jónsdóttir

**Ánægjuvog tryggingafélaga 2006**




Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni eru viðskiptavinir TM þeir ánægðustu af viðskiptavinum tryggingafélaga.

TM Ánægja



ÍSLENSKA SIA.IS TMI 36764 03/07

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is







# Kæru Hafnfirðingar



Í aðdraganda kosninganna um framtíð álversins í Straumsvík höfum við kappkostað að kynna röksemdir okkar með málefnalegum hætti. Við höfum bent á mikilvægi þess að stækka verksmiðjuna til þess að tryggja samkeppnishæfni hennar. Við höfum sýnt fram á það með óyggjandi rökum að mengun frá álverinu er óravegu frá þeim mörkum sem ógna heilsu fólks. Við höfum sýnt fram á það að heildartekjur bæjarfélagsins af starfsemi stækkaðs álvers verða á hverju ári um einn og hálfur milljarður króna. Við höfum dregið upp mynd af ásýnd álversins eftir stækkun og færslu Reykjanesbrautarinnar og við höfum beint athygli að þeim miklu verðmætum sem felast í reynslu og þekkingu um 450 starfsmanna sem að meðaltali hafa unnið að álframleiðslu í 15 ár.

Flestum þykir líklegt að endurnýjanlegir orkugjafar okkar Íslendinga verði að hluta til nýttir til áframhaldandi uppbyggingar áliðnaðar í landinu. Val Hafnfirðinga snýst um hvort rekstur álvers verði áfram innan bæjarfélagsins eða hvort byggt verður frá grunni annars staðar á landinu. Í þeim efnum eru miklir fjármunir í húfi. Þess vegna biðjum við íbúa í Hafnarfirði um að taka vel ígrundaða afstöðu þegar þeir ákvarða um örlög álversins í Straumsvík.

Með bestu kveðju og von um góða þátttöku í kosningunum í dag,

Rannveig Rist
forstjóri Alcan á Íslandi

straumsvik.is

ALCAN BETRA ÁLVER

# Byrjaðu ferðina heima,
## - og bókaðu bílinn strax!



Ef þú bókar fyrir 1. maí færðu 1.000 Vildarpunkta

Ef þú bókar bílaleigubílinn heima á Íslandi bíður hann þín á áfangastað. Hver leiga færir þér **500 Vildarpunkta** að auki. Bókaðu bílinn núna í 522 44 00 og tryggðu þér meira öryggi og betri þjónustu á ferðum þínum erlendis hvert sem leið þín liggur.

Safnaðu Vildarpunktum

Hertz

522 44 00 • www.hertz.is

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 36919 04/07


Átökin í Sómalíu:

## Harðir bardagar í Mogadisjú

**SÓMALÍA, AP** Uppreisnarmenn í Mogadisjú, höfuðborg Sómalíu, skutu í gær niður herþyrlu í verstu átökunum í borginni síðan herskáir íslamistar voru hraktir þaðan í byrjun ársins.

Tugir manna hafa fallið í átökunum undanfarna sólarhringa, en þar eigast við uppreisnarmenn úr herbúðum manna sem studdu yfirráð íslamista, og hermenn bráðabirgðastjórnar landsins og bandamenn þeirra úr her grannlandsins Eþíópíu.

Samkvæmt yfirlýsingu frá Alþjóða Rauða krossinum eru þessi átök þau verstu í borginni í 15 ár.

**- aa**



**REYKUR YFIR MOGADISJÚ** Þyrla var skotin niður í gær. NORDICPHOTOS/AFP



**ICELANDAIR** Fyrirtækið var sektað um 190 milljónir fyrir að misnota markaðsráðandi stöðu sína til að veikja stöðu Iceland Express á flugleiðum til London og Kaupmannahafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Íhuga að fara í einkamál

**Samkeppniseftirlitið hefur sektað Icelandair um 190 milljónir fyrir brot á samkeppnislögum. Iceland Express íhugar að fara í einkamál við félagið. Forstjóri Icelandair segir úrskurðinn fáránlegan.**

**SAMKEPPNISMÁL** „Við teljum þennan úrskurð algerlega fáránlegan og mótmælum honum mjög harkalega,“ segir Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, um nýjan úrskurð Samkeppniseftirlitsins.

Icelandair var í gær sektað um 190 milljónir króna fyrir að misnota markaðsráðandi stöðu sína í þeim tilgangi að veikja stöðu Iceland Express þegar síðarnefnda félagið hafði nýlega hafið starfsemi. Með því var Icelandair gefið að hafa raskað samkeppni á „þjóðhagslega mjög mikilvægum markaði hér á landi.“

Brotið sem um ræðir átti sér stað á árinu 2004. Þá bauð Icelandair svokallaða „Netsmelli“ til Kaupmannahafnar og London, en það voru á þeim tíma einu áfangastaðir Iceland Express. Netsmellirnir kostuðu þá 16.900 krónur og komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að Icelandair hefði notað hagnað af sölu á hærri fargjöldum til að niðurgreiða þau fargjöld sem seld voru í samkeppni við Iceland Express.

Iceland Express hóf samkeppni við Icelandair á þessum tveimur flugleiðum snemma árs 2003. Í kjölfarið hóf Icelandair að bjóða upp á svokallaða „Vorsmelli“ á þessum tveimur flugleiðum og seldi þá á 14.900 krónur. Iceland Express kvartaði yfir Icelandair til samkeppnisyfirvalda sem úrskurðuðu í kjölfarið að tilboðin hefðu verið boðin til að koma í veg fyrir að Iceland Express næði fótfestu á íslenskum markaði. Samkeppnisráð og áfrýjunarnefnd komust þá að sömu niðurstöðu.

Matthías Imsland, framkvæmdastjóri Iceland Express, sagði niðurstöðuna ekki koma sér á óvart og taldi réttlætinu fullnægt. Hann útilokaði ekki að félagið myndi höfða einkamál á hendur Icelandair vegna brotanna. „Við komum til með að setjast yfir það með lögmönnum okkar eftir helgi og skoða hvort að við munum höfða einkamál. Við útilokum það allavega ekki.“



**JÓN KARL ÓLAFSSON**



**MATTHÍAS IMSLAND**

Icelandair hefur þegar tilkynnt að úrskurðurinn verði kærður til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Jón Karl telur Samkeppniseftirlitið fara gegn fyrri úrskurði sínum með þessari niðurstöðu.

„Það er búið að fara með þessi mál fyrir Samkeppniseftirlitið og áfrýjunardóm áður og þar sagt að þessir netsmellir hefðu ekki verið ólöglegir. Síðan fer eftirlitið aftur af stað með sama mál. Það er sérstaklega slæmt að ekki sé hægt að treysta fyrri niðurstöðum. Það hlýtur að vera grundvallarkrafa til svona löggjafarvalds eins og þessa að fyrirtæki geti hagað sér í samræmi við úrskurði þess. En það er greinilega ekki raunin hjá Samkeppniseftirlitinu,“ segir Jón Karl.

thordur@frettabladid.is


120 1886 2006

# SÖGUSÝNING
## Landsbankinn
## 120 ára



### Dagskrá helgarinnar

Sögusýningin spannar 120 ára sögu bankans og þjóðarinnar og er skemmtileg upplifun fyrir alla fjölskylduna.

Á Sögusýningu Landsbankans er margt markvert að sjá og skoða, ekki aðeins úr bankasögunni heldur eru dregnar upp myndir úr þjóðlífi fyrri tíðar enda saga bankans og þjóðarinnar samtvinnuð á ýmsan hátt.

**Í dag, laugardag, kl. 15:00**
Leiksýningin *Brot úr sögu banka*, leikdagskrá í léttum dúr þar sem rakin er saga Landsbankans í tónum og tali.

**Laugardag og sunnudag:**
Sveinbjörn Guðbjarnarson verður á staðnum, leiðbeinir gestum og svarar spurningum.

**Sögusýning Landsbankans**
**Aðalstræti 6 (húsnæði TM)**
**Sími: 410 4300**
**Opið virka daga kl. 11:00–17:00**
**og um helgar kl. 13:00–17:00**
**Enginn aðgangseyrir**

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 36944 03/07

Tæplega tvítugur maður:

## Gekk í skrokk á tveim konum

**DÓMSMÁL Tæplega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir að ráðast á tvær konur á veitingastað.**

**Atvikið átti sér stað í maí á síðasta ári. Maðurinn réðst á konu sem var við störf á veitingastaðnum. Hann greip í upphandlegg hennar og felldi hana þannig á bakið í gólfið. Samstarfskona hennar hugðist koma henni til aðstoðar, en maðurinn greip þá í hana og sparkaði í hana.**

**Konurnar hlutu nokkra áverka og eymsli við líkamsárásina. Þess er krafist að árásarmaðurinn verði dæmdur til refsingar.** - jss

Hörð viðbrögð framkvæmdastjóra ASÍ og Samtaka atvinnulífsins við efnahagsspá Seðlabankans Íslands:

# Launafólk mun ekki eitt bera byrðarnar

**EFNAHAGSMÁL** Hörð gagnrýni er á efnahagsspá Seðlabankans. Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir bankann gefa stjórnvöldum endanlega falleinkunn. Seðlabankinn telji sex þúsund missa vinnuna og samdráttur verði upp á sextán prósent á næstunni. Ef stjórnvöld bregðist við þá boði bankinn harðari og meiri vaxtahækkanir.

„Svona aðgerð bitnar mest á launafólki. Ef menn halda að launafólk beri byrðarnar eitt þá er það misskilningur. ASÍ mun ekki standa að neinu samkomulagi um að sex þúsund manns verði sagt upp vinnunni," segir Gylfi.



**KRISTJÁN GUNNARSSON** „Fólk vill brattar launahækkanir á stuttum tíma."



**GYLFI ARNBJÖRNSSON** „Svona aðgerð bitnar mest á launafólki."



**VILHJÁLMUR EGILSSON** „Staðan ekki eins slæm og Seðlabankinn segir."

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, SA, telur Seðlabankann svartsýnan á hagvaxtarhorfurnar og beinlínis vinna á röngum grunni.

„Staðan í efnahagslífinu er hvergi nærri eins slæm og bankinn segir," segir hann, kveðst gera úttekt á stöðunni og ætla að beita sér í málinu.

Þetta verði að leiðrétta því að það geti haft neikvæð áhrif hjá matsfyrirtækjunum erlendis, sérstaklega þar sem eignir Íslendinga erlendis séu vanmetnar.

Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, er nýkominn úr ferðalagi um landið. Hann segir sterkar væntingar um launahækkanir þegar samningar verða lausir í haust. „Fólk vill brattar launahækkanir á stuttum tíma." - ghs

Fasteignir fyrir austan:

## Fjör hlaupið í markaðinn

**AUSTURLAND** Fasteignamarkaðurinn á Austurlandi hefur tekið kipp eftir rólega tíð í svartasta skammdeginu. Hilmar Gunnlaugsson, fasteignasali á Egilsstöðum, segir að fjör hafi hlaupið í markaðinn fyrir nokkrum vikum og sala sé góð á öllum stöðum. „Markaðurinn er mjög líflegur," segir hann.

Uppboð hefur verið auglýst á nítján eignum á Egilsstöðum og Seyðisfirði. Ævar Dungal, fasteignasali hjá Domus, segir að ekkert sé að marka það. Annars vegar sé um að ræða íbúðir í blokk leigufélags. Það uppboð hafi verið afturkallað. Þá tengist fimm eignir gjaldþroti Trésmiðju Fljótsdalshéraðs.

„Salan er jöfn og þétt. Maður finnur ekki fyrir neinu hiksti," segir hann. - ghs



**ÓEIRÐIR** Einn lögreglumaður særðist alvarlega í átökunum. NORDICPHOTOS/AFP

Yfir 800 voru handteknir:

## Óeirðir brutust út í Chile

**CHILE, AP Að minnsta kosti 32 chileskir lögreglumenn slösuðust og 819 manns voru handteknir í óeirðum í höfuðborg landsins, Santiago, og nokkrum öðrum borgum.**

**Óeirðirnar brutust út á fimmtudagsmorgun í kjölfar mótmæla námsmanna í tilefni af „Degi hinna ungu vígamanna" þegar chileskir vinstrimenn minnast tveggja ungra bræðra sem lögregla myrti árið 1985.**

**Mótmælendur settu upp logandi vegatálma og voru sumir hverjir vopnaðir. Einhverjir létu greipar sópa í verslunum.**

**Einn lögreglumaður var sagður alvarlega særður eftir að hafa verið skotinn þegar hann reyndi að hindra mótmælendur í að ræna stórmarkað.** - sdg

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Stálu tveimur tölvum**

Bíræfnir þjófar stálu tveimur tölvum úr verslun BT á Akranesi á fimmtudag. Mennirnir tveir voru gómaðir þar sem þeir reyndu að ganga út úr versluninni með tölvurnar og var lögregla kölluð á staðinn. Mennirnir voru handteknir.

### FERÐAÞJÓNUSTA

**Jón Karl endurkjörinn**

Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, var endurkjörinn formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, SAF, á aðalfundi SAF á Akureyri á þriðjudag. Miklar umræður urðu um ímynd og orðspor Íslands og með hvaða hætti mætti stilla saman strengi í landkynningarmálum.

SIMPLY CLEVER

SKODA AUTO

AFL OG HAGKVÆMNI SAMEINAST

TÆKNIUNDRIÐ TDI® DÍSILVÉLIN EYÐIR AÐEINS 4,9 LÍTRUM




**Skoda**Octavia

**Skoda** Octavia með 1,9 lítra **TDI®** dísilvél sannar að afl og hagkvæmni getur farið saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

Svo er Octavia **TDI®** einnig fáanleg fjórhjóladrifin og meira en tilbúin í átök vetrarins. Hvort sem hindrunin er háir snjóskaflar eða hátt eldsneytisverð þá ertu í toppmálum á Skoda Octavia **TDI®**.

Í ágúst 2006 tókst Stefáni Ásgrímssyni, ritstjóra FÍB blaðsins, að ná eyðslu bílsins í **3,63 lítra** þegar hann ók rúmlega hringveginn, alls 1.515 km, í áheitaakstri HEKLU fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172–174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# Ekkert land er sagnfræðilegt eyland

HÁSKÓLARANNSÓKNIR

**Verkefnið Nýjar evrópskar sagnfræðirannsóknir miðar að því að breyta viðhorfum vísindamanna og almennings til sögu álfunnar. Um er að ræða eitthvert viðamesta samstarfsverkefni í hugvísindum í Evrópu fram til þessa. Evrópusambandið styrkir rannsóknirnar um nærri 400 milljónir króna á fimm árum. Þátttakendur í rannsóknunum eru alls um 180 frá 31 landi. Það eru Ítalir og Íslendingar sem stýra verkinu.**

Guðmundur Hálfdanarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, er sá sem leiðir þessar rannsóknir af hálfu Íslands en Ann Katherine Isaacs, prófessor í sagnfræði við háskólann í Pisa, af hálfu Ítala.

„Þessi rannsókn kallast CLIOHRES, hún hófst formlega 1. júní 2005 og stendur í fimm ár. Að henni koma 45 háskólar og rannsóknastofnanir í 31 landi Evrópu og Suður-Afríku. Hver skóli eða stofnun tilnefnir fjóra einstaklinga til verksins og er reglan sú að tveir þeirra eru í föstum stöðum og tveir doktorsnemar,“ segir Guðmundur en auk hans vinnur að rannsókninni hérlendis Anna Agnarsdóttir, prófessor í sagnfræði við HÍ, og þau Ólafur Rastrick og Erla Hulda Halldórsdóttir, doktorsnemar í sagnfræði.

### Markmið að breyta viðhorfum

Hugmyndin að baki þessum rannsóknum að sögn Guðmundar var að fá evrópska vísindamenn í ýmsum fræðigreinum til að þróa með sér nýjar aðferðir og leiðir til að rannsaka evrópska fortíð. „Við sjáum þetta sem vettvang fyrir vísindamenn alls staðar að í álfunni til að vinna saman að nokkuð vítt skilgreindum verkefnum sem tengjast sögu álfunnar og markmiðið er að hafa áhrif á og vonandi breyta rannsóknaraðferðum og viðhorfum í Evrópu til fortíðarinnar.“

Guðmundur bendir á að sagan hafi átt mestan þátt í að byggja upp og móta þjóðríki Evrópu, en sagan sé því á vissan hátt lokuð innan landamæra hvers ríkis. „Engu að síður eru fræðimenn iðulega að fjalla um sömu atburði en á mismunandi hátt hver innan sinna landamæra og sjá hlutina hver með sínum hætti. Fræðimenn í stærri ríkjunum líta oft á söguna og túlka hana út frá eigin sjónarhóli en það getur verið gott að kynnast sjónarhóli annarra til að sjá í víðara samhengi og út á það gengur þessi rannsókn að hluta til.“

### Mikill gagnabanki að myndast

Samtals koma um 180 manns víðs vegar í Evrópu að rannsókninni eins og áður segir og er þeim skipt upp í sex hópa, sem hver um sig fjallar um mismunandi svið sagnfræðinnar. „Einn hópurinn rannsakar ríkisvald, lagakerfi og stofnanir, annar völd og menningu, sá þriðji trúar- og heimspekilega þætti, fjórði atvinnu, kyngervi og samfélag, fimmti landamæri og sjálfsmynd og sá sjötti heiminn og Evrópu,“ segir Guðmundur.

Hóparnir hittast hver í sínu lagi tvisvar á ári á eins konar málþingum þar sem menn bera saman bækur sínar, fara yfir gögn og ræða málin. Allir hóparnir hittast svo á sameiginlegu málþingi einu sinni á ári og var það síðast haldið í Reykjavík í desember á síðasta ári. Til að gera alla þessa vinnu skilvirkari og sýnilegri gefur hver rannsóknarhópur út eina bók á ári og auk þess er gefin út ein sameiginleg bók á ári sem tengir allt verkefnið saman. Allar bækurnar eru gefnar út á ensku og eru aðgengilegar á netinu að sögn Guðmundar. „Markmiðið er að þegar verkefninu lýkur formlega hafi það skilað af sér 50-70 bókum. Í þeim bókum sem hafa komið út er þegar orðinn til mikill gagnabanki sem hægt er að nota með ýmsum hætti í háskólakennslu.“



## GUÐMUNDUR HÁLFDÁNARSON SAGNFRÆÐINGUR

Guðmundur Hálfdánarson er fæddur í Reykjavík 1. febrúar 1956. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 1974. Útskrifaðist með B.A.-gráðu í sagnfræði frá Háskóla Íslands með fornleifafræði sem aukagrein (Háskólinn í Lundi) árið 1980. Brautskráðist sem Cand. mag. í sagnfræði frá Háskóla Íslands 1982. Hélt að því loknu til framhaldsnáms í Cornell University í Íþöku í Bandaríkjunum þar sem hann lauk doktorsnámi 1990. Doktorsritgerð hans ber heitið Old Provinces, Modern Nations með undirtitlinum Political Responses to State Integration in Late 19th and Early 20th Century Iceland and Brittany. Í ritgerðinni bar hann saman viðbrögð íbúa á tveimur jaðarsvæðum – Íslandi og Bretagneskaga – við myndun nútíma þjóðríkja.

Guðmundur var nýdoktor við Institute National de la Recherche Agronomique í París á árunum 1990-1991, lektor í sagnfræði við Háskóla Íslands 1991-1993, dósent í sagnfræði við Háskóla Íslands 1993-2000 og prófessor í sagnfræði frá árinu 2000.

Undanfarin ár hefur hann komið að fjölmörgum alþjóðlegum rannsóknarverkefnum í sagnfræði og er nú annar stjórnenda CLIOHRES rannsóknarinnar sem styrkt er af sjöttu rammaáætlun Evrópusambandsins.

### Alþjóðasamstarf mikilvægt

Annað mikilvægt markmið þessara rannsókna að sögn Guðmundar snýr að þátttöku doktorsnemanna í verkefninu. „Við teljum afar mikilvægt fyrir doktorsnema að þeir komist sem fyrst inn í alþjóðlegt rannsóknarumhverfi og venjist því að vinna saman á alþjóðavísu. Það er hreinlega nauðsynlegt fyrir þá upp á framtíðina.“

Guðmundur segir að raunar gildi það sama fyrir kennarana, en aðal akkurinn fyrir Ísland sé samt sá að þetta tengir íslenska vísindasamfélagið við það evrópska. „Með þessu samstarfi fáum við að kynnast því að ekkert land er í sjálfu sér eyland, og áttum okkur betur á því að Íslandssagan er ekki einangrað fyrirbæri heldur hluti af Evrópusögunni og alheimssögunni. Með þessu viljum við líka hafa áhrif á það hvernig menn skrifa söguna og mér finnst mikilvægt að við sýnum fram á að Ísland er hluti af alþjóðlegu kerfi vísindarannsókna og að íslenskir vísindamenn standa fyllilega jafnfætis vísindamönnum annarra þjóða.“

### Sagan ekki náttúruleg þróun

Guðmundur lýsir sögunni sem seigfljótandi fyrirbæri og sagnfræði sé vísindagrein sem lúti öðrum lögmálum en ýmsar aðrar vísindagreinar. „Hún er til dæmis ekki eins og eðlis- og efnafræði þar sem hægt er að gera tilraunir til að sannreyna tilgátur. Í sagnfræði getum við ekki gert tilraunir, við höfum bara þær heimildir sem til eru til að rannsaka.“

Og sem dæmi um þær breytingar sem eru að verða á viðhorfum til sögunnar nefnir hann að tilhneigingin hafi verið sú að líta á að það sem gerðist hafi verið óhjákvæmilegt og útkoman sú eina mögulega. „Nú vitum við hins vegar að heimurinn er alltaf að breytast og þróunin hefði getað verið allt öðruvísi. Sagan er ekki náttúrleg þróun heldur hafa mannlegar ákvarðanir haft áhrif á gang hennar á hverjum tíma.“

> „Engu að síður eru fræðimenn iðulega að fjalla um sömu atburði en á mismunandi hátt hver innan sinna landamæra og sjá hlutina hver með sínum hætti.
>
> GUÐMUNDUR HÁLFDÁNARSON
> PRÓFESSOR Í SAGNFRÆÐI

### Samtíðin í ljósi fortíðar

Forsvarsmenn CLIOHRES hafa einnig mikinn hug á að sagnfræðin geri sig meira gildandi í þeirri þjóðfélagsumræðu sem fram fer í Evrópu í dag. Guðmundur nefnir í því sambandi að margt af því sem hæst ber í umræðunni í samtímanum á sér sögulegan bakgrunn og það sem tengir okkur saman er sögulegar áherslur. „Á þessu ári erum við til dæmis að skoða fólksflutninga og umræðan í dag bendir til þess að margir hafi á tilfinningunni að þetta sé eitthvað nýtt í sögunni. Fólk hefur alltaf verið á hreyfingu, það er hluti af mannlegu eðli að flytja sig úr stað, eitt af þessu sem rekur okkur áfram.“

Hann bendir á að Ísland byggðist í raun á fólksflutningum á sínum tíma; ferli sem tók langan tíma og þá þegar hafi mikil fólksblöndun átt sér stað enda kom það fólk sem hér settist að víða að. „Svo halda sumir að heimurinn sé að farast núna vegna fólksflutninga. Vissulega er þetta vandamál en það er ekki nýtt að heimurinn þurfi að takast á við vandamál, það hefur alltaf verið svo og við þurfum stöðugt að glíma við ný vandamál, án þess að hafa eitthvað að fást við væri lífið lítils virði,“ segir Guðmundur Hálfdanarson, prófessor í sagnfræði.

ssal@frettabladid.is

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



# Vorgleði Garðheima

## um helgina

**Fullt af spennandi helgartilboðum!**



**20% afsláttur**
af öllum garðplöntum



**20% afsláttur**
af öllum styttum



**20% afsláttur**
af öllum rósum

**Kynningar – fræðsla - hugmyndir**

- **Troðfullt gróðurhús af glænýjum flottum plöntum í garðinn!**
- **Ný styttusending!**
- **Garðrósir! Hefur einhver séð meira úrval?**

## SÆKIÐ SUMARIÐ Í GARÐHEIMA!



10 páskaliljur
**795 kr.**

GARÐHEIMAR

*heimur heillandi hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Nýju Weber-grillin komin!

weber


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Þú sparar
200
kr. kg
NÓATÚNS GRÍSAHAM-
BORGARHRYGGUR
1.298 kr. kg
24%
afsláttur
LAMBAFILLET
MEÐ FITURÖND
2.498 kr. kg
ÍSLENSK ÖND
ÚRVALSFRAMLEIÐSLA
959 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
26%
afsláttur
GRÍSALUNDIR
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU
1.998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
KARTÖFLUR
MEÐ SPÍNATI OG LAUK
998 kr. kg
15%
afsláttur
OSTAVEISLA
CAMEMBERT - HÖFÐINGI - HRÓKUR
Ferskt grænmeti og ávextir
alla daga í grænmetistorginu

# Páskatilboð!

## Lambalæri

### af nýslátruðu



**35% afsláttur**

LAMBALÆRI
AF NÝSLÁTRUÐU
**998 kr. kg**



**29% afsláttur**

MÓA
KJÚKLINGABRINGUR **1.798 kr. kg**



**20% afsláttur**

NÓATÚNS ÞURKRYDDAÐAR
GRÍSAHNAKKASNEIÐAR **1.278 kr. kg**



**26% afsláttur**

GOURMET GRÍSAKÓTELETTUR
LÉTTREYKTAR **1.199 kr. kg**




## Páskaegg mikið úrval

### Nói - Freyja - Góa

*Verði ykkur að góðu!*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 3,55 **-0,28%** **Fjöldi viðskipta:** 617 **Velta:** 18.974 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Alfesca** | +2,12% | **Flaga** | -0,84% |
| **Glitnir** | +1,12% | **Icelandic Group** | -0,73% |
| **Össur** | +0,81% | **Actavis** | -0,66% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,55 -0,28% ... Actavis 75,00 -0,66% ... Alfesca 4,81 +2,12% ... Atlantic Petroleum 665,00 -0,60% ... Atorka 6,90 -0,58% ... Bakkavör 65,30 +0,31% ... Eimskipafélagið 33,70 +0,00% ... FL Group 29,50 +0,00% ... Glitnir 27,00 +1,12% ... Kaupþing 1.029 +0,49% ... Landsbankinn 31,80 +0,63% ... Marel 75,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,70 +0,00% ... Straumur-Burðarás 20,00 -0,50% ... Össur 124,00 +0,81%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*



**Gengið til kosninga**
Í dag kjósa Hafnfirðingar um heimild til stækkunar álvers Alcans í Straumsvík. Ljóst er að málið er stærra en svo að snerti Hafnfirðinga eina og sýnist sitt hverjum. Meira að segja Seðlabankinn hafði í nýjasta tölublaði Peningamála orð á áhrifunum af stækkun. Verði af stækkun (og komi til byggingar álvers í Helguvík) styrkist krónan, þensla eykst og stýrivextir verða háir lengur. Verði ekki stækkað gæti hins vegar krónan veikst, dýrtíð aukist og til að bregðast við verðbólgu, eru stýrivextir hækkaðir. Í umhverfi sem þessu er bankanum nokkur vorkunn, sagði viðmælandi blaðsins, en áréttaði um leið að trúlegast væri þarna um marklausa ofureinföldun að ræða.

**Kynlegt heiti á verslun**
Í dag heldur ný lífsstílsverslun í Kópavogi opnunarhóf fyrir valinn hóp. Búðin er í Bæjarlind og segir í tilkynningu að um sé að ræða „stórglæsilega verslun með gjafavöru og vandaða íhluti fyrir heimilið“. Ekki er ástæða til að efast um að þar sé allt satt og rétt. Heiti verslunarinnar vafðist hins vegar eilítið fyrir manni nokkrum sem á það stundum til að lesa í hluti með kynjagleraugum. Verslunin heitir „Hann - hún & heimilið“ og velti viðkomandi fyrir sér merkingu bandstriksins. Sagði að hefði verið komma í staðinn væri líklegra að heimilið væri sameiginlegt hugðarefni kynjanna. Með bandstriki væri engu líkara en „hann“ væri stakur, síðan kæmu „hún og heimilið“.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Greining Glitnis telur að kosningarnar um stækkun álversins í Straumsvík um helgina geti haft áhrif á skuldabréfamarkað. Verði stækkuninni hafnað muni ávöxtunarkrafa íbúðabréfa lækka og ríkisbréfa hækka.

Norðurál hefur falið Landsbankanum og Kaupþingi í sameiningu að skoða hagkvæmustu leiðir til fjármögnunar á fyrirhuguðu álveri Norðuráls í Helguvík og endurfjármögnun álversins á Grundartanga.

Nýtt verðmat Greiningar Glitnis á Teymi er 5,4 krónur á hlut. Það er 14 prósentum yfir útboðsgengi í hlutafjárútboði félagsins sem lauk í síðustu viku. Greining ráðleggur fjárfestum að halda bréfum í Teymi sé horft til lengri tíma.

# Tchenguiz bætir safnið

R20, fjárfestingafélag Roberts Tchenguiz, breska fasteignamógúlsins, náins viðskiptafélaga Kaupþings og stjórnarmanns í Exista, hefur aukið eignarhlut sinn í bresku matvörukeðjunni Sainsbury og er nú komið 4,6 prósenta hlut í þessari þriðju stærstu matvöruverslanakeðju Bretlands.

Félag Tchenguiz flaggaði hlut sínum í bresku kauphöllinni í Lundúnum um miðjan mánuðinn þegar hlutur þess var kominn í þrjú prósent en hefur aukið hratt við hann eftir það. **- jab**

# Miklar breytingar kölluðu á viðbrögð

**Davíð Oddsson seðlabankastjóri þakkaði á ársfundi bankans í gær ríkisstjórninni aðstoð við að styrkja eiginfjárstöðu bankans. Hann segist hafa áhyggjur af skuldsettum heimilum ef verðbólga eykst í gengisfalli. Erlend lán geti þá komið hart niður á fólki.**

Davíð Oddsson seðlabankastjóri fagnar því að aukin skuldsetning heimila hafi ekki skilað sér í þyngri greiðslubyrði og að vanskil séu í lágmarki. Um leið segir hann Seðlabankann hafa áhyggjur af því að ýmsir kunni að hafa reist sér hurðarás um öxl, eða teflt á mjög tæpt vað.

Davíð lét þessi orð falla á ársfundi Seðlabankans í gær. Hann segir ekki þurfa að verða miklar breytingar til að skuldsettir einstaklingar lendi í erfiðleikum, sem í sumum tilfellum gætu reynst óviðráðanlegir. „Vaxandi verðbólga gæti því orðið rothögg fyrir mörg heimili,“ segir hann og bendir á að sumir hafi brugðið á það ráð að flytja skuldir í erlenda gjaldmiðla vegna tiltölulega hárra vaxta og verðtryggingar hér. „En það getur reynst skammgóður vermir ef gengi krónunnar lækkar. Gengislækkun kæmi strax og að fullu fram í afborgun af erlendu láni. Áhrifa hennar myndi gæta minna og síðar í verðtryggðum innlendum kjörum,“ segir Davíð.

Hann þakkar ríkisstjórninni stuðning við að heimila Seðlabankanum erlenda lántöku til að styrkja eiginfjárstöðu hans í fyrra. Davíð bendir á að lágmark gjaldeyrisforða bankans hafi lengi verið miðað við að hann stæði undir þjóðarinnflutningi til þriggja mánaða. „En hinar miklu breytingar, sem jafnvel mætti kalla byltingar, sem hafa orðið í íslensku fjármálalífi á tiltölulega fáum árum leiddu til þess að bankastjórninni þótti eðlilegt og æskilegt að horfa nú einnig til annarra þátta, svo sem til stærðar og umfangs fjármálakerfisins.“

Kjörin á láninu segir Davíð hafa verið mjög góð og endurspeglað traust íslenska ríkisins á markaði. Hann segir stórbætta eiginfjárstöðu og öflugri gjaldeyrisvarasjóð bankans þó ekki þýða stefnubreytingu bankans heldur eðlileg viðbrögð við breytingum á því umhverfi sem hann starfi í.

Þá hrósar Davíð bönkunum mjög fyrir að hafa brugðist af festu við erfiðum aðstæðum á þessum tíma í fyrra og komist óskaddaðir frá illa grundaðri umræðu og frá því að sækja sér lánsfjármagn á nýjar slóðir. „Fjármögnunarvandinn eins og hann blasti við okkur um þetta leyti fyrir ári er úr sögunni og kjör á eftirmarkaði komin í eðlilegra horf á ný og traust á markaði hefur verið endurvakið.“



**DAVÍÐ ODDSSON** Davíð, sem er formaður bankastjórnar Seðlabankans, flutti ræðu á ársfundi bankans síðdegis í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Um leið segir Davíð aðra þætti umhugsunar verða, því breyttar aðstæður geri að fyrirtæki þurfi nú að afskrifa viðskiptavild sem eignfærð er í virðisrýrnunarprófi verði breytingar á áætlunum þeirra. „Sú hætta er því til staðar, ef harðnar á dalnum, að þessi regla geti magnað upp neikvæða afkomu fyrirtækja þegar síst skyldi,“ segir hann og bendir á að bókfærð viðskiptavild hafi samtals numið yfir 500 milljörðum króna í lok síðasta árs í reikningum allra fyrirtækja sem skráð væru í Kauphöll Íslands. „Og dæmi eru um að viðskiptavild einstakra fyrirtækja og aðrar óefnislegar eignir séu meira en helmingur bókfærðra eigna.“ **olikr@frettabladid.is**




# Fjögurra vikna lúxusnámskeið
## fyrir konur og karla

- **Brennsla, styrking** – 3 tímar í viku með einkaþjálfara þar sem áhersla er á brennslu, þol og styrk
- **Styrking/Supersett** – Til að hámarka brennslu og styrk 2 í viku í tækjasal
- **Vikulegar mælingar** – Vigtun, fitumæling og ummálsmæling – mikið aðhald
- **Ítarleg næringarráðgjöf** – 3 frábærir fyrirlestrar um líkamann, næringu og hugann
  Leyndarmálið – Fjallar um að virkja kraft hugans og temja sér hugsunarhátt sem veitir þér það sem þú þráir
  Lífrænn frumskógur – Viltu vita hvað aduki baunir, quinoa og tahini eru. Við kennum þér að versla, elda og njóta lífrænnar fæðu. Fullt af uppskriftum og smakki
  Afeitrun líkamans – Farið yfir það hvernig á að fasta og hvað það gerir fyrir þig. Farið yfir skaðleg efni í matvælum og andrúmslofti og hvað við eigum að varast
- **Vikulegar uppskriftir** – Hollar uppskriftir, ráð og fróðleikur
- **Heilsudrykkur í lok hverrar æfingar** – Rétt samsett fæða er hluti af heildinni
- **Slökun og herðanudd** í pottunum að æfingu lokinni
- **Takmarkaður fjöldi** í hverjum hópi
- **Tímar** kl. 16:30, 17:30 og 18:30



**Þjálfari Gunnar Már Sigfússon,**
FIA Einkaþjálfari.
13 ára starfsreynsla

**Nýtt námskeið hefst 10. apríl nk.**
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is.

NORDICA SPA


# Kista kaupir meira

**Félagið er nú annar stærsti hluthafinn í Existu.**

Kista-fjárfestingarfélag jók hlut sinn í Existu úr 2,67 prósentum í 6,25 prósent og er þar með orðið annar stærsti hluthafinn í fjármálaþjónustufyrirtækinu. Kaupverðið nam rúmum 10,8 milljörðum króna.

Eigendur Kistu eru svokallaðir Existu-sparisjóðir en þar fer SPRON fremst í flokki. Félagið var stofnað fyrir síðustu áramót.

Á sama tíma tilkynnti SPRON um sölu á 1,59 prósenta beinum eignarhlut sínum í Existu en sparisjóðurinn heldur utan um 4,75 prósenta hlut eftir viðskiptin. Þá seldi einnig Icebank, áður Sparisjóðabankinn, hluta af bréfum sínum í Existu. **- eþa**

**EIGENDUR KISTU - FJÁRFESTINGARFÉLAGS**

| | |
|---|---|
| SPRON | 48,2% |
| Sparisjóðurinn í Keflavík | 24,7% |
| Sparisjóður Mýrasýslu | 10,3% |
| Sparisjóður Svarfdæla | 7,1% |
| Sparisjóður Vestfirðinga | 5,4% |
| Spsj. Húnaþings og Stranda | 4,3% |

# Hækka áunnin réttindi

Rekstur Almenna lífeyrissjóðsins gekk með miklum ágætum árið 2006 og hækkuðu áætlaðar eftirlaunagreiðslur sjóðsins að meðaltali um fjórðung á árinu og allt að þrjátíu prósent. Lagt er til að ellilífeyrisgreiðslur og áunnin réttindi í tryggingadeild hækki um fjögur prósent.

Nafnávöxtun Ævisafns 1 nam um 22 prósentum en aðrar ávöxtunarleiðir voru með um 10-21 prósenta ávöxtun.

Samtryggingarsjóður Almenna lífeyrissjóðsins er frábrugðinn öðrum lífeyrissjóðum að því leyti að sjóðurinn lofar ekki ellilífeyrisréttindum fyrr en við töku lífeyris. Sveiflur í ávöxtun breyta því ekki áunnum lífeyrisréttindum eins og oftast er algengt í öðrum lífeyrissjóðum.

Heildareignir lífeyrissjóðsins voru 83 milljarðar í árslok og hækkuðu um 29 prósent. **- eþa**



# Gjöf sem **stækkar** í pakkanum

## 5.000 kr. verða 7.000 kr.

Ef þú gefur fermingarbarni 5.000 króna gjafabréf í Framtíðarsjóð bætir Sparisjóðurinn 2.000 krónum við gjöfina. Gefðu gjöf sem ávaxtar sig strax!

### Framtíðarsjóður

- Ber hæstu vexti almennra innlánsreikninga
- Engin lágmarksinnborgun
- Verðtryggður
- Bundinn til 18 ára aldurs
- Kjör haldast óbreytt þó innstæða sé ekki tekin út við 18 ára aldur

Kíktu inn á **spar.is** og reiknaðu út ávöxtun á sparnaði í Framtíðarsjóði Sparisjóðsins.

SPARISJÓÐURINN

– fyrir þig og þína

Fíton/SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fermingarveisluhöld framundan.

## Unglingurinn í brennidepli

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Pálmasunnudagur markar upphafið að árlegum fermingartíma. Næstu helgar munu íslenskar stórfjölskyldur koma saman í veislum sem haldnar eru til heiðurs unglingum á margbrotnu aldursskeiði. Unglingar á fjórtánda aldursári eru nefnilega yfirleitt ekkert sérstaklega gefnir fyrir mikið samneyti við fullorðna. Í þessu felst einmitt að hluta til fegurðin í þessum fallega sið sem fermingarveislur eru.

Burt séð frá því sem fermingarathöfnin sjálf felur í sér og hvort börn á fjórtánda aldursári rísi undir ábyrgð á því sem hún felur í sér, er það góð og gegn hefð að fjölskyldur og vinir komi saman í því skyni að heiðra ungling og votta honum virðingu, hefð sam hafa ber í heiðri.

Burt séð frá því einnig að mörgum kann að finnast að verslunarmennskan í kringum þennan atburð í lífi barns sé komin út í algerar öfgar er það einstæður atburður að stórfjölskylda komi saman og að tilefnið sé viðburður í lífi unglings.

Í nútímasamfélagi standa iðulega margar fjölskyldur að hverju barni. Hópurinn sem lætur sig varða velferð hvers unglings er því stór og gaman er fyrir hann að koma saman í veislu þar sem unglingurinn er í brennidepli. Það er því sérstök ástæða til að hvetja foreldra fermingarbarna til að standa saman að veislu fyrir barn sitt, sé þess nokkur kostur, jafnvel þótt sambúð hafi verið slitið. Þegar barnið er í brennidepli á að leitast við að leggja til hliðar ágreining og neikvæðar tilfinningar og gleðjast með barninu sínu.

Svo virðist sem það sé orðinn hluti af þjóðarsálinni að hnýta í fermingar og fermingarveislur. Meðal annars er talað um dýrar veislur og kvartað undan kostnaði vegna gjafanna. Sömuleiðis hefur það orðið einhvers konar lenska að kvarta undan því að fermingarveislur séu leiðinlegar. Nú er það þannig að vissulega getur verið dýrt að bjóða mörgu fólki. Hins vegar eru til margar leiðir til þess og ekki þurfa góðar veitingar endilega að vera dýrar veitingar. Sömuleiðis er hverjum í sjálfsvald sett hversu miklu fé hann ver í fermingargjafir. Loks er það svo að hver veisla er yfirleitt ekki miklu skemmtilegri en þeir sem hana sitja. Það er því einmitt á ábyrgð gestanna að gera hverja veislu að góðri veislu. Sömuleiðis er þá á færi hvers að nota það tækifæri sem veislan er til að ræða við fermingarbarnið og kynnast sjónarmiðum þess.

Vissulega er hægt að taka undir það að margt sem tengist fermingum og fermingarveislum er komið út í öfgar. Þetta á ekki síst við um þætti sem tengjast útliti fermingarstúlkna. Á því sviði mætti að ósekju draga saman seglin. Sögur af brúnkumeðferð og naglaásetningu eru vonandi orðum auknar, hvað þá heldur af því að leigðir séu salir fyrir fermingarbörnin til að halda eftirfermingarveislur

Grunnhugsunin í veislu til heiðurs unglingi er falleg og þeir eru lánsamir sem fá að taka þátt í slíkri veislu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




Tilboð til 15.maí

**Hraunsnef sveitahótel** Borgarbyggð býður upp á þrírétta kvöldverð ásamt gistingu og morgunmat fyrir 7900 kr á mann og miðast verðið við tvo saman í herbergi.

Norðurárdal • 311 Borgarbyggð • Sími: 435 0111 • www.hraunsnef.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fermingarveislur í molum

Um fátt hefur verið rætt annað í Hafnarfirði undanfarið en stækkun álversins í Straumsvík en sem kunnugt er verður gengið til kosninga um hvort leyfa eigi stækkun eður ei í dag. Haft var á orði á umræðufundi Hafnarfjarðarbæjar á fimmtudagskvöld að í fermingarveislum í Firðinum undanfarið hefði allt farið í háaloft því tekist væri svo hart á um málið, jafnvel í friðsælustu fjölskyldum. Nú er spurning hvort að fermingarveislur sem framundan eru verða rólegri þegar úrslit eru ljós eða hvort andstæðingar í álversmálum halda áfram að þræta í veislum.



### Áhugi víða um heim

Atkvæðagreiðslan í Hafnarfirði vekur víðar athygli en á Íslandi. Sænskir blaðamenn hringdu á ritstjórn Fréttablaðsins í gær til að leita upplýsinga. Og þegar blaðamaður Fréttablaðsins var að fylgjast með hafnfirskum unglingum mótmæla stækkuninni í gærdag þá voru japanskir fréttamenn á staðnum að mynda herlegheitin. Þeir sáu sér þá leik á borði og gripu blaðamann Fréttablaðsins í viðtal um mótmæli á götum og torgum á Íslandi.

### Her eða ekki her

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra kynnti stofnun varaliðs lögreglu í fyrradag. Um leið og þær tillögur komu fram heyrðust raddir um að þarna væri dómsmálaráðherra loks að setja á laggirnar vísi að her, eins og hann hefði lengi dreymt um. Eftirfarandi orð mátti til að mynda lesa á bloggi Össurs Skarphéðinssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, í gær: „Björn Bjarnason hefur lengi haft þann draum að koma upp her á Íslandi. Nú hefur hann lagt fram tillögur að 240 manna varalögreglu, sem miðað við lýsinguna er ekkert annað en vísir að íslenskum her." Ráðherra er hins vegar undrandi á þessari tengingu og skrifaði á síðu sína í fyrrakvöld eftir að hafa rætt við fréttamenn RÚV að hann væri hissa á spurningum þeirra. „Þeir virtust helst halda, að það, sem ég sagði um varalið lögreglu, snerist um einskonar herlið."



sigridur@frettablad.is

# Enginn okkar er eyland



ELLERT B. SCHRAM

Í DAG | Samfélagsmál

Stundum held ég að ég sé eini Íslendingurinn sem skipt hefur opinberlega um flokk. Gamlir flokksbræður horfa á mig eins og naut á nývirki og spyrja með glotti: kom eitthvað fyrir þig, Ellert minn? Aðrir dæsa og verða daprir til augnanna, rétt eins og nákominn hafi fallið frá.

Og af því ég er inn við beinið, góður strákur, og mér líður aldrei vel að hafa eitthvað alvarlegt á samviskunni, þá kemur það fyrir að ég spyr sjálfan mig hvað hafi eiginlega komið fyrir, sem olli þessum sinnaskiptum mínum? Ganga úr stórum og virðulegum Sjálfstæðisflokknum í annan stjórnmálaflokk, yfirgefa gamla samstarfsmenn og vini, brjóta brýr, lenda upp á kant og ögra sínu nánasta umhverfi. Og öllum þeim hagsmunum sem hanga á spýtunni.

Jú, jú, það hefði verið hægt að þegja. Þegja þunnu hljóði og rölta áfram með. Hugsa eitt en segja annað. Eða hugsa ekki neitt.

En það er þetta með blessaða samviskuna og hjartað. Ef maður gengur ekki í takt við hjartsláttinn og sjálfan sig, hvar er maður þá á vegi staddur? Eru það ekki stærstu svikin í lífinu að hafna sinni eigin sannfæringu og dómgreind? Hvers virði er sá, sem ekki vill gangast við sjálfum sér? Stjórnmálaflokkur er sosum ekkert annað en samtök fólks sem kemur og fer. Við eigum ekki flokkana, né heldur eiga þeir okkur. Það sem við eigum er hugsunin, vitsmunirnir og lífssýnin. Kannski það eina sem við eigum, þegar upp er staðið.

Og einhvernveginn hefur það gerst í þroska mínum og þeirri lífsreynslu sem mér hefur áskotnast, að komast að þeirri niðurstöðu, að ekkert frelsi og frelsi og jöfnuður séu ileiðanlegir. Það er ekkert frelsi til án jafnréttis og það verður ekkert jafnrétti án frelsis. Hvorutveggja verður að haldast í hendur. Á undanförnum árum hefur frelsið vissulega aukist en við höfum misst sjónar á jöfnuðinum. Ójöfnuður og misskipting hefur vaxið. Þrátt fyrir frelsið.

*Stjórnmálaflokkur er sosum ekkert annað en samtök fólks sem kemur og fer. Við eigum ekki flokkana, né heldur eiga þeir okkur. Það sem við eigum er hugsunin, vitsmunirnir og lífssýnin.*

Ég hitti eldri konu á dvalarheimili, um daginn, þar sem ég var að tala um hag aldraðra og hún sagði: „hvað eru þið alltaf að væla fyrir hönd okkar eldra fólksins, ég hef nóg, ég á íbúð og ellilífeyri og ég kann ekki við þennan fátæktarstimpil sem þið eruð að klína á okkur, gamla fólkið".

Ég sagði sosum ekki mikið en það var komið fram á varir mínar að spyrja á móti: en hvað með alla þá sem líða skort? Hvað með hina? Er okkur þá alveg sama um þá? Mergur málsins er nefnilega sá, hugsunin á bak við jöfnuðinn og jafnréttið, er sú að okkur ber skylda til að sinna þeim sem hafa orðið útundan, rétt hlut þeirra sem minna mega sín, sem eiga þó sömu ósk og sama rétt og við hin til að njóta frelsis og lífsins gæða.

Í þessu felst jafnaðarhugsjónin, velferðin og rétturinn til mennta, hjúkrunar og viðunandi ævikvölds. Um þann málstað var gamli Alþýðuflokkurinn myndaður, í þeim anda starfaði Sjálfstæðisflokkurinn lengst af meðan ég tilheyrði honum og í krafti jafnaðarhugsjónarinnar varð Samfylkingin til. Við erum ein stór fjölskylda, Íslendingar, og við berum ábyrgð hvert á öðru í samhjálp og samkennd. Slíkt bræðralag verður að rækta, í heimi þar sem græðgi, eigingirni og sjálfumgleði ræður því miður för. Jafnaðarhugsjónin er viðspyrnan og ég get ekkert betur gert en leggja þeim málstað lið, meðan ég get eitthvað gagn gert. Ekki endilega af því að þar sé svo mikið betra fólk en í öðrum flokkum. Ekki vegna þess að mér sé í nöp við aðra. Heldur fyrst og fremst vegna þess að jafnaðarhugsjónin á erindi, brýnt erindi í samfélag nútímans. Jafnvel meir en nokkru sinni fyrr.

Okkur getur sýnst sitt hvað um foringja og málflutning til eða frá, við getum haft mismunandi skoðanir á álverum eða úrlausnum í skipulagsmálum, við erum ekki bundin í flokksklafa í afstöðu okkar til manna og dægurmála, vegna þess að það eru ekki flokkarnir sem eiga að segja okkur fyrir verkum eða stýra skoðunum okkar heldur hjartað í okkur, tilfinningin og dómgreindin. Okkar innri maður, sú grundvallar lífsýn að enginn okkar er eyland. Hugsjónum jafnaðarstefnunnar megum við aldrei fórna á altari frjálshyggju og sérgæsku. Né heldur í þágu afturhalds og þröngsýni. Hvað þá í formi skyndibita sem bjóðast rétt fyrir kosningar.

Þjóðin þarf á hugsjónum jafnréttis og bræðralags að halda. Og málsvörum, fólki og flokki, sem ekki siglir undir einnota hentifánum.

# Íbúakosning í Hafnarfirði

UMRÆÐAN

Álverið í Straumsvík



LÚÐVÍK GEIRSSON

Atkvæðagreiðsla íbúa í Hafnarfirði í dag um fyrirhugaða stækkun álversins í Straumsvík er mikilvægur prófsteinn á þróun íbúalýðræðis. Við erum saman að stíga mikilvægt skref og það er fagnaðarefni hversu almenn og víðtæk umræða og þátttaka bæjarbúa hefur verið á síðustu vikum.

Virk þátttaka og opin og almenn skoðanaskipti eru grundvöllur lýðræðislegrar afgreiðslu. Íbúar í Hafnarfirði njóta þeirrar sérstöðu umfram aðra landsmenn að hafa rétt og stöðu til þess að fá að greiða atkvæði um þýðingarmikil mál eins og stækkun álversins í Straumsvík. Þann rétt eigum við að nýta okkur til fullnustu.

Hver sem niðurstaðan verður í kosningunum, þá er ljóst að sigurvegarar þeirra verða íbúar Hafnarfjarðar. Góð þátttaka í kosningunum er skýr skilaboð frá íbúum um að þeir láta sig verulega skipta þróun og framtíð byggðarinnar og atvinnulífsins hér í Firðinum.

Ég hef með skýrum hætti í aðdraganda kosninganna lagt ríka áherslu á ábyrga og upplýsta umræðu og að bæjarbúar fái rétta og raunsanna mynd af þeim atriðum sem máli skipta. Hafnarfjarðarbær hefur með margvíslegum hætti upplýst bæjarbúa um allar forsendur málsins á hlutlausan og ábyrgan hátt. Leitast hefur verið við að hafa gott samráð um kynningarferlið milli bæjaryfirvalda og hagsmunaaðila. Fyrirtækið Capacent hefur ásamt starfsmönnum bæjarfélagsins lagt sig fram í þeim efnum. Ástæða er til að þakka öllum þeim sem hafa lagt sitt af mörkum til að skapa bæði breiða og líflega umræðu í bæjarfélaginu.

Við höfum sýnt og sannað að íbúalýðræði er meira en nafnið tómt. Öll umræða síðustu vikur ber þess merki að það er ekki af ástæðulausu sem við höfum sameinast um þá ákvörðun að kveða uppúr með framhald þessa máls í almennri kosningu. Á sama hátt og bæjarstjórn hefur lýst yfir þá skulum við bæjarbúar allir vera samstilltir og sameinaðir í því að virða þá niðurstöðu sem mun liggja fyrir að kosningum loknum.

*Höfundur er bæjarstjóri í Hafnarfirði.*

www.toyota.is

# Við bjóðum til páskasýningar í dag




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 36900 03/07

## Vegleg páskatilboð af völdum bílum

**Það verður páskastemning hjá umboðsaðilum Toyota um allt land**

Vegleg páskatilboð af völdum bílum.
Allt að 100% fjármögnun og afsláttur af lántökugjöldum frá Avant fjármögnun.

Risapáskaegg og 100.000 kr. verðlaun fyrir besta Toyota málsháttinn.
Páskagetraun: Flugmiðar fyrir tvo á áfangastaði Icelandair í Evrópu*.
Góðgæti frá Nóa Síríusi og léttar veitingar í boði.

**Opið 12-16**

*Flugvallarskattar ekki innifaldir

NÓI SÍRÍUS

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |



# FULL BÚÐ AF NÝJUM



ENNEMM / SÍA / NM27007

Á kaffihúsinu sem **Te og kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum










Vitra stendur þessa dagana fyrir alþjóðlegri nemendasamkeppni um hönnun á kollum. Nemendur í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands taka þátt í þessari samkeppni undir leiðsögn Neil Austin sem er gesta-kennari frá Buckinghamshire Chilterns University College - sýnishorn af verkunum verða í Saltfélaginu um helgina.

VÖRUM FRÁ **vitra.**











n alla daga. **Opið frá kl. 10-18 virka daga, 11-17 laugardaga og 12-16 sunnudaga.**





MAÐUR VIKUNNAR

# Mjúkur og fylginn sér

Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvár, hefur gengið fram af miklum myndarskap í hugmyndum um nýjan Suðurlandsveg. Þeim sem þekkja Þór kemur framganga hans ekki á óvart.

Þór varð snemma nokkuð áberandi og lét að sér kveða á menntaskólaárum þar sem hann var virkur í ungliðahreyfingu Sjálfstæðisflokksins. Þar var hann í hópi ungs fólks sem hleypti nokkru lífi í pólitískt litróf kynslóðarinnar. Kynslóðin á undan hafði einkennst af því að vinstrimenn voru mest áberandi, en Þór og fleiri mörkuðu kannski upphaf þess að hægrisinnaðir unglingar urðu áberandi á ný.

Þór er fæddur árið 1964 og er því liðlega fertugur þegar hann sest í stól forstjóra Sjóvár árið 2005. Tryggingafélög búa við þann erfiða veruleika að kúnninn leitar til þeirra þegar eitthvað hefur á bjátað. Þannig mætir starfsfólki tryggingafélaga gjarnan fólk sem er í uppnámi og jafnvel reitt. Þeir sem þekkja til Þórs geta vart ímyndað sér betri mann í fremstu víglínu slíks fyrirtækis. Hann er skapgóður og tekur fólki vel og á auðvelt með að horfa jákvæðum augum á hlutina. „Þór er mjúkur maður sem getur sýnt hörku ef því er að skipta,“ segir einn vina hans og bætir við að hann sé afar hugmyndaríkur og hafi sýnt að hann sé maður sem geti fylgt eftir hugmyndum sínum og látið þær verða að veruleika.

Tvöföldun Suðurlandsvegarins er ein slík hugmynd og er að mörgu leyti dæmigerð fyrir nálgun og lífssýn Þórs. Sem framkvæmdastjóri Verslunarráðs, sem nú heitir Viðskiptaráð, var Þór mjög duglegur að koma málefnum ráðsins á framfæri. Þar kom sterkt fram að skoðanir hans fóru saman með hagsmunum ráðsins. Tvennt var áberandi. Annars vegar einlæg trú hans á að ýmis verkefni yrðu betur og hagkvæmar leyst af einkaaðilum fremur en ríkinu. Hitt var mikilvægi þess að einkaframtakið kæmi fram af ábyrgð og sýndi í verki að því væri treystandi fyrir mikilvægum þáttum í samfélaginu.

Þór hefur að þessu leyti skorið sig frá hörðustu hægrimönnum og telst fremur hófsamur og samfélagslega meðvitaður. Vinir hans segja þessa blöndu hafa einkennt hann alla tíð. Systkini hans hafa einnig verið mjög pólitísk og bróðir hans Árni hefur haft svipaða ásýnd sem samfélagslega sinnaður hægrimaður. Bæði sem forystumaður í borgarpólitík Reykjavíkur og sem bæjarstjóri í Reykjanesbæ.

Þór hefur mikla samskiptahæfileika og er einkar laginn að fá fólk til verka með mjúkri ýtni. Hann fer sjaldnast hart fram og fær fólk með sér með því að kveikja áhuga og selja því hugmyndir sínar. Þessi hæfileiki kann að ráðast af því að hann er í yngri hluta stórs systkinahóps og sennilega þurft að beita lagni til að ná sínu fram.

Hann nýtir tímann vel og með starfi sínu hjá Viðskiptaráði skrifaði hann meðal annars bók um íslensku útrásina. Innan Sjóvár hefur honum tekist vel að byggja upp nýja ásýnd. Hann hefur lagt gríðarlega áherslu á forvarnir og gert þær sýnilegar, meðal annars með samstarfi við Markaðinn, viðskiptablað Fréttablaðsins. Þar fer saman áhugi Þórs á samfélagslegu hlutverki fyrirtækja og sýn hans á rekstur. Fækkun slysa er bæði mikið hagsmunamál samfélagsins og þeirra sem þurfa að greiða fyrir tjón. Hugmyndin um tvöfaldan Suðurlandsveg er af sömu rót. Samfélagslegt mikilvægi öruggra samgangna og rekstrarhagsmunir fyrirtækisins sem hann stýrir.

Þór er að sögn mikill fjölskyldumaður og fyrir utan skriftirnar nær hann að sinna lítillega öðrum áhugamálum. Meðal þess er veiði og ef að líkum lætur gengur hann til þeirra verka af virðingu fyrir bráðinni og umhverfinu.

**ÞÓR SIGFÚSSON**




**ÆVIÁGRIP**

Þór Sigfússon er fæddur í Vestmannaeyjum árið 1964 og er með meistaragráðu í hagfræði frá The University of North Carolina at Charlotte. Þór starfaði sem ráðgjafi fjármálaráðherra 1993–1998 og aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Norræna fjárfestingabankanum 1998–2003.

Hann var framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands 2003-2005 og hefur verið forstjóri Sjóvár frá 2005. Í dag situr Þór í stjórn Mosaic, stjórn Almenna lífeyrissjóðsins, stjórn Sjóvár líftryggingafélagsins og stjórn háskólaráðs Háskólans í Reykjavík.

Maki Þórs er Halldóra Vífilsdóttir arkitekt og eiga þau tvö börn, sjö og þriggja ára.

# Alcan og Straumsvík

**UMRÆÐAN**
Álverið í Straumsvík


REYNIR INGIBJARTSSON

Þegar Davíð Oddsson og félagar unnu frækinn sigur í kosningunum í Reykjavík 1982 og felldu þáverandi meirihluta, var aðalkosningamálið að byggja nýtt hverfi við Grafarvog í staðinn fyrir nágrenni Rauðavatns. Það átti að byggja með ströndum fram í stað heiða og auk þess var Rauðavatnið talið á „hættulegu sprungusvæði“. Síðan eru þessar kosningar nefndar sem skólabókardæmi um velútfærða kosningabaráttu og nú búa þúsundir manns í nágrenni Grafarvogs. Það grátbroslega við Rauðavatnið er hins vegar það, að þar hefur Morgunblaðið reist höfuðstöðvar sínar – á sprungusvæði!

Fljótlega eftir að byggð myndaðist við Grafarvog og Gufunes var farið að gera athugasemdir við áburðarverksmiðjuna og staðsetningu hennar. Það þótti ekki gáfulegt að svona „sprengiverksmiðja“ væri staðsett nálægt íbúabyggð. Verksmiðjan var síðan seld og áburðarframleiðslu hætt. Hagsmunir íbúabyggðarinnar voru látnir ráða.

Hvers vegna er ég að rifja upp þessa sögu? Í kosningaslagnum um stækkun álversins í Straumsvík er því mjög haldið að fólki af fylgjendum stækkunarinnar, að það hafi verið fáránlegt af ráðamönnum Hafnarfjarðar að leyfa íbúabyggð í nágrenni álversins í Straumsvík. Það sé ekki álverinu að kenna að þarna skarist hagsmunir, heldur skipulagsyfirvöldum í Hafnarfirði. Það hefði frekar átt að teygja byggðina í áttina að Kaldárseli og Helgafelli – upp til heiða í stað stranda.

Stefna Davíðs og félaga varð ofan á í Reykjavík og nú vill eftirmaður hans í stól borgarstjóra, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, halda áfram og byggja úti á Geldinganesinu.

Er einhver munur á hagsmunum Reykjavíkur og Hafnarfjarðar í þessu samhengi?

Er það ekki eðlilegt að byggðin í Hafnarfirði færist út eftir Reykjanesi með nálægð við ströndina og Reykjanesbrautina?

Í þessu máli eru talsmenn Alcan rökþrota í vörn sinni fyrir stækkun álversins, sem klýfur í sundur samfelluna í þróun byggðar til vestur frá Völlunum. Útsýni til hafs og fjallanna umhverfis Faxaflóann er lífsgæði, sem sífellt fleiri vilja njóta. Kannski þarf Davíð að mæta á svæðið og hitta fyrir Golíat?

*Höfundur er nágranni álversins í Straumsvík.*

# STÓRSÝNING UM HELGINA

Landsins mesta úrval af ferðavögnum

NÝTT

WILK






## WILK - vinsælu hjólhýsin

Við hjá Seglagerðinni Ægi erum stolt að kynna hin glæsilegu Wilk hjólhýsi frá Þýskalandi. Wilk eru hágæða hjólhýsi þar sem allir geta fundið hjólhýsi með skipulagi og verði sem að hentar. Komdu og kynntu þér nýju Wilk hjólhýsin. Þú verður ekki fyrir vonbriðgum.

Coca-Cola zero

Frón

## TÍMABOMBUR

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
31. MARS OG 1. APRÍL!

## LAUGARDAGSBOMBA

Tímabombutilboð gildir 31. mars 2007 og aðeins á tilgreindum tíma

**10:00 - 12:00** GRJÓTGRIND
Fullt verð kr. ~~23.900,-~~
Tilboð kr. 19.120,-

**12:00 - 14:00** FORTJALD - Walker
20% AFSLÁTTUR

**14:00 - 15:00** TABBERT PUCCINI HJÓLHÝSI
300.000,- kr. AFSLÁTTUR
Fullt verð kr. ~~3.609.000,-~~
Tilboð kr. 3.309.000,-

**15:00 - 17:00** DUKDALF BLUES STÓLL
Fullt verð kr. ~~9.900,-~~
Tilboð kr. 7.920,-
20% AFSLÁTTUR

**17:00 - 20:00** FARANGURSBOX
30.000,- kr. AFSLÁTTUR
Fullt verð kr. ~~49.000,-~~
Tilboð kr. 19.000,-

**22:00 - 24:00** SVEFNTJALD
20% AFSLÁTTUR
Fullt verð kr. ~~16.900,-~~
Tilboð kr. 13.520,-

## SUNNUDAGSBOMBA

Tímabombutilboð gildir 1. apríl 2007 og aðeins á tilgreindum tíma

**08:00 - 10:00** OMNISTOR SKYGGNI
20% AFSLÁTTUR

**10:00 - 12:00** FORTJALD - á fellihýsi og bíla
Sérsaumuð fortjöld frá Seglagerðinni Ægi
20% AFSLÁTTUR

**12:00 - 13:00** TRIGANO TJALDVAGN
Fullt verð kr. ~~635.000,-~~
Tilboð kr. 500.000,-
135.000,- kr. AFSLÁTTUR

**13:00 - 14:00** FORTJALDSDÚKUR
BOLON
20% AFSLÁTTUR

**14:00 - 15:00** FERÐAKLÓSETT
20% AFSLÁTTUR
SALERNISVÖRUR
Nauðsynlegar í ferðalagið. Þær eru líka með **20%** afslætti.
Fullt verð kr. ~~14.900,-~~
Tilboð kr. 11.920,-

**15:00 - 16:00** GASKÚTAFESTING FYRIR 2 KÚTA
Fullt verð kr. ~~12.900,-~~
Tilboð kr. 10.320,-
20% AFSLÁTTUR

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

## Líttu við og kynntu þér úrvalið!



**Opið um helgina**
Laugardag kl. 10.00 - 17.00 á sunnudag
**Opið alla nóttina!**

Öll Tímabombutilboðin gilda einnig alla nóttina

TJALDVAGNALAND
**SEGLAGERÐIN ÆGIR**
Eyjarslóð 5 101 Reykjavík
S: 511 2200 www.seglagerdin.is

# „Bonus, Malus og Inhonestus“

*Í **Dagbók Þráins Bertelssonar** er óskað eftir þeirri þjónustu við neytendur að leiðarvísir um skaðlegar aukaverkanir verði látinn fylgja áfengi eins og öðrum lyfjum sem ríkið selur þegnum sínum. Einnig er vikið að væntanlegri kvikmynd um Baugsmálið, Benedikt Gröndal, sálarlausum húsum, draugabæ og hrollvekjumeistaranum Stephen King.*

Kæra Dagbók



Þráinn Bertelsson skrifar

### Skítaveður

mars 25 SUNNUDAGUR

Veðrið þessa helgi hefur ekki verið freistandi til útivistar. Úff.



### Áfengi og neytendavernd

mars 26 MÁNUDAGUR

Ég var að spjalla við mann sem taldi það mikið hagsmunamál að fara að selja hér áfengi í matvöruverslunum. Sennilega liggur það í tímanum að þetta verði heimilað. Þá verður hægt að kaupa tíu mestseldu áfengistegundirnar í matvöruverslunum. Eða fimm. Framboðið mun margfaldast en úrvalið minnka að sama skapi eins og við þekkjum úr öðrum greinum.

Meira hagsmunamál væri fyrir neytendur ef leiðarvísir væri látinn fylgja hverri áfengisflösku á sama hátt og öllum lyfseðilskyldum lyfjum sem seld eru í lyfjaverslunum. Þar er tiltekin heppileg skammastærð af lyfinu og meira að segja bent á hvaða aukaverkanir fylgja tilteknum lyfjum. Öll lyf hafa jú aukaverkanir – líka deyfilyfið áfengi.

Ein óheppilegasta aukaverkun áfengis er sú að það er hættulegt fyrir konur sem bera barn undir brjósti að neyta þess.

Það eru meira en tíu ár síðan viðvörun um þetta fór að fylgja áfengi í Bandaríkjunum og nú er svo komið að skylda er að láta viðvörun fylgja með í um það bil helmingi hinna bandarísku fylkja. Og alríkislöggjöf um þetta er á næsta leiti.

Ástæðan fyrir þessari viðvörun í Bandaríkjunum er sú að áfengis- og eiturlyfjaneysla mæðra á meðgöngutíma er grafalvarlegt – og þar með kostnaðarsamt – heilbrigðisvandamál sem í versta falli getur eyðilagt líf barna þeirra. Viðvörunin er til dæmis svona:

*Warning:*
*Drinking alcohol*
*during pregnancy*
*can cause birth*
*defects and*
*brain damage*
*to your baby.*

Ekki mjög kúl. En samt satt og svonalagað er kallað neytendavernd. Sem minnir mig á hvað mér sárnaði þegar ég sá hina sorglegu kvikmynd um Lalla Johns sem var verðlaunuð og dásömuð af ótal aðilum, gott ef ekki sjálfum menntamálaráðherra – en í þeirri mynd um þjakaðan einstakling sem ólst upp í Breiðuvík og síðan á fangelsisstofnunum gleymdist nefnilega að leita svara við lykilspurningunni sem er svona:

Af hverju er Lalli eins og hann er?



### Vorboðinn

mars 27 ÞRIÐJUDAGUR

Lóan er komin og mun bjóða fram í öllum kjördæmum.

### Kvikmynd um Baugsmálið

mars 28 MIÐVIKUDAGUR

Málflutningur í Baugsmálinu er nú á lokastigi.

Mér skilst að Jóhannes í Bónus hafi heitið því í sjónvarpsviðtali að gera kvikmynd um þetta skelfilega dellumakerí. Kannski vantar hann sláandi nafn á kvikmyndina?

„Bonus“ þýðir „góður“ og þá kemur í hugann merkileg kvikmynd með Íslandsvininum Clint Eastwood sem hét „The Good, the Bad and the Ugly“ sem þýðir á latínu: „Bonus, Malus et Inhonestus“ sem gæti verið fínt nafn á alþjóðlegri spennumynd um Baugsdramað.

Jóhannes bauðst sjálfur til að leika Bónus og þá er aðeins eftir að finna rétta leikara til að túlka hinn vonda Malus og ljóta Inhonestus.



Hverja sér maður fyrir sér í þeim safaríku hlutverkum?

Það er ekki öll vitleysan eins.

Í dag frétti ég af því að eitthvert ljósið hjá Reykjavíkurborg hefur fengið þá flugu í höfuðið að ráðast á húsið sem Benedikt Gröndal bjó í, rífa það af grunni, flytja það og planta því niður í Grjótaþorpinu.

Til að láta hrekklausar sálir í stjórn Rithöfundasambandsins kokgleypa þessa vitleysu hefur verið stungið upp á því að húsið verði notað sem ókeypis gistiheimili fyrir erlenda rithöfunda.

Af kjánalegri bjartsýni hélt ég að menn væru búnir að komast að því eftir áratuga langa herferð Reykjavíkurborgar gegn eigin sögu og menningarverðmætum að gömul hús eru eins og gömul tré. Þau þola ekki flutning. Sálin í þeim deyr.

Þetta vita allir nema nokkrir Íslendingar. Annars hefðu Danir sett hús H.C. Andersens niður í Tívolí og Hollendingar hefðu varðveitt hús Önnu Frank á Schiphol-flugvelli. Bjálkakofinn sem Abraham Lincoln fæddist í væri að sjálfsögðu á grasflötinni við Hvíta húsið í Washington og Stratford on Avon væri í Hyde Park.



Allir nema örfáir íslenskir húsabanar vita að sál gamalla húsa deyr ef húsið er rifið upp af þeirri jörð sem það var byggt á.

Næst fréttir maður sennilega að til standi að flytja Gljúfrastein, Sigurhæðir, Skriðuklaustur og Davíðshús í Árbæjarsafnið og með stuðningi fjársterkra aðila mætti hæglega þræla hluta af Almannagjá með Drekkingarhyl í Hljómskálagarðinn.

Frekar en að rífa heilleg hús sem hefur dagað uppi og teljast ekki til einstakra menningarverðmæta er stundum brugðið á það ráð að flytja þau á annan stað og láta þau endurfæðast og taka að sér nýtt hlutverk, samanber Ráðherrabústaðinn. Það breytir ekki þeirri staðreynd að hús sem tengjast sögufrægri minningu um tiltekna einstaklinga eða atburði verður að vernda á hinum upprunalega reit.

Að tortíma sál sögufrægra húsa er einfaldlega villimennska sem þessi þjóð á að vera vaxin upp úr.

Ef Reykjavíkurborg langar til að hýsa erlenda rithöfunda í gömlum húsum þá er nóg til af ljómandi fallegum en steindauðum hússkrokkum í Árbæjarsafni sem er sennilega stærsti minningarreitur um fjöldamorð á menningarverðmætum á friðartímum í Evrópu.

Það væri vel við hæfi að bjóða hrollvekjumeistaranum Stephen King fyrstum erlendra rithöfunda að dvelja í hinum séríslenska draugabæ og stjórn Rithöfundasambandsins með honum ef hann skyldi verða myrkfælinn.

### Að skemmta skrattanum

mars 29 FIMMTUDAGUR

Nýtt framboðsafl, Baráttusamtökin, sem berjast fyrir hagsmunum aldraðra, öryrkja og breyttu skipulagi borgarinnar, býður fram í öllum kjördæmum fyrir alþingiskosningarnar í vor. Þetta framboð á alla mína samúð þótt frómt frá sagt þyki mér heldur ólíklegt að Baráttusamtökin nái að fá þingmann kjörinn og muni því helst verða til að styrkja þá flokka sem það vill berjast gegn. Það heitir að skemmta skrattanum. Svona er nú veröldin óréttlát.



Sjálfur er ég alltaf að vonast eftir því að AA-samtökin bjóði fram lista. Þau fjölmennu en hæversku samtök hafa þann kost með sér að enginn félagsmaður má koma fram fyrir hönd þeirra undir nafni, auk þess sem samtökin kæra sig ekki um að auðgast á veraldlega vísu eins og ónefndir stjórnmálaflokkar sem gerðu sjálfa sig að ríkisstofnunum á síðasta þingi þvert ofan í einkavæðingarvaðalinn sem vellur upp úr nýhaldsmönnum og þeirra fylgifiskum alla daga og dugði til að breyta RUV í ohf.

Ef Halldór Laxness væri enn hjá okkur mundi hann sjálfsagt votta okkar tímum verðskuldaða virðingu með því að færa nafnið á Íslandsklukkunni til nútímahorfs – Íslandsklukkan ohf. Eða Sjálfstætt fólk ohf.





**Er Neytendastofa nokkuð upptekin við svefnrannsóknir?**

Þær opinberu stofnanir sem eiga að verndа neytendur fyrir „Múskóvæðingunni“ láta lítið fyrir sér fara. Halda mætti að þær væru uppteknar við svefnrannsóknir. Á meðan líða neytendur fyrir Múskó-væðingu viðskiptalífsins.

**Skoðaðu málið á www.musko.is**

**Um hlutverk Neytendastofu**
4. gr. Neytendastofa fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum í umboði viðskiptaráðherra sem fer með framkvæmd laganna.
Hlutverk Neytendastofu samkvæmt lögum þessum er að:
a. framfylgja boðum og bönnum laganna,
b. ákveða aðgerðir gegn óréttmætum viðskiptaháttum,
c. stuðla að auknu gagnsæi markaðarins.

III. kafli. Eftirlit með gagnsæi markaðarins.
19. gr. Í því skyni að upplýsa neytendur og efla verðskyn þeirra aflar Neytendastofa upplýsinga um verð, verðmyndun og önnur viðskiptakjör og birtir niðurstöður eftir því sem ástæða þykir til. Neytendastofa skal setja verklagsreglur um öflun slíkra upplýsinga, meðferð þeirra og birtingu.

Meiri gæði · Lægra verð · MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**




Fiton/SIA

## VR færir félögum sínum góðar fréttir!

Félögum VR berast um þessar mundir gleðitíðindi, því verið er að greiða rúmlega 400 milljónir í varasjóð félagsmanna. En það er ekki allt. Frá og með 1. júlí lækka félagsgjöld VR um 30%, sem er veruleg kjarabót fyrir félaga VR.

Það er því óvenju gaman að opna póstinn frá VR þessa dagana!

Virðing
Réttlæti

VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

# Verðið

**Einfalt**
að klippa



4.998

**Hekkklippa, B&D**
Rafmagn, 400W, 40 sm blað
5083599




18.995

**Keðjusög, Texas**
Bensín, 45 cc, 40 sm blað
5083578

**Nú er tími**
til að klippa



**Greinaklippa, HiPoint**
5084663

699
~~1.195~~



33.995
~~54.995~~

**Hleðslusett, Worx**
18V, borvél, stingsög, hjólsög, ljós og 2 18V rafhlöður í vandaðri tösku
5244874

WORX
fyrir iðnaðarmannin

2.995
~~5.995~~



claber

**Ruslavagn, Claber**
M/loki , á hjólum
5081642

1.995
~~3.800~~



claber

**Slönguhjól, Claber**
Tekur 70 m af 1/2" slöngu
5081662

10.995
~~16.995~~



**Hjólsög, Worx**
1400W, 185 mm blað, í tösku.
5244844

Sama lága verðið um land allt

# lækkar í Húsasmiðjunni

## Henrad
miðstöðvarofnar
**30%** afsláttur

HENRAD OFNAR 10 ÁRA ÁBYRGÐ




## Opið alla daga til 21:00
í Skútuvogi, frá og með 1. apríl



**399** ~~995~~

**Laufhrífa**
22 tinda
5084344



**Malarskófla**
5082502
**595** ~~1.395~~

## Nú er tími
til að laga til í geymslunni

**Hillurekki, Clicrack**
180x90x40, galv, 4 hillur,
100 kg burðarþol
5803655
**5.495** ~~7.495~~

**Hillurekki, Titan**
200x100x40, grár, 6 hillur,
100 kg burðarþol
5803660
**7.496** ~~9.995~~

**Hillurekki, Duorack**
175x90x30, hvítur, 5 hillur,
50 kg burðarþol
5803658
**3.364** ~~4.485~~

**Hillurekki, Star Galva**
180x90x35, galv, 6 hillur,
90 kg burðarþol
5803663
**4.389** ~~5.855~~



**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

**ANNE FRANK (1929-1945) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Þrátt fyrir allt held ég að fólk sé í reynd gott inn við beinið.“*

***Dagbók Önnu Frank heldur áfram að hreyfa við lesendum, löngu eftir að stúlkan sjálf lést.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 31. MARS 1982

## *Doobie-bræður leggja upp laupana*

Á þessum degi árið 1982 var tilkynnt að bandaríska popprokksveitin The Doobie Brothers væri hætt störfum. The Doobie Brothers höfðu notið nokkurra vinsælda á áttunda áratugnum með lögum á borð við Listen to the Music, Black Water og China Grove. Sveitin átti orðið trygga aðdáendur sem syrgðu brotthvarf hennar mikið.



**THE DOOBIE BROTHERS** Vinsælir í Bandaríkjunum á áttunda áratugnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

The Doobie Brothers var stofnuð seint á sjöunda áratugnum og nafn sveitarinnar vísar til marijúananeyslu. Ekki leið á löngu áður en hljómsveitin hafði eignast aðdáendur víða um Kaliforníu, sér í lagi meðal meðlima mótorhjólaklíkunnar Hells Angels. Árið 1970 fékk sveitin samning við Warner-plötufyrirtækið en fyrsta platan vakti enga athygli. Næstu tvær plötur slógu hins vegar í gegn og mikil velgengni fylgdi í kjölfarið. Það var fyrst og fremst laginu Long Train Running að þakka en það nýtur mikilla vinsælda enn þann dag í dag. Á áttunda áratugnum gengu The Doobie Brothers í gegnum miklar mannabreytingar og að lokum leystist sveitin upp. Síðar var hljómsveitin endurvakin og sóttu gömlu aðdáendurnir tónleika hennar stíft. Ekki var þó mikið um að nýjar kynslóðir fengju áhuga á The Doobie Brothers.

### MERKISATBURÐIR

**1863** Vilhelmína Lever kýs í bæjarstjórnarkosningum á Akureyri. Það var í fyrsta sinn sem kona kaus til sveitarstjórnar á Íslandi.

**1889** Eiffelturninn er vígður.

**1905** Gull finnst í Öskjuhlíð við jarðboranir. Við eftirgrennslan kom í ljós að vinnsla þess myndi ekki myndi borga sig.

**1917** Bandaríkin kaupa Jómfrúareyjar af Dönum.

**1979** Steingrímur Hermannsson er kjörinn formaður Framsóknarflokksins.

**1990** Viðbygging við Háskólabíó er tekin í notkun. Fyrir tilkomu hennar var þar einungis einn sýningarsalur.





**HÁSKÓLINN Á AKUREYRI** Valgerður Sverrisdóttir og Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri.

# Heimskautaréttur við HA

Háskólinn á Akureyri og utanríkisráðuneytið hafa gert með sér samning um leigu á húsnæði skólans fyrir þýðingastarfsemi ráðuneytisins. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra opnaði útibú þýðingamiðstöðvarinnar á fréttamannafundi á fimmtudaginn. Faglegt samstarf skólans og ráðuneytisins mun miðla reynslu og þekkingu ráðuneytisins til háskólans auk þess sem ráðuneytið mun nýta starfskrafta nemenda skólans. Ráðuneytið mun auk þess styrkja skólann til undirbúnings og uppbyggingar á meistaranámi í heimskautarétti við Félags- og lögfræðideild háskólans.



**FRÁBÆRT TÆKIFÆRI** Íslensku nemendurnir eru sammála um að samstarfsverkefnið sé til eftirbreytni og frábært tækifæri. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**LISTDANSSKÓLI ÍSLANDS:** NEMENDUR SÝNA Í FINNLANDI

# Dansa við lifandi tónlist

Fjórir nemendur Listdansskóla Íslands halda til Turku í Finnlandi í byrjun apríl. Þar munu þeir sýna verk eftir Elli Laukkanen, sem hefur verið gestakennari við skólann frá því í janúar. „Það hefur verið samstarf á milli Listdansskólans og skólans í Turku í nokkur ár,“ sagði Lauren Hauser, skólastjóri Listdansskóla Íslands. Kennaraskiptin eru liður í því, og hélt Lauren sjálf til Turku í mánuðinum til að kenna. Henni finnst skiptin afar mikilvæg. „Þau eru mikilvæg upp á fjölbreytni og nýjungar. Eins er mikilvægt fyrir okkar kennara að fá að fara út,“ sagði hún.

Í verkinu dansa íslensku nemendurnir Ólöf Gunnarsdóttir, Halla Þórðardóttir, Hjördís Gestsdóttir og Hildur Ólafsdóttir. Diina Bukareva, skiptinemandi frá Finnlandi, er einnig í hópnum. Ólöf sagði hópinn vera mjög ánægðan með verkefnið. „Við fáum oft gestakennara uppi í Listdansskóla, sem koma frá útlöndum og eru kannski í viku. En við höfum aldrei unnið svona verkefni áður. Okkur finnst þetta rosalega skemmtilegt og frábært tækifæri til þess að sýna hvað maður getur,“ sagði hún. Stúlkurnar eru allar að klára þriðja ár í menntaskóla og stefna á útskrift næsta vor.

Hópurinn heldur utan 9. apríl, en sýningin er áformuð þann sautjánda. „Við sýnum við lifandi tónlist. Hljómsveitin sem spilar undir er öll í Finnlandi, svo við höfum ekkert æft með henni. Þess vegna þurfum við að mæta svona tímanlega,“ útskýrði Ólöf. Stúlkurnar hafa ekki dansað við lifandi tónlist áður. „Það verður spennandi að vita hvernig það verður. Tónlistin er þá aldrei eins,“ sagði Ólöf. Um hljóðfæraleik sjá nemendur í samstarfsskólanum í Turku.

Listdansskólinn kannar nú möguleika á því að verkið verði sýnt hér á landi í haust. „Þá myndum við vilja fá tónlistarnemendur í LHÍ til að flytja tónlistina,“ sagði Lauren Hauser. Ólöf er jafnframt spennt fyrir hugmyndinni. „Okkur langar rosalega að sýna hér líka. Þetta er mjög stórt verkefni og við erum búnar að æfa þetta lengi. Að dansa það einu sinni er kannski svolítil synd,“ sagði hún.



*Bestu þakkir fyrir auðsýnda samúð og velvild við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðnýjar Benediktsdóttur**

frá Garði, Aðaldal, f. 21. mars 1917 og d. 16. mars 2007.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sjúkrahúss Húsavíkur.

Benedikt Skarphéðinsson — Ingveldur Haraldsdóttir
Halldór Skarphéðinsson
Guðmundur Skarphéðinsson — Enrice Ernst
Valdimar Hólm Skarphéðinsson
Guðný Valborg Benediktsdóttir — Ingi Sölvi Arnarson
Guðrún Matthildur Benediktsdóttir — Ívar Örn Árnason
Héðinn Valdimarsson
Baldvin Bragi Ingason



*Ástkær móðir okkar og tengdamóðir*

**Vigdís Kristjánsdóttir Schram (Nenna)**

andaðist 28. mars. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 3. apríl kl. 15.

f.h. fjölskyldu hennar,

Kristján Tómas Ragnarsson — Hrafnhildur Ágústsdóttir
Lára Margrét Ragnarsdóttir
Árni Tómas Ragnarsson — Selma Guðmundsdóttir
Ásta Kristrún Ragnarsdóttir — Valgeir Guðjónsson
Hallgrímur Tómas Ragnarsson — Anna Haraldsdóttir

# Ný stjórn Bílgreinasambandsins

Aðalfundur Bílgreinasambandsins sem haldinn var í síðustu viku hvetur stjórnvöld til að breyta núverandi fyrirkomulagi á vörugjöldum á bifreiðum. Lagt er til að skattlagning bifreiða verði einfölduð þannig að aðeins verði einn flokkur vörugjalda á öllum ökutækjum. Hann skuli nema fimmtán prósentum af innkaupsverði en gjöld af ökutækjum til atvinnureksturs verði óbreytt.

Í ályktun fundarins segir að með núverandi fyrirkomulagi sem miðast við sprengirými véla sé fólki mismunað. Þeir sem eigi stórar fjölskyldur og þurfi þar af leiðandi stærri bíl greiði hærri gjöld í ríkissjóð óháð mengun eða eyðslu.

Þá hvetur fundurinn stjórnmálaflokkana til að sameinast um að hönnun og framkvæmdum við Sundabraut og Suðurlandsveg verði lokið á næstu þremur árum.

Nýja stjórn bílgreinasambandsins skipa: Egill Jóhannsson, framkvæmdastjóri Brimborgar, formaður, Gunnar Rafnsson frá Stórholti, Guðmundur Ingi Skúlason frá Kistufelli, Benedikt Eyjólfsson frá Bílabúð Benna, Gunnlaugur Bjarnason frá GB Tjónaviðgerðum, Haukur Guðjónsson frá Ingvari Helgasyni og Knútur Hauksson frá Heklu. -þo



**NÝ STJÓRN BÍLGREINASAMBANDSINS** Bílgreinasambandið leggur til að skattlagning bifreiða verði einfölduð.

# 7% VSK

## Nú gerum við enn betur og lækkum virðisaukaskatt á húsgögnum úr 24.5% í 7%



ÞÚ SPARAR 52.915kr

MEÐ 7% VSK 96.085kr
Tilboðsverð 111.800,-
Listaverð 149.900,-

ÞÚ SPARAR 30.154kr

MEÐ 7% VSK 54.746kr
Tilboðsverð 63.700,-
Listaverð 84.900,-

ÞÚ SPARAR 130.000kr

MEÐ 7% VSK 99.900kr
Tilboðsverð 116.239,-
Listaverð 229.900,-

**Hægindasófi** 2322 **Hægindastóll** 2322 **Leðursófasett** 2323



Gott verð 3.990kr

**40% AFSLÁTTUR AF IMPERIAL**

| Rúmstærð | Listaverð | Tilboðsverð | 7% VSK | ÞÚ SPARAR |
|---|---|---|---|---|
| 90X200 | 68.900kr | ~~41.340kr~~ | 35.529kr | 33.370kr |
| 150X200 | 98.280kr | ~~58.900kr~~ | 50.654kr | 47.626kr |
| 180X200 | 119.880kr | ~~71.900kr~~ | 61.834kr | 58.046kr |




AFSLÁTTUR 40%

**Púðar** **Imperial**





## VERÐDÆMI

| | verð áður | verð með 7% VSK |
|---|---|---|
| Borðstofuborð | ~~59.990kr~~ | 51.480kr |
| Borðstofustólar | ~~14.900kr~~ | 12.806kr |
| Sófaborð | ~~29.900kr~~ | 25.697kr |
| Rúm 180x180 | ~~71.900kr~~ | 61.794kr |

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 7. apríl eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Lífið er meira en fótbolti

**Pétur Marteinsson og Unnur Valdimarsdóttir eru nýflutt aftur til Íslands eftir meira en tíu ára dvöl erlendis. Pétur, sem á farsælan fótboltaferil að baki í Svíþjóð, Noregi og Bretlandi, er nýfarinn að leika með KR, en Unnur er nýráðin dósent og forstöðumaður námsbrautar í lýðheilsuvísindum hjá HÍ. En stærsta og dýrmætasta verkefni þeirra hjóna er tveggja ára dóttirin Lilja sem þau ættleiddu frá Kína fyrir rúmu ári. *Anna Margrét Björnsson* ræddi við ungu hjónin yfir ilmandi kaffi á sólríkum marsdegi í Vesturbænum.**



**HAMINGJUSÖM FJÖLSKYLDA** Pétur Marteinsson og Unnur Valdimarsdóttir ásamt dótturinni Lilju sem er rúmlega tveggja ára að byrja í leikskóla.

> Við erum innilega þakklát fyrir að hafa ekki eignast barn með okkar þreyttu norrænu erfðaefnum.

Við fluttum fyrst út fyrir ellefu árum,“ segir knattspyrnumaðurinn Pétur Marteinsson um leið og hann hellir í kaffibollann minn. Heimili hans og eiginkonu hans, Unnar Valdimarsdóttur, er afar bjart og smekklegt og ekki spillir fyrir að gamall og virðulegur Boxer-hundur dinglar vinalegu skotti. Litla, fallega dóttirin Lilja er upptekin við leik og situr einbeitt við verkið með snuð í munni og kex í hendi. „Árið ‘95 var ég að spila með Fram og Unnur var að klára sálfræði í Háskólanum. Við höfðum ákveðið að fara til Bandaríkjanna í nám, vorum á leiðinni til Berkeley við San Francisco. Ég var að velta fyrir mér að fara í „pre-med“ nám og Unnur ætlaði að halda áfram í sínu námi. En þá fæ ég upphringingu og fæ þetta flotta tilboð frá Hammarby í Svíþjóð. Mér var boðinn atvinnumannasamningur og við sáum að þetta hentaði bara vel og drifum okkur til Svíþjóðar.“ Þar var Pétri boðin tvö ár og svo framlenging og þá hélt Unnur áfram doktorsnámi sínu við Karólínska háskólann í Stokkhólmi.

„Ég lærði þar faraldsfræði sem er aðferðarfræði til að rannsaka orsakir sjúkdóma,“ útskýrir Unnur. „Við vorum í Svíþjóð í 3 ár en svo ‘99 flutti Pétur til Oslóar og ég til hálfs.“ Hjónin dvöldu í 3 ár í Noregi þar sem Pétur lék með Stabækliðinu, en svo fékk Pétur tilboð um að leika með Stoke í Bretlandi. Þau fluttu í lítið þorp nálægt Stoke-on-Trent og láta vel af dvölinni. „Við bjuggum í örlitlu samfélagi. Ég mætti í bingó og teboð með konum í rósóttum blómakjólum,“ hlær Unnur. „Þetta var alveg meiri háttar,“ segir Pétur. „Ég fór einu sinni á pöbbinn með hundinn minn og sest niður og kaupi Guinness. Þá kemur maður og segir „Þú situr í sætinu mínu.“ Ég hélt að hann væri að grínast en þá varð hann hinn alvarlegasti og sagði „Piss off!“ Þá átti hann bara alltaf sitt sæti á pöbbnum.“ En stemningin hjá Stoke-liðinu var ekki upp á marga fiska. „Ekki hjá mér allavega,“ útskýrir Pétur. „Mér samdi ekki við þjálfarann og í fyrsta skipti á mínum ferli þá mætti ég mótlæti. Mér fannst það ekki mjög gaman svona á þessum aldri, 28 ára, að vera alltaf sett ur á bekkinn eða upp í stúku og ég fékk ekki að fara með í ferðir og varð bara frekar fúll. Það var kominn þjálfari með nýja speki og sína menn og ég bara passaði ekki inn í dæmið. Minn tími var kominn, mér buðust störf á öðrum stöðum í Evrópu en þar sem Unni bauðst frábær fræðimannsstaða á þessum tímapunkti við Karólínska háskólann í Stokkhólmi fluttum við aftur þangað og ég fór að leika aftur með Hammarby.“ Ákvörðunin um að flytja svo til Íslands eftir ellefu ára fjarveru var að mestu félagsleg segja hjónin, og var tekin vegna dótturinnar Lilju.

### Alltaf ákveðin í að ættleiða

„Ef við hefðum hugsað bara um ferilinn þá leit framtíðin bjartar út fyrir okkur erlendis. En við vildum fara heim vegna Lilju. Við vildum að hún gæti alist upp á Íslandi og fengi að kynnast öfum og ömmum og stórfjölskyldunni, gæti gengið hér í skóla og talað íslenska tungu,“ segir Pétur. „Ég var búin að sérhæfa mig mikið í gegnum námið og rannsóknirnar erlendis og bjóst ekki við neinni stöðu við hæfi hér heima. Allt í einu var auglýst þessi forstöðumannsstaða við Háskóla Íslands sem var eins og sniðin fyrir mig. Lýðheilsuvísindi er nýtt meistaraog doktorsnám við HÍ og er hugsuð sem þverfræðileg námsbraut þar sem nemendur nema rannsóknaraðferðir sem nota má til þess að finna áhættuþætti, sjúkdóma og forspárþætti heilsu og lífsgæða.“

Haustið 2003, sama haust og þau fluttu frá Bretlandi til Svíþjóðar sóttu hjónin um ættleiðingu á barni frá Kína. „Við höfðum vitað frá fyrstu kynnum að við vildum ættleiða barn. Við getum sagt sem svo að við fullreyndum það ekki að reyna að eignast barn, við ákváðum að reyna það ekki frekar og þetta var frekar yfirvegað val að ákveða ættleiðingu. Ég held að það séu undarlega fáir sem taka þessa ákvörðun svona snemma á ævinni, en tíminn vann líka með okkur.“ Ég spyr hvort það sé einhver félagsleg vitund líka sem spili inn í þegar barn frá þriðja heiminum er ættleitt, eins og stjörnur í Hollywood eru ötular við að predika.

„Nei, þetta er algjörlega sjálfselsk ákvörðun. Maður vill bara vera foreldri,“ segir Pétur. „Þegar allt kemur til alls þá er maður að gera þetta fyrir sjálfan sig,“ bætir Unnur við. „Og auðvitað kemur eitthvað gott út úr því, líka fyrir barnið. En ég held að það séu ranglar forsendur ef fólk er í þessu fyrir einhverja fórnfýsi gagnvart heimssamfélaginu.“ Pétur bætir við að „venjulegt“ fólk þurfi að fara í gegnum ákaflega strangt síunarferli til að athuga hvort það séu hæfir foreldrar. Unnur segir að ríkjandi viðhorf sé einnig að fólk segi í sífellu: Mikið er hún heppin, að fá svona góða fjölskyldu og svo framvegis. En það erum við sem erum þau heppnu! Eins og öllum foreldrum finnst okkur hún auðvitað bera af öðrum börnum og erum innilega þakklát fyrir að hafa ekki eignast barn með okkar þreyttu norrænu erfðaefnum.“

### Töfrastund að eignast barn

Pétur segir þau vita af stækkandi hópi foreldra sem hafa ættleitt frá Kína hér á Íslandi en hafa ekki kynnst þeim enn. „Við gengum í gegnum það allt í Svíþjóð en þar fór ættleiðingarferlið fram. Við fórum átta pör til Kína saman, til Guangxi, sem er hérað á landamærum Víetnam.“ Um níu vikum áður en þau fengu barnið í fangið fengu þau símtal um að Lilja yrði dóttir þeirra og að þau ættu að sækja hana á tiltekinn stað. „Engar fleiri málalengingar þar,“ segir Unnur. „Það var ótrúlega tilfinningaríkt andartak. Hún var þá 5-6 mánaða og við fórum út um það bil þremur mánuðum síðar. Öll börn sem eru til ættleiðingar í Kína eru yfirgefin nafnlaus börn, oftast stúlkubörn, yfirgefin vegna þessara reglna sem stjórnvöld setja um að eiga eitt barn. Lilja er sumsé barn þessa kerfis og saga þessara barna er öll sú sama. Við vitum ósköp lítið til viðbótar um sögu Lilju og það er líka eitthvað sem við ætlum bara að halda fyrir okkur.“

Pétur segir þau hafa byrjað snemma að ræða við Lilju um uppruna hennar. „Við sýnum henni myndir fra Kína og fyrir henni er orðið Kína samnefnari fyrir ljósmyndir! Við útskýrum hvað við vorum glöð þegar við fengum hana og þá verður hún stolt á svip. Stundum finnst okkur að hún skilji þetta allt saman.“ Þau játa því að þau hafi orðið dálítið örlagatrúar eftir þessa reynslu. „Maður getur ekki annað, eftir að upplifa svona töfrastund, að verða foreldri barns annars staðar að úr heiminum. Við hefðum ekki getað hugsað okkur neitt annað barn. Við gætum ekki ímyndað okkur að elska nokkurt barn eins og við elskum Lilju.“ Unnur og Pétur útskýra að Lilja sé í aðlögun í leikskólanum sínum, aðlögun sem taki aðeins lengri tíma fyrir ættleidd börn en önnur. „Henni finnst sárt að sjá okkur fara frá sér. Hún var líka einkennilega hrædd við kínverskt fólk í vinnunni hjá mér, ef til vill minnti það á eitthvert óöryggi um aðstæður sínar þegar hún bjó á barnaheimilinu.“ Pétur bætir við að hún hafi þó eflaust búið við góðan aðbúnað á barnaheimilinu í Kína. „Okkur fannst Kínverjar almennt afskaplega barngott og barngælið fólk. Það er ekki fólkinu að kenna hvaða lög kommúnistastjórnin setur.“ Pétur vill taka það fram að hann sé alls ekki að hugsa um uppruna Lilju á degi hverjum. „Hún er bara dóttir okkar. Um daginn var náungi sem labbaði að mér á leikvellinum og spurði hvort hún væri frá Kína. Ég varð eiginlega alveg hissa að hann skyldi sjá þetta, því fyrir mér var hún bara dóttir mín.“ Lilja er komin frá leiktölvuskjánum og þeysist nú fimlega upp á eldhúsborð í von um að finna meira kex. Hún hefur væntanlega fengið einstaka íþróttayfirburði í vöggugjöf. „Hún hefur áhuga á fótbolta,“ staðhæfir Pétur. „Þegar hún var nýkomin frá Kína fórum við öll saman til Möltu í æfingabúðir í viku og Lilja horfði á leiki. Áhuginn kviknaði þar! Henni finnst mjög gaman að sparka í bolta!“

### Að verða KR-ingur á gamalsaldri

Pétur segist hafa mjög gaman af því að vera kominn aftur í íslensku keyrsluna í fótboltanum. „Ég hélt að það yrði meira menningarsjokk að fara að æfa hérna, en þetta er frábært. Það er bara eitt sem ég þoli ekki, það er blessað rokið. Hvort sem það er að labba með hundinn eða að æfa úti á KR-vellinum.“ Pétur, sem er fæddur og uppalinn Framari, segir það ekki hafa verið auðvelda ákvörðun að fara yfir til KR. „Það voru ýmsir hér heima sem töluðu við mig þegar það spurðist út að ég væri ef til vill á leiðinni heim. En þegar ég hafði spjallað við KR og Teit Þórðarson þá leist mér svo vel á þetta allt. Svo vorum við flutt í vesturbæinn og mér fannst ákveðinn sjarmi að vera bara í hverfisliðinu. Þetta er mjög vinalegt.“ Ég spyr Unni hvernig sé að vera „footballer’s wife“. Unnur hristir hausinn og segir kaldhæðin sig vera endalaust í fegrunaraðgerðum. „Nei, en vissulega eru þessar týpur til. Þetta er sko engin mýta. En annars finnst mér gaman að fara á völlinn og horfa á Pétur spila, mér finnst hann svo klár. Og núna er þetta líka frábært því að það er brjálað að gera hjá mér og Pétur hefur, sökum atvinnu sinnar, meiri tíma og sveigjanleika fyrir dóttur okkar.“ Hann segir að úti hafi æfingar verið um miðjan dag en hér heima gefst honum tími til að sinna Lilju og heimilinu á daginn og fara svo á æfingar klukkan fimm. „Ég er að vísu líka að vinna í KR-akademíunni sem er eins konar tilraunahópur til að rækta góðan fótboltaefnivið. Þetta eru um 25 frábærir strákar á menntaskólaaldri sem KR hefur trú á og ég er lærifaðir/mentor þeirra. Það er virkilega skemmtilegt. Ég er orðinn 33 ára gamall og það þykir að vera eldgamall í hettunni í fótbolta. Ég á því 2-3 ár eftir í boltanum en gæti mjög vel hugsað mér að vinna so meira með akademíunni í framtíðinni. Það er að ýmsu að líta á þessum aldri hjá strákunum og ég get vonandi gefið þeim þau tól og tæki sem þeir þurfa til að verða betri knattspyrnumenn. Ég er líka að vinna í ýmsum öðrum verkefnum hja KR þannig að ég er orðinn ansi mikill KR-ingur!“ Unnur segir Pétur þó ekki illa haldinn af fótboltamaníu. „Þetta er bara vinnan hans. Hann horfir ekki einu sinni á boltann í sjónvarpinu.“ Hann er sumsé ekki límdur við skjáinn með bjór í hendi yfir enska boltanum allar helgar? „Nei, ég á ekki einu sinni þessar stöðvar,“ segir Pétur og hlær. „Ég held með mínu liði, Manchester United, en ég horfi eiginlega aldrei á leiki. Lífið getur ekki bara snúist um fótbolta!“■


RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
KASTARADAGAR
2995-
1995-
995-
2495-
1495-
2995-
995-
3995-
2995-
3995-
1995-
2995-
1995-
3495-
995-
LITIR: STÁL, HVÍTT, ANTIK OG GYLLT
3995-
2995-
1995-
3995-
2995-
3995-
2995-
995-
1995-
2495-
1495-
2495-
995-
2995-
1995-
3995-
995-
2995-
1595-
895-
995-
995-
1995-
495-
1995-
3995-
2995-
4995-
1495-
4995-
1995-
2995-
1595-
1995-
995-
1695-
995-
1595-
1995-
995-
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00-17:00
sunnud. 11:00-17:00
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

## KOSNINGAR 2007

Vinstri sveifla meðal kvenna getur ráðið úrslitum í kosningunum 12. maí, segja fræðimenn. Staða kvenna á Alþingi er óviðunandi að mati utanríkisráðherra en tvær konur gegna formennsku í tólf fastanefndum Alþingis. Fyrir aðra greinina af átta í kosningagreinaflokki Fréttablaðsins skoðuðu blaðamennirnir *Magnús Halldórsson* og *Þórður Snær Júlíusson* stöðu kvenna á framboðslistum, í nefndarstarfi Alþingis og leituðust við draga fram skýra mynd af stöðunni. Einn flokkur, Framsóknarflokkurinn, er með jöfn kynjahlutföll frambjóðenda í þremur efstu sætum en aðeins hjá Vinstri grænum eru konur fleiri frambjóðendur en karlar í þremur efstu sætunum.



### Framsóknarflokkurinn




| | 1-6 sæti | 1-3 sæti | Fyrsta sæti |
|---|---|---|---|
| NA | 2 | 1 | 1 |
| NV | 4 | 1 | 0 |
| R.vík N | 3 | 1 | 0 |
| R.vík S | 4 | 3 | 1 |
| SV | 3 | 2 | 1 |
| S | 4 | 1 | 0 |
| Samt. | 20/36 | 9/18 | 3/6 |
| Samt. % | 55% | 50% | 50% |

Fimm af ellefu þingmönnum flokksins eru konur. Formaður þingflokks er karlmaður.

### Sjálfstæðisflokkurinn




| | 1-6 sæti | 1-3 sæti | Fyrsta sæti |
|---|---|---|---|
| NA | 3 | 2 | 0 |
| NV | 3 | 0 | 0 |
| R.vík N | 3 | 1 | 0 |
| R.vík S | 2 | 0 | 0 |
| SV | 3 | 1 | 1 |
| S | 3 | 0 | 0 |
| Samt. | 17/36 | 4/18 | 1/6 |
| Samt. % | 47% | 22% | 17% |

Sjö af 23 núverandi þingmönnum Sjálfstæðisflokksins eru konur. Formaður þingflokks er kona.

### Frjálslyndi flokkurinn




| | 1-6 sæti | 1-3 sæti | Fyrsta sæti |
|---|---|---|---|
| NA | 2 | 1 | 0 |
| NV | 3 | 1 | 0 |
| R.vík N | 3 | 2 | 0 |
| R.vík S | 1 | 1 | 0 |
| SV | 3 | 1 | 1 |
| S | 1 | 1 | 0 |
| Samt. | 13/36 | 7/18 | 1/6 |
| Samt. % | 36% | 39% | 17% |

Allir fimm þingmenn flokksins eru karlmenn. Formaður þingflokks er karlmaður.

### Samfylkingin




| | 1-6 sæti | 1-3 sæti | Fyrsta sæti |
|---|---|---|---|
| NA | 3 | 1 | 0 |
| NV | 3 | 1 | 0 |
| R.vík N | 3 | 1 | 0 |
| R.vík S | 3 | 2 | 1 |
| SV | 2 | 2 | 0 |
| S | 3 | 0 | 0 |
| Samt. | 17/36 | 7/18 | 1/6 |
| Samt. % | 47% | 39% | 17% |

Níu af nítján núverandi þingmönnum flokksins eru konur. Formaður þingflokks er karlmaður.

### Vinstrihreyfingin-grænt framboð




| | 1-6 sæti | 1-3 sæti | Fyrsta sæti |
|---|---|---|---|
| NA | 3 | 1 | 0 |
| NV | 4 | 2 | 0 |
| R.vík N | 3 | 1 | 1 |
| R.vík S | 4 | 3 | 1 |
| SV | 3 | 1 | 0 |
| S | 4 | 2 | 0 |
| Samt. | 21/36 | 10/18 | 2/6 |
| Samt. % | 58% | 56% | 33% |

Tveir af hverjum fimm þingmönnum flokksins eru konur. Formaður þingflokks er karlmaður.

# Kynjajafnræði mest hjá Framsókn

**Framsóknarflokkurinn og Vinstri græn eru með mest jafnræði milli kynja á framboðslistum sínum. Einungis fjórir af átján frambjóðendum Sjálfstæðisflokksins sem sitja í þremur efstu sætum á framboðslista eru konur. Frjálslyndir eru með minnst jafnræði milli kynja á framboðslistum.**

Tuttugu og þrír af 63 þingmönnum þjóðarinnar eru konur, eða 37 prósent þeirra. Fjórar konur gegna ráðherraembættum, en þau eru allt í allt tólf. Þrjár þeirra eru framsóknarkonur, Jónína Bjartmarz, Siv Friðleifsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir. Eini kvenráðherra Sjálfstæðisflokksins er menntamálaráðherrann Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

### Einn þingflokksformaður kona

Þá er einungis ein kona þingflokksformaður í þeim fimm flokkum sem nú sitja á Alþingi, Arnbjörg Sveinsdóttir hjá Sjálfstæðisflokknum.

Þegar tólf fastanefndir Alþingis eru skoðaðar kemur í ljós að staða kvenna þar er einnig ójöfn. Tvær konur gegna formennsku í þessum nefndum, Drífa Hjartardóttir í landbúnaðarnefnd og Dagný Jónsdóttir í félagsmálanefnd. Af þeim 110 sætum sem eru í boði í fastanefndunum tilheyra 33 konum, eða tæpur þriðjungur. Staðan er lítið jafnari í alþjóðanefndum þingsins þar sem konur sitja í 27 sætum af þeim 74 sem eru í boði. Í tveimur af níu alþjóðanefndunum eru kvenkyns formenn, Ásta Möller í Íslandsdeild Alþjóðaþingsambandsins og Sigríður Anna Þórðardóttir í Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

### NEFNDARSTÖRF

- Konur eiga 33 sæti af 110 í fastanefndum Alþingis, sem eru tólf talsins.
- Konur gegna formennsku í tveimur af þessum nefndum, Drífa Hjartardóttir í landbúnaðarnefnd og Dagný Jónsdóttir í félagsmálanefnd.
- Í þeirri nefnd þar sem umfangsmesta starfið fer fram, fjárlaganefnd, eru þrjár konur af ellefu fulltrúum.
- Í alþjóðanefndum þingsins eiga konur 27 sæti af 74. Tvær konur eru formenn í samtals níu nefndum, Ásta Möller í Íslandsdeild Alþjóðaþingsambandsins og Sigríður Anna Þórðardóttir í Íslandsdeild Norðurlandaráðs.
- Konur eru í meirihluta í tveimur af þessum níu nefndum, Íslandsdeild Norðurlandaráðs og Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.

### Veik staða sjálfstæðiskvenna

Þegar staða kvenna á framboðslistum flokkanna fyrir komandi alþingiskosningar er krufin vekur veik staða kvenna í efstu þremur sætum á listum Sjálfstæðisflokksins í öllum kjördæmum athygli. Af átján frambjóðendum sem sitja í þeim sætum eru einungis fjórar konur, eða 22 prósent þeirra sem þar er teflt fram. Það er lægsta hlutfall kvenna í framvarðasveit þingflokkanna fimm.

Helmingur sjálfstæðiskvenna í efstu sætunum eru boðnar fram í Norðausturkjördæmi, þar sem Arnbjörg Sveinsdóttir og Ólöf Norðdal sitja í öðru og þriðja sæti. Ein kona leiðir lista Sjálfstæðisflokksins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður flokksins í Suðvesturkjördæmi. Þrettán af þeim sautján konum sem teflt er fram í efstu sætum á framboðslistum Sjálfstæðisflokksins sitja því í fjórða til sjötta sæti, sem þýðir að konur eru 76 prósent þeirra sem sitja í þeim sætum á listunum.

Af 23 núverandi þingmönnum flokksins eru sjö konur, eða tæpur þriðjungur þingliðs hans.

### Ein kona leiðir framboðslista

Reykjavík suður er eina af sex kjördæmum landsins þar sem Samfylkingin býður fram konu sem leiðtoga lista, en þar situr formaðurinn Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Hlutfall kvenna í sex efstu sætum er það sama og hjá Sjálfstæðisflokknum, eða 47 prósent. Þar af sitja 7 í þremur efstu sætunum, sem gerir það að verkum að 39 prósent frambjóðenda flokksins í þeim sætum eru konur. Á síðasta kjörtímabili voru níu af nítján þingmönnum flokksins konur.

### Mikið jafnræði hjá Framsókn

Framsóknarflokkurinn er eini flokkurinn sem er með jafn margar konur sem leiða lista í kjördæmunum sex og karlmenn, en kvenráðherrar flokksins skipa allar efsta sæti framboðslistanna í sínu kjördæmi. Þá eru fleiri konur í efstu sex sætum á listum flokksins en karlmenn og fullkomið jafnræði milli kynjanna þegar horft er á efstu þrjú sætin. Fimm af ellefu þingmönnum flokksins eru konur og líkt og fyrr segir

## ALGJÖRLEGA ÓVIÐUNANDI STAÐA

„Mér finnst það algjörlega óviðunandi að tvær konur séu formenn í fastanefndum Alþingis,“ segir Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra um stöðu kvenna í nefndum Alþingis. Tvær konur gegna formennsku í tólf fastanefndum, Drífa Hjartardóttir í landbúnaðarnefnd og Dagný Jónsdóttir í félagsmálanefnd. „Það er ekki nokkur vafi á því að flokkarnir, og ekki síst þeir sem eru við stjórnvölinn hverju sinni, þurfa að standa sig betur í þessum málum þó hægt og bítandi þokist jafnréttismál í rétta átt. Ég vil þó taka fram að minn flokkur [Framsóknarflokkurinn] hefur staðið sig vel enda er helmingur ráðherra flokksins konur og auk þess er framsóknarkona nefndarformaður.“



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Fastanefndir Alþingis eru samtals tólf talsins, allsherjarnefnd, félagsmálanefnd, heilbrigðis- og tryggingarnefnd, efnahags- og viðskiptanefnd, fjárlaganefnd, iðnaðarnefnd, landbúnaðarnefnd, menntamálanefnd, samgöngunefnd, sjávarútvegsnefnd, umhverfisnefnd og utanríkismálanefnd.

## KVENNAFYLGIÐ AÐ SVEIFLAST TIL VINSTRI

Útlit er fyrir að konur geti skipt sköpum í kosningunum í vor en kannanir hafa sýnt að allt upp í 58 prósent kvenna ætli sér að kjósa Vinstri græn eða Samfylkinguna. Í síðustu kosningum kusu 48 prósent kvenna annaðhvort Vinstri græn eða Samfylkinguna en um 38 prósent karla. „Það er greinileg vinstrisveifla meðal kvenna og kannanir hafa sýnt að konurnar eru að færa sig frá Samfylkingunni til Vinstri grænna. Samkvæmt rannsóknum kusu 38 prósent kvenna Samfylkinguna í síðustu kosningum en um níu prósent kvenna kusu Vinstri græn. Miðað við nýjustu kannanir ætla 26 prósent kvenna að kjósa Samfylkinguna en um 29 prósent kvenna að kjósa Vinstri græn,“ segir Einar Mar Þórðarson, stjórnmálafræðingur hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. „Þetta þýðir að það eru miklu fleiri konur sem ætla sér að kjósa Vinstri græn frekar en Samfylkinguna, miðað við stöðuna eins og hún er núna. Þá er einnig augljóst að straumur kvennafylgisins er til vinstri frekar en til hægri og það gæti hæglega ráðið úrslitum.“



EINAR MAR ÞÓRÐARSON

## HORFA TIL ALMENNRAR VELFERÐAR

„Það er aldrei ásættanlegt ef kynjahlutföll eru ójöfn að óþörfu og það skiptir miklu máli að jafnréttissjónarmið séu í hávegum höfð á Alþingi, þar sem það sendir skilaboð út í samfélagið,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. „Þó að inn á þing sé komið þá er það nú staðreynd að nefndarformennskustörf og ráðherrastólar standa körlum frekar til boða.“

Ingibjörg Sólrún segir að framboð Kvennalistans, sem fyrst kom fram árið 1983, hafi haft varanleg áhrif á sýn kvenna á landslag íslenskra stjórnmála. „Ég held að kosningahegðun kvenna hafi breyst með framboði Kvennalistans. Atkvæði kvenna í kosningum ræðst töluvert af almannahagsmunum og almennri velferð samfélagsins, og þess vegna kjósa konur oft vinstri flokka frekar en hægri. Ég tel að umhverfisvakningu meðal kvenna hér á landi megi meðal annars rekja til þessara þátta, þar sem umhverfismálin skipta máli fyrir samfélagið allt og almannaheill.“



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR



Veiðimaðurinn 1940 · SPORTBÚÐIN · VEIÐIHORNIÐ

# Verðsprenging

## Vortilboðin hefjast í dag – Opið alla helgina

**Frábær vortilboð á nýjum vörum – Góður veiðibúnaður hefur aldrei verið ódýrari**



**Simms Classic Guide vöðlupakki.**
Simms Classic Guide Gore-tex vöðlur ásamt Simms Classic skóm.
**Fullt verð 54.800.**
**Vortilboð aðeins 43.900 eða aðeins 3.938 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Simms Freestone vöðlupakki.**
Simms Freestone öndunarvöðlur ásamt Simms Freestone skóm.
**Fullt verð 37.800.**
**Vortilboð aðeins 29.900 eða aðeins 2.730 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Simms L2 vöðlupakki.**
Simms L2 Gore-tex vöðlur ásamt Simms L2 skóm.
**Fullt verð 45.800.**
**Vortilboð aðeins 38.900 eða aðeins 3.506 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Scierra Blackwater Pro vöðlupakki.**
Scierra Blackwater Pro öndunarvöðlur ásamt Scierra skóm. Vöðlutaska fylgir.
**Fullt verð 45.990.**
**Vortilboð aðeins 34.900 eða aðeins 3.161 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Scierra Hydrovent vöðlupakki.**
Scierra Hydrovent öndunarvöðlur ásamt Scierra skóm.
**Fullt verð 48.795.**
**Vortilboð aðeins 36.900 eða aðeins 3.334 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Scierra MBQ vöðlupakki.**
Scierra MBQ öndunarvöðlur ásamt Scierra skóm.
**Fullt verð 29.990.**
**Vortilboð aðeins 23.900 eða aðeins 2.212 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**DAM vöðlupakki.**
DAM öndunarvöðlur ásamt DAM skóm.
**Fullt verð 28.990.**
**Vortilboð aðeins 22.900 eða aðeins 2.126 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**DAM vöðlupakki.**
DAM neoprenvöðlur ásamt DAM veiðijakka.
**Fullt verð 27.990.**
**Vortilboð aðeins 19.995 eða aðeins 1.875 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Ron Thompson vöðlupakki.**
Ron Thompson öndunarvöðlur ásamt Ron Thompson skóm.
**Fullt verð 28.900.**
**Vortilboð aðeins 22.900 eða aðeins 2.126 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Ron Thompson vöðlupakki.**
Ron Thompson neoprenvöðlur ásamt Ron Thompson veiðijakka.
**Fullt verð 25.990.**
**Vortilboð aðeins 18.990 eða aðeins 1.788 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Dam vöðlupakki með jakka.**
DAM öndunarvöðlur ásamt DAM skóm og DAM veiðijakka.
**Fullt verð 43.985.**
**Vortilboð aðeins 29.995 eða aðeins 2.738 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Ron Thompson vöðlupakki með jakka.**
Ron Thompson öndunarvöðlur ásamt Ron Thompson skóm og Ron Thompson jakka.
**Fullt verð 41.985.**
**Vortilboð aðeins 26.995 eða aðeins 2.479 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Munið vinsælu gjafabréfin okkar**
**Vortilboðin eru einnig á vefsíðum verslananna**



Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760



Krókháls 5 – Sími 517 8050



Síðumúli 8 – Sími 568 8410



## PÁSKASKRAUT

Á páskum vilja margir skreyta heimili sín. Páskaungar, egg og páskaliljur sjást því víða í gluggum, hillum og á matarborðum.

HEIMILI 5

## FERÐALANGUR FRÁ FORD

Ford Edge er nýr jepplingur sem virðist ætla að falla vel í kramið hjá landanum.

BÍLAR 2



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

**[ BÍLAR FERÐIR TÍSKA HEIMILI ]**

**Lúxuspáskar** í Prag með Heimsferðum eru nú möguleiki. Uppselt var í ferðina en Heimsferðum tókst að tryggja sér fimm viðbótarherbergi á Hilton Hotel og Corintia Towers.



**Toyota** býður til páskasýningar. Sá sem kemur með besta Toyota-málsháttinn fær risastórt páskaegg og 100.000 kr. í verðlaun. Einnig er þar getraun þar sem hægt er að vinna flugmiða fyrir tvo á áfangastaði Icelandair í Evrópu.

**Module** 3ja sæta sófi er á tilboði í Eggi. Hann kostaði áður 132.000 kr. en kostar nú 79.900 kr.

**Sienna Miller** hefur hannað fatalínu ásamt systur sinni fyrir Pepe Jeans.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 31. mars, 90. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.51 | 13.32 | 20.15 |
| Akureyri | 6.32 | 13.17 | 20.03 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000
Auglýsingasími Allt 550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Snæbjörn Kristjánsson er nýbúinn að leggja lokahönd á Willysinn hans afa sem nú skartar sínu fegursta. MYND/HEIÐA.IS

# Þriðji eigandi í beinan karllegg

***Willys-jeppinn kom nýr að bænum Hvammi í Eyjafirði árið 1946. Bíllinn er enn í notkun og er í eigu Snæbjörns Kristjánssonar, þriðja eiganda í beinan karllegg.***

„Föðurafa minn vantaði vinnuþjark sem gæti gengið í landbúnaðarstörf á bænum Hvammi í Eyjafirði. Bíllinn kom nýr til landsins árið 1946 og kostaði þá 10.000 krónur,“ segir Snæbjörn Kristjánsson, þriðji eigandi jeppans í beinan karllegg.

Jeppinn var notaður við almenn landbúnaðarstörf, til að aka skít, valta, herfa og ýta saman heyi. Auk þess að kenna sveitungum að keyra. „Móðurafi minn var með ökukennsluréttindi og það voru margir sem lærðu að keyra á Willysjeppanum, meðal annars pabbi og systir hans,“ segir Snæbjörn.

Willysinn var með fyrstu bílunum í sveitinni að sögn Snæbjörns og hann var óspart notaður til að aka ljósmæðrum og læknum.

„Á þessum tíma hjálpuðust allir að í sveitinni og ef vantaði aðstoð var hringt í afa sam lánaði bílinn ef þörf var á,“ segir Snæbjörn.

Faðir Snæbjörns tók síðan við bílnum af föður sínum og notaði hann óspart þangað til fyrir um fimmtán árum.

„Bíllinn var farinn að standa óhreyfður og þá kviknaði sú hugmynd hjá okkur bræðrunum að endurlífga bílinn svo hann myndi ekki grotna niður,“ segir Snæbjörn.

Félagi þeirra bræðra, Ríkharður Eiríksson, gerði bílinn upp og nýlega lögðu þeir bræður lokahönd á verkið.

„Við vorum að enda við að pússa og sprauta bílinn svo nú skartar hann sínu fegursta,“ segir Snæbjörn að vonum rogginn yfir gripnum.

*rh@frettabladid.is*



Er fermingarveisla framundan?

Piparrótarsósa með mangó chutney fylgir með fiskipate frá okkur

Fiskisaga

Ævintýralegar fiskbúðir

Búðakór 1 / Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / fiskisaga.is



**Bíllyklar** geta verið rándýrir, og illt í efni ef þeir týnast. Það margborgar sig að eiga aukalykla og geyma þá á vísum stað hjá fjölskyldu eða vini.

ekill ehf

Ökunám í fjarnámi !!!!

Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.

Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is

Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólanámskeið.
Fleiri námskeið eru væntanleg á næstu mánuðum
Ö2 námskeið / Aukin ökuréttindi / Fyrir lesblinda ofl.

Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is **ekill@ekill.is**

Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!

SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur"
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

REYNSLUAKSTUR



Ford Edge hefur verið vel tekið og einhverjir bílar hafa selst hérlendis án þess að kaupendur hafi prófað þá.

# Þægilegur ferðabíll

***Ford Edge er nýr blendingur sem eigendur General Motors binda miklar vonir við. Þeir mega vera bjartsýnir því þrátt fyrir ýmsa galla verður Edge að teljast mjög líklegur til vinsælda.***

Ford Edge er titlaður blendingur (crossover) en heitið er villandi. Hann er mun meiri borgarjeppi, stór og voldugur og með bensíneyðslu í takt við það. Útlitið er afar sérstakt og fá hönnuðir Ford stóran plús fyrir að láta hinar hörðu amerísku línur líta aðlaðandi út. Stórt og krómað framgrillið gerir bílinn grimman ásýndum, en um leið minnir það spaugilega mikið á brauðrist.

Ford hefur lagt mikið upp úr öryggi bílsins og státar hann af öllum helstu stöðugleika- og öryggiskerfum sem möguleg eru. Öryggi bílsins var hins vegar ekki prófað (af augljósum ástæðum) og EuroNCAP er ekki búið að meta bílinn svo ekki er hægt að leggja mat á staðhæfingar Ford að svo stöddu.

Styrkleikar Edge felast fyrst og fremst í því hversu þægilegur ferðabíll hann er. Fjöðrunin er mjúk (kannski full mjúk) og vélin er bæði kraftmikil og hljóðlát. Af plássi er nóg, bæði fyrir farþega fram í og aftur í, en eins og eðlilegt er þá kostar nægt pláss fyrir aftursætisfarþega alltaf minna skott en ella. Mælaborðið er vel heppnað og sætin eru þægileg. Þetta gerir bílinn þægilegan og það er einn mikilvægasti kostur sem bíll getur búið yfir, sérstaklega í lengri ferðum.

Þar sem fjöðrunin er mjúk hentar Edge þeim illa sem vilja skera beygjurnar. Hann er líka svolítið klunnalegur í þröngum götum auk þess sem útsýni úr bílnum er skert svo erfitt er að fá tilfinningu fyrir stöðu bílsins.

Ford Edge er fínn jepplingur jafnvel þótt hann minni á brauðrist. Hann er þá alla vega flottasta og kraftmesta brauðristin á götunni.

*tryggvi@frettabladid.is*

**Ford Edge**

**Vél:** 3,5 lítra bensín
365 hö / 339 Nm
**Þyngd:** 1.850
**Eyðsla:** 11,9 l/100 km
**Verð prufubíls:** 4.790.000 kr
**Verð frá:** 4.590.000 kr

**Plús:**
Kraftmikil vél
Þægilegur ferðabíll
**Mínus:**
Skert útsýn
Of mjúk fjöðrun



Edge er afar þægilegur ferðabíll og af plássi er nóg.



Bílstjórasætið er góður staður að vera á og skiptingin kemur skemmtilega á óvart.



## Mjótt á munum

FJÓRÐA UMFERÐIN Í WPSA-MÓTARÖÐINNI Í SNJÓKROSSI VAR HALDIN Á ÓLAFSFIRÐI.

Eftir fjórðu umferð mótaraðarinnar heldur Ásgeir Frímannsson á Arctic Cat eins stigs forystu í meistaraflokki á Íslandsmeistaranum Eyþór Hemmert Björnsson á Lynx. Meiri munur, eða 12 stig, er á Sæþóri Sigursteinssyni á Arctic Cat og Kára Jónssyni á Lynx í sportflokki en þeir hafa barist hart í mótunum í vetur.

Lokamótið er alþjóðlegt og verður haldið á Egilsstöðum 14. apríl.

Vinnuvélaeigendur!

Veljið réttu dekkin undir vélarnar

GALAXY

Þrautreynd vinnuvéladekk
um allan heim

GÆÐI Á GÓÐU VERÐI!

Iðnaðarmynstur fyrir
Traktorsgröfur og
Skotbómulyftara

Afturdekk - felgustærðir
24 - 28 tommur.

Framdekk - felgustærðir
18 og 20 tommur



Flestar stærðir til á lager!

GALAXY Fyrir flestar gerðir vinnuvéla

Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is

VÉLAVER

Omega
The Ultimate Lubricant

Enginn veit hvað gæði eru fyrr en reynt hefur Omega smurefnin!

Hamraberg ehf
Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ
S: 5667450
e-mail: magnusmv@simnet.is

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

Alternatorar – Startarar



Í Vinnuvélar, Fólksbíla, Vörubíla, Jarðýtur, Dráttarvélar, Bátavélar o.fl.

Yfir 40 ára reynsla og þekking

Á lager-Hraðpantanir.
Viðgerðir.

Valeo truma
Umboðið

Einnig:
Truma Gasmiðstöðvar

BÍLARAF
Auðbrekku 20,
Sími 564 0400

**Um páskana** stendur Ferðafélag Íslands fyrir gönguferðum í Landmannalaugum og Þórsmörk. Skálaverðir og fararstjóri verða á staðnum. Ef aðstæður leyfa verður farið á gönguskíði.





Björgvin Barðdal segir einangrun og hitakerfi hjólhýsa gera fólki kleift að búa í þeim þótt kuldinn bíti úti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sumrinu startað snemma

***Seglagerðin Ægir á Eyjarslóð 5 er með opið allan sólarhringinn nú um helgina fyrir þá sem vilja kynna sér úrvalið af hjólhýsum, fellihýsum, tjaldvögnum tjöldum og húsbílum. Björgvin Barðdal er framkvæmdastjóri.***

*Hvað kemur til að þið eruð með opið allan sólarhringinn?*
„Það er bara verið að starta sumrinu. Við prófuðum þetta í fyrra á sama tíma og sú tilraun heppnaðist vel. Það virðist eiga vel við Íslendinga að geta komið á óhefðbundnum verslunartíma, bæði fram á kvöld og líka snemma morguns.

Reyndar var mjög rólegt á tímabilinu frá fjögur fram til átta-níu í fyrra en þessi nýbreytni mæltist samt vel fyrir.“

*Hvaða fólk velur að kaupa sér hjólhýsi, fellihýsi eða tjaldvagn um miðja nótt?*
„Það er fólk sem vinnur allan daginn og á ekki heimangengt fyrr en á kvöldin. Þetta er nú gert líka til að hafa gaman af því.“

*Er fólk ódrukkið sem er á ferðinni á þessum tíma?*
„Já, já. Við fylgdumst með því í fyrra og það sást ekki vín á neinum. Fólk er bara að kynna sér það sem við höfum að bjóða. Við erum með tilboð á vögnum og líka öllum helstu aukahlutum sem við eiga.“

*Fer fólk með vagna út á vegina á þessum árstíma?*
„Já, það er ekkert því til fyrirstöðu ef veður og færð leyfa. Hjólhýsin sem verið er að bjóða upp á eru með það góðu hitakerfi og einangrun að hægt er að búa í þeim allan ársins hring. Því getur verið upplagt að leggja þeim nærri skíðasvæði að vetrinum og gera út þaðan.“

*gun@frettabladid.is*

# Ó, ó, óbyggðarferð..

***Þeir sem hafa hug á gönguferðum um páskana geta slegist í för með leiðsögumönnum Ferðafélags Íslands og Útivistar.***

Ferðafélagið stendur fyrir göngu í Landmannalaugum og nágrenni og líka Þórsmörk um páskana. Þangað þurfa menn að koma sér á eigin vegum en leiðsögumenn félagsins verða í dagsferðunum. Ef snjór er á svæðinu er hægt að fara á gönguskíði. Skálarnir verða opnir og skálaverðir á staðnum. Jeppadeild Ferðafélagsins verður líka í Þórsmörk og fer í daglegar ferðir þaðan alla páskahelgina.

Útivist er með skipulagða ferð. Ekið er í Landmannalaugar og gist þar. Á föstudaginn langa verður gengið í Hrafntinnusker og gist þar en síðan verður skíðað yfir Háskerðing og Torfajökul að skála Útivistar við Strút. Þar verður dvalið fram á mánudag og gengið um svæðið.

Fararstjóri er Reynir Þór Sigurðsson.



Göngur um hálendið eru hressandi ef búnaður er góður.

Páskar í Landmannalaugum og Þórsmörk

Gönguferðir, skíðaferðir, jeppaferðir, kvöldvökur.

- Kirkjuferð að Hvalsnesi á Skírdag
- Skíðaferðir á Eyjafjallajökul og Drangajökul í maí

Sumarleyfisferðir FÍ - mikið úrval ferða

Ferðafélag Íslands
www.fi.is, s.568-2533



Kanada

... á eigin vegum
Flug og bíll
frá aðeins kr. 42.885

Endalausir möguleikar
- Montreal
- Niagara fossar
- Quebec borg
- Toronto
- Winnepeg
- Gimli
- Klettafjöllin
- o.fl., o.fl.

Heimsferðir bjóða frábær kjör á flugi og bílaleigubíl í Kanada í sumar. Nú er rétta tækifærið til að leggja þetta stóra land að fótum sér. Óhætt er að segja að Kanada býður endalausa möguleika, hvort sem leitað er eftir náttúrufegurð, stórborgum, verslun, mannlífi eða bara þeirri einstöku stemningu sem maður kynnist í þessu frábæra og margbreytilega landi. Gríptu tækifærið núna og kynnstu öllu því sem þetta einstaka land hefur að bjóða.

ENNEMM / SÍA / NM26745

Verð frá kr. 42.885 – í viku
Flugsæti til og frá Montreal með sköttum (fargjald B), m.v. hjón með 2 börn, 2-17 ára og bílaleigubíl í A-flokki í viku. Netverð á mann.

Verð frá kr. 49.585 – í 2 vikur
Flugsæti til og frá Montreal með sköttum (fargjald B), m.v. hjón með 2 börn, 2-17 ára og bílaleigubíl í A-flokki í 2 vikur. Netverð á mann.

Bókaðu strax og tryggðu þér lægsta verðið!

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

SVEITAHÓTELIÐ Í SVEINBJARNARGERÐI
COUNTRYHOTEL
SVALBARÐSSTRÖND AKUREYRI • TEL. 462 4500

VISSIR ÞÚ?
AÐ SVEITAHÓTELIÐ Í SVEINBJARNARGERÐI ER AÐEINS

- 10 MÍN. FRÁ AKUREYRI
- 20 MÍN. FRÁ LENGSTU SKÍÐABREKKU LANDSINS Í KALDBAK
- 45 MÍN. FRÁ BAÐFÉLAGINU Í MÝVATNSSVEIT
- 15 MÍN. FRÁ HLÍÐARFJALLI

SKOÐAÐU TILBOÐIN Á WWW.COUNTRYHOTEL.IS

GEIMSTOFAN



allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

**Allar konur** ættu að eiga ilmvatn í fallegum umbúðum. Ef flaskan með besta ilmvatninu er ekki nógu falleg er bara hægt að skipta um flösku.















Evu Dögg dreymir um að peysurnar verði einhvern tímann að heilli fatalínu.



Eva Dögg hefur vart undan við að gera peysur, sérstaklega nú er hún leggur lokahönd á síðustu skólaverkefnin.

# Hver peysa er einstök

***Eva Dögg Rúnarsdóttir vakti athygli verslunareiganda er hún gekk inn í fatabúð í hettupeysu sem hún saumaði sjálf. Síðan þá hefur hún ekki haft undan við að búa til peysur fyrir áhugasama kaupendur.***

Eva Dögg er að klára AP gráðu í Teko-hönnunarskólanum í Danmörku og er nú þegar farin að vekja athygli fyrir flíkur sínar. Það eru helst hettupeysurnar hennar sem þessa stundina eru afar eftirsóttar. „Þetta byrjaði með því að ég gerði vesti og gaf vinkonu minni í afmælisgjöf. Þá vildu hinar vinkonurnar líka fá og smám saman þróaðist þetta út í að gera hettupeysur,“ segir Eva Dögg. „Svo gekk ég inn í búð hér í Árósum í peysu sem ég gerði sjálf og verslunareigandinn kom til mín og vildi endilega vita hvar ég fékk hana. Hún vildi endilega fá að selja þær í búðinni. Síðan hefur þetta undið upp á sig og ég er farin að fá fyrirspurnir frá fólki sem ég þekki ekki neitt.“

Eva Dögg hefur legið yfir peysunum myrkrana á milli því mikil vinna liggur að baki hverri og einni. „Ég lagði upp með það að hver peysa yrði einstök. Þess vegna er bara eitt grunnsnið en efnisvalið og hvernig ég raða efnunum í munstur ræðst bara þegar ég byrja að sauma,“ segir Eva Dögg.

Þetta fyrirkomulag tryggir að engar tvær peysur eru eins en það gerir framleiðslu þeirra líka seinvirkari. Eva getur ekki ráðið saumakonu því peysurnar verða til í höndunum á henni, ekki á blaði. „Ég hef reyndar fengið hjálp við saumaskapinn frá vinkonu minni Ingibjörgu Torfadóttur, og hún tekur líka allar myndir fyrir mig. Hjálp hennar hefur verið ómetanleg,“ segir Eva Dögg og bætir við hlæjandi: „En ég er búin að sauma peysur á algjörum þrælalaunum svo ætli ég verði ekki að endurhugsa þetta aðeins.“

Þeir sem hafa áhuga á peysum Evu Daggar er bent á www.myspace.com/teknokisa eða tölvupóstfangið evaskvisa8@hotmail.com.

*tryggvi@frettabladid.is*



Engar tvær peysur sem Eva Gögg, eða Gögga eins og hún er kölluð, gerir eru eins. Hér er Eva sjálf í einni af peysum sínum.

MYNDIR: INGIBJÖRG TORFADÓTTIR



Eva Dögg gerir peysur á bæði stelpur og stráka.







**Heimabakað brauð** býður alla hjartanlega velkomna heim. Fátt er betra en ilmurinn af nýbökuðu brauði á sunnudagsmorgni. Eða þegar gesti ber að garði.





Eftir grámyglu vetrarins eru páskarnir öruggur vorboði.



Páskaservíettur eru ódýr leið til að gera páskamatinn ögn páskalegri.



Gul kerti eru ómissandi yfir páskana.



Pastelgrænn er vinsæll litur í páskaskreytingar. Þessi borðrenningur fæst í Garðheimum og kostar 2.160 kr.



Þetta skemmtilega skraut er úr Blómavali.

# Páskarnir skreyttir

***Páskarnir eru rétt handan við hornið. Páskaungarnir skríða úr egginu, páskaliljur blómstra og grænir, gulir og fjólubláir litir taka völdin. En af hverju þessir litir?***

Græni liturinn er tákn um komandi vor eftir langan og dimman vetur. Fjólublár er kristilegur litur föstunnar, en páskarnir eru á föstutímabilinu. Erfiðara er að ákvarða af hverju gulur er jafn áberandi og raun ber vitni.

Líklegast gegnir hann svipuðu hlutverki og græni liturinn en til er skemmtileg helgisögn um tilurð gula litarins á páskaliljum. Svona segir Kristján Valur Ingólfsson, lektor í guðfræði við Háskóla Íslands, frá á Vísindavefnum:

„Til er helgisögn sem segir að eitt sinn hafi páskaliljurnar verið hvítar. En þegar sól reis á páskamorgni og Jesús var ekki í gröfinni, því að hann var upprisinn frá dauðum, þá var birta sólarinnar svo gullin af fögnuði að páskaliljurnar urðu gular.“



Þessi afar skemmtilega hæna fæst hjá Blómálfinum á Vesturgötu. Hún kostar 1.950 kr.



Af hverju tengjum við hænur og unga páskunum? Þessar tvær fást í Garðheimum.



Gulur og grænn tákna komandi vor og hækkandi sól.



Litlar páskaliljur eru tilvaldar í borðskraut. Þessar fást í Blómálfinum og kosta 1.590 kr.



Listaverk í formi svartfugls.

## Tígulegir ullarfuglar

Á VEFNUM WWW.LISTALIND MÁ LESA UM HANDVERKSNÁMSKEIÐ. EITT ÞEIRRA SNÝST UM ÞÆFINGU FUGLA. ÞAÐ VERÐUR HALDIÐ Á AKUREYRI Í MAÍ.

Karin Svarstad heitir norsk listakona. Hún verður á landinu í maí og ætlar að kenna þæfingu fugla og andlita sem hún hefur sérhæft sig í. Karin mun líka fjalla um gæði ullar en samkvæmt Listalindinni hefur hún unnið mikið með alls konar ull. Námskeiðið verður haldið á Akureyri.

Fullt hús hjá Fönix!

GRAM
Kæliskápar

Gram kæliskápana þekkja allir Íslendingar.
Gram stendur fyrir glæsileika, gæði og tímalausa hönnun.

Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær tækjakaup

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
Við erum beint á móti IKEA

MAX

invent

# HP - þegar gæðin skipta máli



## HP Compaq nx6325 fartölva

AMD Turion 64 X2 Mobile Processor TL-60 örgjörvi
15" SXGA+ WVA 1400x1050 skjár
1024MB DDR RAM SMART vinnsluminni
80GB 5400rpm harður diskur
DVD+/-RW DVD skrifari
ATI Mobility Radeon Xpress 1150 skjákort m/allt að 128MB minni
Bíómetrískur fingrafaralesari
7-1 kortalesari
Microsoft Windows XP Professional
Þyngd 2.6kg
3ja ára HP ábyrgð með HP Carepack

**Fermingartilboð kr. 99.900**





## HP Photosmart C3180 fjölnotatæki

Prentaðu, skannaðu, fjölfaldaðu
4800x1200dpi upplausn
Prentar á jaðar pappírs

**Fermingartilboð kr. 12.900**

## HP Photosmart E427 stafræn myndavél

6,4MP upplausn
2” LCD skjár
HP Precision linsa með 5x stafrænum aðdrætti
16MB innbyggt minni

**Fermingartilboð kr. 14.900**

HP vörur fást hjá viðurkenndum sölu- og þjónustuaðilum um allt land

**Opin kerfi hafa opnað verslun í höfuðstöðvum sínum að Höfðabakka 9 - komdu og njóttu þjónustu færustu sérfræðinga á sínu sviði**

OPIN KERFI
Sími 570 1000 • www.ok.is

## Dýrahald



Hreinræktaðir Dverg Schnauzer til sölu með ættbók frá HRFÍ. Tilbúnir til afhendingar. Bara 2 strákar eftir. Uppl. í s. 897 6229.



Ungverskar vizslur! Frábærir veiði- og fjölskylduhundar. Hvolpar til afhendingar í lok maí. Ættbók frá HRFÍ. Áhugasamir sendi póst á vizsla@ispr.is eða hringi í 861 3100.

Tveir 9 vikna pomma rakkar til sölu, sprautaðir, örmerktir og ættbókafærðir. Uppl. í s. 821 6362.



Til sölu gullfalleg 3 mán.hreinræktuð labrador tík, Óættbókarfærð. Ljúf og góð. Uppl. í s. 895-0816 og 899-0816.

Tveir Chihuahua hvolpar til sölu, tík og hundur (loðnir). S. 868 6428 & 893 4694, e. kl 14.

8 vikna gamlir Labrador hvolpar til sölu. Uppl. í s. 848 0988.

Til sölu mjög fallegir hreinræktaðir Boxer hvolpar (rakkar) fæddir 17.mars. Til afhendingar 17.maí. Með ættbók frá Hundræktarfélaginu Íshundum og heilsufarssk. S. 844 1725.

**Persi**
Óska eftir persneskri kisu. Þarf ekki að vera kettlingur. Uppl. í s. 692 9198.

**Amazon**
Er með stóran rauðan Amazon Ara til sölu. Aðeins gott heimili kemur til greina. S. 692 9198.

**Labrador**
Hreinræktaðir Labrador hundar til sölu. PRA arfhreinir. Foreldrar með a-mjaðmir og olboga. Veiðiprófs og sýningar árangur góður. Uppl. í s. 587 6016.

Til sölu fiskabúr með skáp 600l. Tilboð óskast. Uppl. í s. 892 5915.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting



**Kyrrð og ró í páskafríinu**

**á Grímstöðum á Fjöllum!!**
**Til leigu fyrir hópa, jeppafólk, einstaklinga. Erum með 5 herb. hús og annað 4ra herb. Hægt að leigja í heilu lagi eða stök herbergi.**

**Möguleiki á morgunmat og kvöldmat ef þess er óskað.**

**Möguleiki á að taka snjósleða með eða fjórhjól.**
**Uppl. í s. 464 4294, Grímstunga 1, Erum 35 km frá Mývatni.**

**Orlofshús á Akureyri**
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. www.vadlaborgir.is - S. 897 5300, Leó.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 150 fm. fallegt raðhús á góðum stað í Reykjanesbæ. Langtímaleiga. Fyrirspurnir sendist til tordur@bluezone.no.

**Flórída**
Hús til leigu í Ventura hverfinu á Orlando. Tæp 200 fm með bílskúr, 3 svefnherb, 2 böð. Uppl. s. 00 14072070141 eða 00 14072226970.

3-4 herbergja 100m2 íbúð á góðum stað í 101 til leigu til 1. sept, lengri leiga kemur til greina. íbúðin leigist með húsgögnum , búnaði og öllum tækjum. leiga 160þ á mánuði. vinsamlegast hafið samband á hafsteinn@visir.is

**Nýstandsett og laus**
3 herb, 80 fm íbúð í Gullengi, nýbúið að taka alla í gegn, stórar svalir, þv.hús inni íbúð. sér inngangur, merkt stæði, leiga 130 þ., 2 mán. fyrirfram og 2 í tryggingu eða bankaábyrgð, allt innifalið. Íbúðin er laus. langtímaleiga. Uppl. í 694 9117.

3 herbergja, 95 fm íbúð + stæði í bílageymslu í hverfi 200 kóp . Leiga 130 þús. á mán. 3 mán í tryggingu eða bankaábyrgð. Laus strax. Uppl. í s. 892 8996.

Til leigu 2 herbergi á efri hæð í raðhúsi í Hafnarfirði. Leiga 40 þús./herbergi. Rafm. og hiti innif. S. 840 5044.

Til leigu íbúðarhúsnæði 6 herb. 10-12 rúm (kojur) á sv. 105. Sófar, þvottavél ofl. Uppl. í s. 861 6760.

Herbergi til leigu í Hafn. m. aðg. að wc, eldhúsi og þvottav. Uppl. í s. 823 6465.

2ja herb. 55 fm íbúð í Grafarv. m. geymslu og tengi f. þvottavél inn á baðh. Verð 80þ. með rafm. og hita + 2mán í tryggingu. Laus strax. S. 899 9822.

## Húsnæði óskast

Snyrtileg og ábyrg kona óskar eftir 2-3 herb. íbúð. Uppl. í s. 698 1305.

Bráðvantar litla íbúð, stúdíó eða stórt herbergi 1.apríl. Greiðslugeta allt að 70 þúsund á mánuði. Er 30 ára í vinnu. Helst langtímaleiga. Vinsamlega hringið í síma 846 6446 eftir klukkan 18.00.

Óska eftir herb. eða einstaklingsíb. S. 848 5071.

Mjög trausta leigjendur vantar 4 herb. íbúð á höfuðbsv. frá 1. maí. S. 845-4545.

KK óskar eftir 2 herb. íbúð. Sem fyrst. Skilvísum greiðslum heitið. Meðmæli ef þarf. Uppl. í s. 893 2324. Haukur.

35 ára karlmaður óskar eftir herbergi eða stúdíóíbúð í Breiðholti eða Árbæ. S. 856 5890.

## Húsnæði til sölu

Íbúðir til sölu. Miðsvæðis. 120-130fm., bílastæði eða bílskúr. Sími 553 0306.

## Sumarbústaðir



Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.



**Heilsárshús/sumarhús til sölu**
Nýtt mjög vandað lúxus hús staðsett á móti Akureyri, aðeins 7 mín.akstur í bæinn. Frábært útsýni. 3 svefnherbergi, stórt svefnloft, bílskúr, heitur pottur ofl. Uppl. í síma 896 8404 eða dia@tpostur.is

Framleiðum allar stærðir sumarhúsa, 20 ára reynsla. Sumarhus.com sími 615 2500.

**Grímsnes**
Til leigu og eða sölu stórt heilsárshús í Grímsnesi. 4 herb., með heitum potti og grilli. Uppl. í s. 663 4374.

Til sölu glæsilegar sumarbústaðalóðir í landi Miðengis Grímsnesi. Uppl. í s. 894 0105.

Lítið sumarhús til sölu í Svínadal, Hrísabrekku. Uppl. í s. 824 0648.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir að kaupa 50-90 fm lagerhúsnæði. holar@simnet.is

Til Leigu Ný Lúxus íbúð með öllu á 101 svæðinu í april og maí. S. 864 5719.

**Nýtt iðnaðarhúsnæði**
Til leigu 150 fm. iðnaðarhúsnæði + 24 fm. milligólf í Hafnarfirði, stórar innkeyrsludyr, stórt útisvæði malbikað. Tilbúið til afhendingar, nýtt hús. S. 660 1060.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Bílskúr

Bílskúr til leigu í Hafnarf. ca. 27 m2 Upphitaður. Uppl. í s. 823 6465.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**starf.is**
**Nú er rétti tíminn til að breyta til.**

**Employment agency**
**seeks carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus -**

**Call Joao, tlf. 864-9873**

**AVM Solutions geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Evrópu**
**-bæði karla og konur, svo sem matreiðslufólk, þjónustufólk, fólk úr tölvugeiranum eða byggingariðnaði. Öll hafa mikla reynslu á sínu sviði. AVM Solutions geta boðið upp á lausráðna starfsmenn til skamms tíma, þegar um veikindi, frí eða skamman fyrirvara er að ræða.**
**Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is**

**Ertu hress, stundvís og áttu bíl? Langar þig að vinna á stað þar sem gaman er í vinnunni?**
**Ef svo er þá langar okkur að fá þig í vinnu. Vegna mikilla anna þurfum við að bæta við nokkrum sendlum. Við bjóðum uppá sveigjanlegan vinnutíma (engin næturvinna). Starfið hentar bæði stelpum og strákum og passar vel með skóla.**
**Ef þetta er starf sem gæti hentað þér hafðu þá samband við Maríu í síma 534 3460 eða sendu email á justeat@justeat.is**

ÁSTÖÐINNI

**Afgreiðslustarf**
**Okkur vantar traustan, duglegan og samviskusaman starfsmann á næturvaktir virka daga og aðra hvora helgi. Einnig vantar okkur starfsmann í hlutastarf á dag og kvöldvaktir. Upplýsingar í síma 820 0065 á milli kl:16 og 19 virka daga eða umsóknir sendar í tölvupósti stodin@hn.is - Á Stöðinni Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði**

**Mótagengi**
**Óska eftir mótagengi í ákveðin verkefni.**
**Vinsamlegast sendið upplýsingar á borgarafl@simnet.is**

**Allra best aðalverktakar**
**Óskum eftir góðu fólki til starfa við jarðvegsframkvæmdir/hellulagnir hjá traustu fyrirtæki. Einungis vanir menn koma til greina!**
**Uppl. veitir Júlíus í s. 820 8888.**

Domino's Pizza

Domino's Pizza óskar eftir starfsmönnum í fullt starf. Um er að ræða verslanir okkar á Grensásvegi, á Skúlagötu og í Lóuhólum. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga! Umsóknareyðublöð eru í verslunum og á www.dominos.is.

**Atvinna Atvinna!**
**Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu. Aldur 16-25 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði.**
**Umsóknir www.gardlist.is**

KFC

**Kentucky Fried Chicken Mosfellsbæ**
**Óskum eftir hressu og duglegu fólki 16 ára og eldra í afgreiðslu og eldhús, vantar á fastar vaktir og aukavaktir, gott með skóla. Umsóknareyðublöð á staðnum. KFC Mosfellsbæ s. 586 8222.**

IH Ingvar Helgason

**Við bjóðum þér gott starfsumhverfi!**
**Starfskraft vantar í bókhald Ingvars Helgasonar ehf. Um er að ræða framtíðarstarf. Reynsla í Navision er kostur.**
**Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Guðni Jónsson í síma 525 8085. Umsóknir skulu sendar á tölvupóstfangið jgj@ih.is**

GRANDAKAFFI

**Matráður óskast fyrir hádegi**
Grandakaffi óskar eftir manneskju í 50% starf til þess að laga venjulegan heimilismat. Vinnutími fyrir hádegi. Uppl. veitir Rúnar í s. 892 5549.

mest

**Þjónustuver - kranadeild.**
**Óskum eftir stundvísum, þjónustulunduðum og nákvæmum starfsmanni í kranadeild MEST. Starfið felst í uppsetningu og festingu á byggingakrönum. Upplýsingar gefur Árni Már í síma 825 0722.**

**Starfsfólk óskast**
**á sólbaðsstofurnar Smart, Grensásvegi 7. Dag, kvöld og helgarvinna. Reyklaus vinnustaður.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum. Sólbaðstofan Smart.**

Café VICTOR BISTRO - BAR

**Cafe Victor**
**Cafe Victor óskar eftir starfsfólki í fullt starf á kvöld og helgarvaktir. 15 daga vaktir. Gæti hentað skólafólki. Erum eins farin að taka við umsóknum um sumarstarf.**
**Uppl. veitir Baldur í s. 692 0735 eða sendið umsókn á baldur@victor.is**

**Pítan Skipholti**
**Hresst fólk á Pítunni er að leita að liðsauka í fullt starf. Unnið er 15 vaktir á mánuði, aldrei lengur en til 22:15, í góðu fyrirtæki. Kíktu á okkur.**
**www.pitan.is**

**Cafe Bleu.**
**Óskum eftir að ráða matreiðslumann eða vana manneskju í eldhús.**
**Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**

AMERICAN STYLE

**American Style á Bíldshöfða Grill**
**Vantar þig góða vinnu í fullu starfi og í föstu vaktavinnukerfi? Þá er American Style á Bíldshöfða málið. Vantar þig aukavinnu með skólanum? Pláss fyrir frábært fólk á Bíldshöfða. 19 ára aldurstakmark . (ath. ekki sumarvinna)**
**Enga feimni, sæktu um á americanstyle.is**

**JC Mokstur**
**Óskum eftir mönnum með vinnuvélaréttindi og meirapróf. Góð laun í boði, næg vinna. Uppl. í s. 693 2607.**



**Hver vill ráða mig?**
**Hæ, ég heiti Elín og er atvinnulaus, sem er í sjálfu sér ekki svo slæmt en mig vantar soldið pening. Ég er að leita að vel launaðri vinnu með frjálslegum vinnutíma og skilyrði er að það megi drekka í vinnunni. Til greina kemur t.d. vinsmökkun eða hlutastarf í bruggverksmiðju. Ég er alltaf rosa hress og kát (eða þangað til ég lognast út af að minnsta kosti) og er heví duglegg (að drekka allavega). Meðmæli gefur Þórarinn Tyrfingsson vogi, (ég er duglegust að drekka af öllum sem hann hefur hitt sko). Endilega bjallið í mig í s. 856 5940, ég svara öllum (ef ég verð ekki búin að týna símanum mínum).**

Björnsbakarí - Vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Helga gefur frekari upplýsingar 699 5423. Góð laun í boði.

**Vanir tækjamenn**
GP Kranar óska eftir að ráða vanan tækjamann til starfa á krana. Þarf að geta hafið störf fljótlega. Upplýsingar gefur Heiðar í síma 693 6900.

**Dekkja og smurverkstæði**
Óskum eftir fólki til starfa hjá smur og hjólbarðaverkstæði Bilkó. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

We are hiring people to work at Bilkó, a tire and oil service. Applicants should be able to speak english. Information in tel. 660 0560, Guðni.

**Au pair óskast!**
Á suðurland. Uppl í s. 865 5613.

**Barinn**
Fólk óskast í eldhús og sal á hressasta barinn í bænum. S. 690 9996.

Vantar mann á gröfu, reynsla á hjólavél skilyrði. S. 661 2277 eða 661 2288.

Skipsstjóra vantar á Papeyjarferjuna Gísla í Papey frá 1. júní nk. Nánari uppl. gefur Már Karlsson í s. 478 8838 & 866 1353, Papeyjarferðir ehf.

**Verkamenn**
Vantar menn helst vana við lagningu ljósleiðara. Uppl. í s. 863 5218.

**Klæðskeri óskast**
í hlutastarf. Verður að hafa eigin aðstöðu. Uppl. í s. 692 8022 sofalist@internet.is

Óskum eftir að ráða dullegt fólk á aldrinum 20 - 30 ára í skemtilega útivinnu. Uppl. í s. 898 9993.

## Atvinna óskast

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
**í eftirtalin störf :**
**Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.**
**SAS Starfsmannaleigan.**
**Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000**

Halló ég er 17 ára stelpa utan að landi og er að leita mér að vinnu á miðsvæði Rvk. Ég er hörkudugleg og vön að vinna. Allt kemur til greina. Get byrjað 06/04. Síminn minn er 849 3320. Halldóra.

ATVINNA

**Vélstjóri óskast!**
**1. Vélstjóri óskast á ísfisktogara, þarf að geta leyst yfirvélstjora af. Vélarstærð. 1240 kw.**
**Uppl. í síma 843 4215.**

**HÚSIÐ FASTEIGNASALA**
- heilshugar um þinn hag -

Vilhjálmur Bjarnason lögg. fast.sali
Helgi H. Jónsson lögg. fast.sali

# SPÁNN

## Láttu drauminn rætast

### Sölukynning laugardag og sunnudag





## Sölukynning laugardag og sunnudag kl 12 - 16 að Húsinu fasteignasölu Suðurlandsbraut 50

Glæsilegar eignir á góðu verði.
Við finnum draumaeignina þína jafnvel á enn betra verði.
Sölufulltrúi frá Spáni á staðnum.
Nánari upplýsingar gefur Gunnar í síma 513 4300 og 892 8702



Frum







### Álftamýri 47 - 108 Reykjavík
**Opið hús laugard. 31. mars. kl. 14:00-15:00**



**Verð 62.500.000**

Glæsilegt og mikið endurnýjað 9 herb. 250,4 fm raðhús ásamt bílskúr. Eignin skiptist í 3ja herb. kjallaraíbúð 76,6 fm, íbúð á fyrstu hæð 69,9 fm og annarri hæð 79,7 fm og bílskúr 24,2 fm Eldhús er með HTH innréttingu, AEG tæki, uppþvottavélatengi, stórir búrskápar, flísar á gólfi og góður borðkrókur. Baðherbergi er ný endurgert, flísalagt í hólf og gólf, innrétting með granítborðplötu, baðkar með sturtu, aðstaða fyrir þvottavél og þurrkara. Útgengt á suður verönd frá stofu. Pallur er í garði upp við hús þar sem er mjög skjólsamt og sólríkt. Skipt hefur verið um allar lagnir að húsi, þak endurnýjað og parket á flestum gólfum.

**Kolbeinn gsm. 694 9100 sölufulltrúi Hússins tekur á móti gestum.**

### Álfheimar 60, 104 Reykjavík
**Opið hús laugard. 31. mars. kl. 15:30-16:00**



**Verð 21.700.000**

Góð 4ra herb. 106,3 fm íbúð á fyrstu hæð. Þrjú rúmgóð svefnherbergi með skápum og parket á gólfum. Stofan er með parket á gólfum, og útgengt á góðar suður svalir frá stofu. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf, baðkar með sturtu, þvottvélatengi og falleg innrétting. Eldhús er með ljósri innréttingu, korkur á gólfum, lagt fyrir uppþvottavél, nýleg eldavélatæki og góður borðkrókur. Í kjallara er sameiginlegt þvottahús og sér geymsla. Falleg eign þar sem stutt er í alla helstu þjónustu svo sem skóla, íþróttahús, sundlaug verslanir, samgöngur og heilsugæslu.

**Kolbeinn gsm. 694 9100 sölufulltrúi Hússins tekur á móti gestum.**

### Hamrahlíð 9, 105 Reykjavík
**Opið hús laugard. 31. mars. kl. 16:30-17:00**



**Verð 19.400.000**

Falleg og vel endurnýjuð 3ja herb. 79,4 fm íbúð á jarðhæð í þríbýli í vinsælu hverfi. Tvö rúmgóð svefnherbergi og góðir skápar eru í hjónaherbergi. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf, hvít innrétting og baðkar með sturtu. Eldhús er með ljósri innréttingu, flísalögn á milli efri og neðri skápa, lagt fyrir uppþvottavél og góð tæki. Nýjar hurðir sem eru hvítar. Allt hús og þak málað að utan 2004 og lögð stétt með snjóbræðslu.

**Kolbeinn gsm. 694 9100 sölufulltrúi Hússins tekur á móti gestum.**

**Suðurlandsbraut 50 — Bláu húsin v/Faxafen— Sími 513 4300 — www.husid.is**


ATLAS
international
Spánn, Kýpur og Grikkland
– Atlas fylgir þér alla leið –
Yfir 100 starfsmenn í þjónustumiðstöð Atlas
Vingjarnlegt viðmót, aðstoð og ráðleggingar
Allar húseignir á eignarlóðum
Verð frá 75.000 €
Mörg hundruð eignir um að velja
Nýjar og notaðar eignir
Aðstoð við rekstur
Tryggingar
Húsgögn
Leiguþjónusta
30 ára reynsla
71.000 viðskiptavinir
SKOÐUNARFERÐIR FRÁ 15.500.-
Ertu á leiðinni erlendis...? Viltu skoða Fasteignir? Dagsskoðunarferð kostar ekkert!
Sölusýning
Hótel Loftleiðum
Í dag laugardag og á morgun
sunnudag kl. 12—17
Vilt þú eignast fasteign erlendis og ert búinn að hugsa lengi?
Vilt þú kynna þér málin vel, taka ákvörðun, fara í skoðunarferð?
Fáðu nýja íslenska bæklinga til að taka með heim!
Verið velkomin!
Nánari uppl. milli kl: 12 og 16 alla virka daga — Sími: 586 2880 — Gsm: 696 1960
www.atlasiceland.com — sales@atlasiceland.com
Frum

## VISSIR ÞÚ ...

... að Sameinuðu þjóðirnar spá því að árið 2007 verði um 2,5 milljónir „tómstunda- og skemmtivélmenna“ á heimilum jarðarbúa. Í dag eru þau 137.000. Í árslok 2007 munu svo 4,1 milljón vélmenna sinna heimilisstörfum.

... að sumar tegundir letidýra (Bradypodiade og Megalonychidae), pokarotta (Dipelphidae) og beltisdýra (Dasypodidae) verja allt að 4/5 hlutum ævi sinnar ýmist sofandi eða dottandi. Sennilega eru þó engin dýr aðgerðaminni en þrítæðu letidýrstegundirnar þrjár af ættkvíslinni Bradypus.

... að lengsta skurðaðgerð sem hefur verið framkvæmd fór fram dagana 4.-8. febrúar 1951 og var 96 klukkustunda löng. Hún var gerð á Gertrude Levandowski þegar blöðrur voru fjarlægðar af eggjastokkum hennar.

... að margverðlaunuð teiknimyndabók Bandaríkjamannsins Craigs Thompson, Blankets: An Illustrated Novel, er 592 blaðsíður í einu bindi og þar með lengsta teiknimyndabókin. Í henni er sögð uppvaxtarsaga tveggja bræðra, allt frá barnæsku fram á unglingsár.

... að fyrstur til að sigla einn umhverfis jörðina á seglbát án þess að varpa nokkurs staðar akkeri, var Bretinn Robin Know-Johnston. Hann lét úr höfn í Falmouth í Cornwall á Bretlandi, 14. júní 1968, þá sem þátttakandi í Sunday Times Golden Globe-keppninni. Þegar hann sneri aftur, 22. apríl 1969, höfðu allir hinir keppendurnir helst úr lestinni.

... að á einum sólarhring seldust 5 milljónir DVD-diska af kvikmyndinni Harry Potter og eldbikarinn í Bandaríkjunum, sem er örasta sala á DVD-diskum sem vitað er um.

... að yngstur til að ná stórmeistaratitili í skák er Sergej Karjakin, fæddur 12. janúar 1990 í Úkraníu. Hann náði þessum áfanga 12. ágúst 2002, þá 12 ára og 212 daga gamall.

... að gullfiskur (Carassisus auratus) í eigu Joris Gijsbers frá Hollandi reyndist 47,7 cm frá kjafti aftur á sporð þegar hann var mældur 24. mars 2003 í Hapert, Hollandi.

... að minnsta tegundin innan mannættarinnar er Homo floresiensis sem uppréttur var einungis einn metri á hæð. Líkamsleifar af honum fundust í helli á Floresey í Indónesíu, en þar er talið að Homo floresiensis hafi búið fyrir 13.000 árum og jafnvel átt samskipti við nútímamanninn. Vísindamenn greindu frá þessari merku uppgötvun 28. október 2004.

... að bandaríska leikkonan Geena Davis er 1,82 cm á hæð?

... að líkamshæðin hjálpaði Geenu Davis harla lítið til að hífa upp aðsóknina á mynd MGM-fyrirtækisins Cutthroat Island (1995). Myndin kostaði þáverandi eiginmann hennar, Renny Harlin, um 8,5 milljarða kr. en skilaði einungis tæpum milljarði í kassann. Þar með telst hún mesti miðasöluskellur allra tíma.

... að David Letterman er án efa alfrægasti spjallþáttastjórnandi Bandaríkjanna enda kallaður „kvöldþáttagoðsögnin“. Hann er launahæsti karlmaðurinn sem vinnur í sjónvarpi. Eftir því sem Forbes-listinn hermir nema árstekjur hans 2.926 milljónum króna.

## BÓKIN Á NÁTTBORÐINU

### *Heiðarleg saga fanga*

„Svo ég segi rétt og satt frá þá er ég með á náttborðinu ævisögu fyrrum arkitekts þriðja ríkisins, Alberts Speer. Hún heitir Inside the Third Reich,“ segir Ingólfur Margeirsson, rithöfundur og sagnfræðingur. „Bókin lýsir vel ævi höfundarins, vinnu hans fyrir nasistaflokkinn og samskiptunum við Hitler. Hann skrifar bókina í Spandau-fangelsinu sem hann sat í í tuttugu ár. Hann slapp vel karlinn. Hefði átt að vera hengdur, segja sagnfræðingar, ef miðað er við dómana sem aðrir fengu.

Þetta er ágæt bók, vel skrifuð og lífleg og mér finnst hún heiðarleg. Handritinu var smyglað út úr fangelsinu og bókin kom út áður en höfundurinn hafði lokið afplánun. Peningar biðu hans því þegar hann kom út því bókin seldist í milljónum eintaka um allan heim og tryggði honum auðæfi til æviloka.“ *-gun*

**ÞÆTTIRNIR SPEER OG HANN Í SJÓNVARPINU Á SUNNUDAGSKVÖLDUM SÆKJA EFNI SITT MEÐAL ANNARS Í BÓKINA SEM INGÓLFUR ER AÐ LESA, INSIDE THE THIRD REICH.**






SÍÐUSTU DAGAR

BJÓÐUM VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í 6 MÁNUÐI
GILDIR UM ALLAR VÖRUR

20% KYNNINGARAFSLÁTTUR

AMERÍSKUR LÚXUS MEÐ TILHEYRANDI ÞÆGINDUM
NÝ SENDING AF SÓFUM, TUNGUSÓFUM, STÓLUM, HORNSÓFUM OG SVEFNSÓFUM

TEKK COMPANY

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAG 10-16 OG SUNNUDAG 13-16
BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

eru þrír af sex ráðherrum flokksins kvenkyns.

**Meirihluti efstu manna konur**
Vinstri græn er sá flokkur sem er með flestar konur í efstu sex sætum á framboðslistum sínum, eða 21. Það þýðir að tæplega 60 prósent frambjóðenda flokksins í þeim sætum eru konur. Flokkurinn er líka sá eini sem er með fleiri konur í efstu þremur sætum framboðslista sinna þar sem þær sitja í tíu sætum af átján. Vinstri græn halda þó ekki jafnræði milli kynjanna þegar kemur að þeim sem leiða listana, því fjórir af sex efstu mönnum eru karlar. Þingflokkur þeirra samanstendur í dag af tveimur konum og þremur körlum.

**Minnst kynjajafnræði allra**
Frjálslyndi flokkurinn er sá flokkur sem er með minnst jafnræði milli kynjanna á framboðslistum sínum. Þeir deila því með Sjálfstæðisflokknum og Samfylkingunni að tefla einungis fram einni konu sem leiðtoga á framboðslista, en það er Kolbrún Stefánsdóttir í Suðvesturkjördæmi. Sex aðrar konur sitja í efstu þremur sætum framboðslista Frjálslyndra auk Kolbrúnar, en fjórar þeirra sitja þó í þriðja sæti. Flokkurinn er með takmarkaðasta framboð kvenna í sex efstu sætum lista sinna af öllum núverandi stjórnmálaflokkum á þingi, en þrettán af 36 frambjóðendum sem þar sitja eru kvenkyns. Þá eru allir fimm þingmenn flokksins í dag karlmenn.

Hvorki Íslandshreyfingin né baráttusamtök eldri borgara og öryrkja, sem hafa tilkynnt framboð til Alþingis, hafa klárað framboðslista sína og því liggur staða kvenna á þeim ekki fyrir.

**UPPLÝSINGAR**

**Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur fjallar um muninn á kosningahegðun karla og kvenna í grein sinni Kynjabil í kosningum – er kosningahegðun karla og kvenna ólík? sem birtist í Rannsóknum félagsvísinda VII, sem Úlfar Hauksson ritstýrði. Þar er meðal annars fjallað um kosningahegðun kvenna í kosningunum 1999 og 2003. Skoðað er kynjabil kosninga en það er meðaltalsmunur á því í hvaða hlutföllum karlar og konur kjósa flokkana. Samanlagt fylgi flokka meðal kynja er ekki alltaf 100 prósent þar sem framboð sem ekki fengu kjörinn þingmann eða buðu ekki fram á landsvísu eru ekki með í þessari greiningu.**

**1999**




**2003**











BÓNUS
MYLLAN
ALLTAF NÝBAKAÐ
Vínarkaka
129 KR.
360g
Innflutt nautahakk
30% afsláttur
við kassann
Ferskt innflutt nautahakk
KÍLÓVERÐ NÚ:
909 KR.
Merkt verð 1298KR.
Hér koma
Heilar baunir eða malaðar
Nýtt!
Baunir/kaffi
429 KR.
400g
Kaffið góða frá TE & KAFFI
fæst nú í öllum Bónusverslununum
TE & KAFFI
4 nautaborgarar
4 hamborgarabrauð
298 KR.
EKKERT BRUDL
Sjáðu verðið!
Kippa af Coca-Cola og páskaegg!
6x 2 lítrar í kippu
og Bónus páskaegg nr. 3
898 KR.
Coca-Cola
Coca-Cola zero
Coca-Cola light
Kauptu þér kippu af Coca-Cola
6 x2 lítra og þú færð
Bónus páskaegg 170g nr. 3
Í KAUPBÆTI!
1 kíló!
75 KR.
BÓNUSBRAUÐ
Kornbrauð
1 KÍLÓ
26 sneiðar



Íslands lambasteik
30% afsláttur við kassann
Beinlaus lambasteik
KÍLÓVERÐ NÚ:
1115 KR.
Merkt verð 1593KR.
HAMBORGARHRYGGUR m/beini
KÍLÓVERÐ NÚ:
1171 KR.
Merkt verð 1673KR.
EKKERT BRUDL
Ali hamborgarhryggir
30% afsláttur við kassann
HAMBORGARHRYGGUR beinlaus
KÍLÓVERÐ NÚ:
1516 KR.
Merkt verð 2166KR.
Bónustilboðin!
Einiberja/villijurta lambalæri
40% afsláttur við kassann
EINIBERJA/VILLI LAMBALÆRI
kílóverð nú:
1069 KR.
Merkt verð 1781KR.
Lamba fille
FROSIÐ LAMBAFILLE
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
20% afsláttur við kassann
FROSNAR LAMBALUNDIR
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
...fyrir góðan dag!
Lambalundir
Sjáðu verðið!
Páskatilboð
159 KR.
Bónusfeti 250g
Úrbeinað kofareykt Bónus hangikjöt
40% afsláttur við kassann
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
Úrbeinaður frampartur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1125 KR
Merkt verð 1876KR.
Úrbeinað hangilæri
KÍLÓVERÐ NÚ:
1519 KR.
Merkt verð 2533KR.
KJARNAFÆÐI
DVD mynd
1889 KR.
HAPPY FEET
Bónus býður betur!
www.bonus.is
BÓNUS

# Allir eru kerlingar inn við beinið

Eftir rúmlega tveggja ára dvöl í Asíu er **Sverrir Stormsker** kominn aftur með nýja plötu, There is only one. Þetta er fyrsta platan með frumsömdu efni síðan 1996. Sverrir segir óhætt að líta á plötuna sem kombakk og öll lögin eru sungin á ensku enda er hún hugsuð fyrir erlendan markað. En hvers vegna fór Stormskerið eiginlega til Asíu?






SVERRIR STORMSKER, „Það er heilladrúgt fyrir listamenn að lenda á grenjandi bömmer á svona tuttugu ára fresti. Spurðu bara Bubba!“ FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR.

Það var eingöngu út af grenjandi ástarsorg,“ segir Sverrir. „Út af æskuástinni, stelpu sem ég hafði þekkt allt lífið, eða taldi mig hafa þekkt. Kynntumst þegar við vorum sjö ára og fyrir um þremur árum fór ástin að blómstra okkar í milli svona líka svakalega og hún hellti yfir mig ástarjátningum og loforðum og væntingum um að hún ætlaði að splitta sínu „óhamingjusama og steingelda hjónabandi“, sem hún kallaði svo, eða sínu „opna og góða hjónabandi“, eins og kallinn hennar orðaði það, en svo sveik hún þetta allt saman á einu bretti í gauðshætti sínum og ákvað að halda áfram að sofa þyrnirósarsvefni út allt lífið, vel hjónabundin og óhamingjusöm. Þetta var náttúrlega áfall og ég tók stefnuna út í heim. Það kom á daginn að ég var aðeins stemning í hennar innantóma lífi og svo fór hún daðrandi með buxurnar á hælunum yfir í næsta gæja og næsta og næsta en alltaf hangandi í sínu tilbreytingarsnauða „opna“ hjónabandi. Þessi æskuást mín var því miður ekki annað en fallegar umbúðir utan um loft, sídaðrandi léttúðardrós sem meinti akkúrat ekkert með öllum sínum hástemmdu loforðum og fagurgala. Því betur sem ég kynntist henni því minna þekkti ég hana. En það kom. Í dag þekki ég hana of vel til að vilja þekkja hana. En auðvitað mun mér alltaf þykja vænt um hana, eða það held ég.“

Og nýja platan er öll um þetta?

„Já, alveg 90 prósent! Menn hafa gert plötur af mun minna tilefni. Mér finnst að menn eigi að hafa hlutina temmilega einlæga ef þeir eru að gera þá á alvarlegum nótum. Það má ekki vera falskur tónn í verki ef það á að ná einhverri dýpt.“

Hefurðu gert plötu þegar þú varst rosa hamingjusamur?

„Jú, jú, til dæmis plötuna Örlög sem er gríðarleg hamingjuplata. Og ekki bara þá plötu – það er nú ekki eins og maður sé einhver langlegusjúklingur. En þegar upp er staðið eru bömmerplöturnar tvær, Lífsleiðin(n) og þessi, líklega bestu plöturnar. Það er heilladrjúgt fyrir listamenn að lenda á grenjandi bömmer á svona tuttugu ára fresti. Spurðu bara Bubba! Er ekki Kona hans besta plata?“

## Nauðsynlegri en klósett

Sverrir birtist óvænt árið 1985 þegar fyrsta platan hans kom út. Nýja platan er sú tólfta í röðinni en hann var afkastamestur fyrstu fimm árin þegar hann dældi út níu plötum. Hvernig sér Stormsker hlustendur sína fyrir sér?

„Þeir eru alveg frá kornungum tattúveruðum harðsvíruðum sjóræningjum upp í áttræðar grátgjarnar kerlingar með rúllur í hárinu og lafandi sígarettu í munnvikinu. Þetta eru svo ólíkar plötur sem ég hef gert. Pétur heitinn Kristjánsson sagði mér að hann hafi verið að selja Tekið stórt upp í sig og Tekið stærra upp í sig í Vestmannaeyjum þegar sjötugur karl kom með fimmtíu ára son sinn og bað um tvö eintök af þeim plötum. Karlinn sagði að þær væru nauðsynlegri á hvert heimili en klósett.“

Kemur ekki Tekið stærst upp í sig?

„Jú, ég þarf að gera hana fyrir sjötugt. Þetta var hugsað sem trílógía.“

Hvenær á ferlinum hefur þér liðið mest sem poppstjörnu?

„Mér hefur aldrei liðið sem poppstjörnu, en það var voðalegt Stormskersæði í kringum Eurovisiondæmið 1988.“

Það voru margir sem áttu von á því að þú myndir fletta þig klæðum þar …

„…jú, jú og kúka á gólfið og æla framan í áhorfendur og ég veit ekki hvað og hvað. Ég held að ég sé miklu kurteisari en fólk heldur. Ég var í mesta lagi að pæla í að múna á liðið í salnum en ekkert meira. Silvía Nótt tók af mér ómakið löngu seinna. Fólk gerir sér mynd af mér sem einhverjum kjaftforum rudda en það er ekki svo. Það er svo erfitt að hugsa að sumir kjósa heldur að dæma. Ég er náttúrulega meingallaður apaköttur, enda skapaður í guðs mynd, en ég er líka voðalega viðkvæmur eins og líklegast flestir. Ætli allir séu ekki óttalegar kerlingar inn við beinið.“

Ég man nú ljóslifandi eftir sjónvarpsviðtali við þig þar sem þú kallaðir fyrrverandi sambýliskonu þína „sæðistunnu“.

„Já, það urðu allir voðalega hneykslaðir fyrir hennar hönd og risu upp á afturlappirnar í heilagri bræði, en henni sjálfri fannst þetta bara fyndið og hló að þessu. Líklegast var hún eina manneskjan á landinu sem hafði húmor fyrir þessu enda vissi hún að ég var bara að fíflast.“

## Gamlárskvöld í öðru sólkerfi

Sverrir hafði aldrei farið til Asíu áður en hann tók sig upp fyrir rúmlega tveimur árum. Ferðinni var fyrst heitið til Kína, en svo var hann mest á Taílandi.

„Ég var svo þrælheppinn að hitta Hemma Gunn hér í bænum áður en ég lagði í hann og hann sagði mér að ég yrði að koma við á Taílandi. Það er skemmtilegasta landið í Asíu og þar er svakalega viðkunnanlegt fólk. Það er allt gott við Taíland og alveg vonlaust að lýsa því með orðum. Ég hafði gert mér smá hugmynd um lífið þarna en þegar maður er mættur á svæðið er þetta allt öðruvísi. Þetta er eins og að fara yfir í annað sólkerfi.“

Hvernig var þá að koma til Íslands aftur?

„Hreinn og klár vibbi. Það er ekki beint gaman að koma úr 30 stiga hita og sól þar sem allt er líbó og skemmtilegt í þetta myrkur og þessi hrollköldu þrúgandi þunglamalegu kommúnistaleiðindi sem eru hérna á Íslandi.“

Varstu ekki kominn með heimþrá þarna úti?

„Ég er kominn með heimþrá núna, það er að segja til Asíu.“

Er Taíland eintóm hamingja, þú á stuttbuxum og allir í stuði?

„Nákvæmlega. Þar sprettur maður fram úr á morgnana en hér fer dagurinn í að reyna að sofa hann af sér, enda ekkert að gerast. Það er gamlárskvöld á hverju kvöldi þarna úti en hér er föstudagurinn langi árið um kring.“

## Heimsmet í heimsmetum

Fannst þér Ísland hafa breyst þegar þú snerir til baka?

„Ef eitthvað, þá var það kannski orðið enn þá forpokaðra. Ég kom beint inn í umræðu um einhverja skaðræðis klámráðstefnu sem hafði verið flautuð af og einhvern stórhættulegan Smáralindarbækling. Öll blöð stútfull af móðursýki og geðveikislegum hugmyndum um herlögreglu gegn klámi og netlögreglu og hugsanalögreglu o.s.frv. o.s.frv. Alveg stórkostlegt.“

Hvernig líst þér á alla nýju íslensku millana?

„Ég er bara ánægður með þá. Því fleiri millar því betra. Það er jafn gaman að sjá alla þessa milla og það er leiðinlegt að sjá fólk sem hefur varla til hnífs og skeiðar. Það kom mér á óvart eftir tveggja ára fjarveru að það var verið að tala um nákvæmlega sömu hlutina og þegar ég fór – gamla frasann um að það þurfi að gera meira fyrir gamla fólkið og öryrkja en af hverju reyna menn ekki að breyta þessu óréttlæti í eitt skipti fyrir öll? Það var eins og ég hefði verið í burtu í tvo tíma. Það er dapurt hvað við eigum heimsmet í mörgu fíflalegu: Við erum með hæstu vexti í heimi, hæsta matarverð í heimi, hæsta bensínverðið, mestu fákeppni í heimi, lengsta vinnutímann, og svo er hér líklega mesta sólarleysi í heimi.“

Hvaða hvaða, erum við ekki hamingjusamasta þjóð í heimi?

„Já einmitt. Ég gerði vísu um þetta einu sinni:

Þótt þjóðin sé hláturmild, happí
og lyndisgóð
þá hef ég samt grun um að obbinn í laumi gráti.
Við erum heimsins hamingjusamasta þjóð
og heimsmet eigum í þunglyndislyfjaáti.“■

> „Það er ekki beint gaman að koma úr 30 stiga hita og sól þar sem allt er líbó og skemmtilegt í þetta myrkur og þessi hrollköldu þrúgandi þunglamalegu kommúnistaleiðindi sem eru hérna á Íslandi.

### ➜ Sverrir Stormsker fyllir í eyðurnar

**Í alþingiskosningunum ætla ég að** … búa mig undir sigur kommúnistanna í Vinstrihreyfingunni með því að hella öllum bjórum í vaskinn, slökkva á frjálsu útvarpsstöðvunum, fara að borga meira í ríkissjóð, bjóða netlöggregluþjónum í heimsókn og fara að ferðast um í uxakerru.

**Eftirminnilegasta fermingargjöfin mín var** … ríkisskuldabréf frá afa gamla upp á 100.000 kall að þávirði. Seldi þau 25 árum síðar og fékk sléttar 2 krónur fyrir þau. Alltaf frábærlega sniðugt að ávaxta sitt pund á Íslandi.

**Ef ég hefði kosningarétt í Hafnarfirði** … þá myndi ég afsala mér honum og flytja í ómengaða sveitasæluna á Grundarfirði eða Reyðarfirði, fjarri öllum álverum og rugli.

**Þegar ég horfði á aftöku Saddams … þá hugsaði ég:** „Mikið svakalega hlýtur að vera leiðinlegt að hanga svona í vinnunni.“

**Mesti lúxus sem ég hef veitt mér var** …þriggja daga bændagisting í einhverju fjósi úti á landi en hún kostaði jafn mikið og þriggja mánaða dvöl á 5 stjörnu lúxushóteli í Bangkok.

**Aðalatriðið í Baugsmálinu er** … algjört aukaatriði.

**Fyrsta verk mitt sem forseti Íslands verður að** … fara að sofa og spyrja sjálfan mig hvernig ég lenti eiginlega í þessu leiðinda djobbi. Svo fer ég að halda þessar bráðnauðsynlegu syfjuðu veislur og dæla út fálkaorðum til alls konar fálka, samhliða því sem ég fletti blöðunum í leit að heiðarlegri vinnu.

**Þegar ég dey** … þá breytist ég pottþétt í ærsladraug og fer að gera alls konar leiðindaliði lífið leitt.

# Skammt en heiftarlegt stríð

Argentínumenn gerðu innrás í Falklandseyjar, afskekkta nýlendu Breta í Suður-Atlantshafi, 2. apríl 1982. Aðgerðin leiddi til skammvinns en heiftarlegs stríðs. *Auðunn Arnórsson* rifjar upp atburðarásina.

Herforingjastjórnin í Argentínu gerði sér vonir um að afla sér aukins stuðnings meðal almennings í landinu með því að endurheimta yfirráð yfir Falklandseyjum, sem Argentínumenn kalla Malvinas-eyjar. Ráðamenn í Argentínu sögðu argentínska lýðveldið hafa erft yfirráð yfir eyjunum frá Spánverjum er landið fékk sjálfstæði árið 1833, en þótt þær séu afskekktar eru strendur Argentínu næsta fastalandið við þær.

Rekja má hugmyndina að því að láta á það reyna að taka Falklandseyjar til þess að í Bretlandi tóku gildi haustið 1981 ný lög um ríkisborgararétt, sem gerðu ráð fyrir að íbúar Falklandseyja yrðu sviptir fullum ríkisborgararétti í Bretlandi. Þetta kom þeirri hugmynd að hjá herforingjunum í Buenos Aires að Bretar myndu ekki berjast til að verja yfirráð sín yfir eyjunum.

Eins og síðar hefur komið fram tók Leopoldo Galtieri, yfirhershöfðingi og leiðtogi herforingjastjórnarinnar, ákvörðun um innrás í janúar 1982. Í byrjun marz sendir brezka sendiráðið í Buenos Aires skeyti heim til Lundúna þar sem sagt er frá þeim orðrómi að innrás standi fyrir dyrum. Utanríkisráðuneytið í Lundúnum ræður Margaret Thatcher forsætisráðherra hins vegar frá því að bregðast við þessum orðrómi.

### Thatcher tekur fljótt af skarið

Þegar innrásin – Rosario-aðgerðin eins og herforingjarnir nefndu hana – var síðan orðin staðreynd. Í byrjun apríl fékk Thatcher misvísandi ráð frá undirmönnum sínum, en tók snarlega ákvörðun um að senda herlið á vettvang og verja hin bresku yfirráð yfir eyjunum með vopnavaldi. Thatcher lætur svo ummælt, að hinir tæplega 2.000 íbúar hinnar afskekktu nýlendu væru „af breskri arfleifð og stofni“ og hefðu sögulegan rétt til að vera það áfram. Stríðið átti síðan eftir að reynast stjórn Thatchers mikil lyftistöng og vinsældirnar skiluðu henni síðan góðum kosningasigri árið eftir.

Hinn 5. apríl leggur breskur floti með 65 herskipum og 15.000 hermönnum úr höfn og heldur upp í hina hátt í 13.000 km löngu för suður til Falklandseyja. Áður en yfir lauk höfðu 28.000 brezkir hermenn verið sendir á vettvang og yfir 100 skip. Lið Argentínumanna taldi um 12.000 manns og um 40 herskip. Flestir þeirra voru ungir og óreyndir herskylduhermenn. Lofther Argentínumanna gat hins vegar lítið athafnað sig á svæðinu vegna fjarlægðarinnar.

### Hátt í 1.000 manns féllu

Í átökunum sem fylgdu féllu 655 argentínskir og 255 brezkir hermenn, auk þess sem þrír óbreyttir Falklandseyingar létu lífið. Til samanburðar má geta þess, að samanlagt mannfall Breta í núverandi átökum í Írak og Afganistan er minna en það sem þeir urðu fyrir við Falklandseyjar. Samkvæmt því sem fullyrt er í grein brezka dagblaðsins Independent þá hafa þar að auki yfir 300 af þeim brezku hermönnum sem tóku þátt í Falklandseyjastríðinu svipt sig lífi síðan þá.

Fyrsta meiri háttar mannfallið varð þegar brezkur kafbátur sökkti argentínska beitiskipinu General Belgrano. Með því fórust 368 menn. Skipið var statt utan við aðalátakasvæðið þegar kafbátsárásin var gerð á það, en skipherrann, Héctor Bonzo, staðfesti árið 2005 að hann hefði haft skipun um að ráðast á brezk herskip.

Tveimur dögum síðar var brezka tundurspillinum HMS Sheffield sökkt með Exocet-flugskeyti. 20 skipverjar fórust.

Sjö vikum eftir að Argentínumenn hófu innrás sína komu Bretar sér upp landbækistöð í San Carlos-flóa 21. maí. Áætlunin var að gera árásir þaðan á landi að Goose Green og Stanley, helztu þéttbýlisstöðum eyjanna sem Argentínumenn héldu hersetnum.

Orrustan um Goose Green stóð í hálfan annan sólarhring og var mjög hörð. Brezku hermennirnir voru mun færri en höfðu samt sigur.

Sigurinn í Goose Green þýddi að nú gat lið Breta tekið sig upp frá San Carlos og stefnt til Stanley. Eftir langa og erfiða göngu yfir móa og mýrar, holt og hæðir þvert yfir eystri megineyju Falklandseyjaklasans hófst lokaorrustan í hæðunum við Port Stanley. Eftir að varnarlína Argentínumanna var rofin gáfust þeir upp. Hinn 14. júní gengu brezku hermennirnir fylktu liði inn í Port Stanley við mikinn fögnuð heimamanna.




### Pinochet vingast við Thatcher

Á meðan á hinu 74 daga langa stríði stóð urðu tengsl Chile og Bretlands nánari. Í þakklætisskyni fyrir að Chilemenn skyldu hjálpa Bretum að njósna um Argentínumenn, meðal annars með því að heimila þeim afnot af afskekktum flugvöllum, rufu Bretar alþjóðlegt vopnasölubann sem í gildi var gegn herforingjastjórn Augusto Pinochets og seldu henni tólf orrustuþotur. Þessar þotur voru fluttar til Chile í apríl, maí og nóvember með bandarískum herflutningavélum.

Þótt Ronald Reagan Bandaríkjaforseti hefði hinn 26. apríl lýst stuðningi við Breta í deilunni, var alldjúpstæður ágreiningur um málið innan bandarísku ríkisstjórnarinnar. Afstaða bandarísku leyniþjónustunnar CIA var sú að Bandaríkin ættu að hallast til stuðnings við málstað Argentínumanna og bandaríski sendiherrann þar var líka á því. Hins vegar studdi utanríkisráðherrann Alexander Haig og varnarmálaráðherrann Caspar Weinberger Breta, og það gerði útslagið.

Hinn 14. júní játar Mario Menendez, yfirmaður argentínska heraflans, ósigur Argentínumanna. Sautjánda júní lætur Galtieri síðan undan þrýstingi eigin manna og segir af sér. Hann er síðar lögsóttur og fangelsaður í þrjú ár fyrir hernaðarlega vanhæfni. Hann dó árið 2003.



• • •

Í þakklætisskyni rufu Bretar alþjóðlegt vopnasölubann sem í gildi var gegn herforingjastjórn Augusto Pinochet

**Í PORT STANLEY** Argentínskir stríðsfangar í gæzlu brezkra hermanna ganga hjá brennandi byggingu í Port Stanley á lokadögum Falklandseyjastríðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Gera enn tilkall til yfirráða

Bretland og Argentína tóku aftur upp stjórnmálasamband árið 1990, en þó er enn ekki allt fallið í ljúfa löð í samskiptum landanna. Argentínumenn gera enn friðsamlegt tilkall til yfirráða yfir Falklands- (eða Malvinas-)eyjum, en brezk stjórnvöld segja hin brezku yfirráð yfir eyjunum ekki til umræðu.

Um 1.000 brezkir hermenn eru að staðaldri á Falklandseyjum og vinna þar ýmis verk, svo sem að hjálpa til við vegagerð og að hreinsa jarðsprengjusvæði.

Að varnarmálum frátöldum eru eyjarskeggjar sjálfum sér nógir, en þeir eru nú um 2.400 talsins. Aðaltekjulindin er sala veiðiheimilda í fiskveiðilögsögunni, en sauðfjárbúskapur er líka ein af meginstoðum efnahagslífsins. Ferðaþjónusta verður sífellt mikilvægari, en fjölmörg skemmtiferðaskip leggja leið sína til eyjanna. Það sem laðar margan ferðamanninn til eyjanna er fjölskrúðugt dýralíf, þar á meðal risastór varpsvæði mörgæsa. ■



Playstation 3
Leikjavél og Blu-Ray spilari
Fullt verð: 69.950,-
40″
299.950,-
PS3 fylgir með
SONY
KDL40S2000
Editor's Choice
-What Home Cinema
PS3 FYLGIR
SONY BRAVIA VERÐLAUNA VEGGSJÓNVÖRPUM
46″
499.950,-
PS3 fylgir með
SONY
KDL46W2000
Besta LCD tæki ársins
-What HIFI
Full HD
1080
Playstation 3
Leikjavél og Blu-Ray spilari
Fullt verð: 69.950,-
Playstation 3
Leikjavél og Blu-Ray spilari
Fullt verð: 69.950,-
46″
399.950,-
PS3 fylgir með
SONY
KDL46V2000
Best buy
-What Video & Widescreen tv
5 stjörnur
- What HIFI
32″
399.950,-
PS3 fylgir með
SONY
TAVL1 – ESPRIT 1
Smart tæki með véldrifinni framhlið.
Heimabíó með DVD spilara innbyggt.
Frábær hönnun og hljómur.
Playstation 3
Leikjavél og Blu-Ray spilari
Fullt verð: 69.950,-
Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is sími: 588 7669

EDGE

# FORD EDGE AWD
# Nýr sportbíll fyrir stelpurnar

Komdu - prófaðu nýjan sportjeppa




GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Komdu á Evrópufrumsýningu í dag**
**Brimborg Akureyri, Reykjavík**

Ford Edge AWD stendur á brúninni og brúar bilið milli sportbíls og jeppa. Djörf og sportleg hönnun nýja Ford Edge AWD og ögrandi viðmót hans höfðar til þín sem ert opin fyrir nýjum áskorunum og nýrri reynslu. Ford Edge hefur fjölhæfnina sem þú leitar eftir. Ford Edge vekur athygli fyrir djarfan stíl og ánægjulega akstursupplifun. Komdu í Brimborg. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford Edge - sparneytinn og vistvænan bíl.



*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bíll á mynd er Ford Edge SEL. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# hjá Kaupþingi

Ford
Nýtt tákn um gæði

Kaffi og kleinur í dag
Frumsýning
Opið frá 12 til 16
Komdu í Brimborg
Akureyri, Reykjavík



## Nýtt tákn um lífsgæði

**Ford Edge AWD Genuine Design.** Hönnun Ford Edge sýnir í verki einlægan vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Edge merkir að þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri aksturseiginleika og meira öryggi. Þú færð sparneytinn og vistvænan bíl. Þú færð meira rými. Þú færð mun betra verð. Vertu genuine. Reynsluaktu Ford. Veldu Ford Edge AWD.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

# Teprulegt viðhorf gagnvart kvenlíkamanum

Einn okkar fremstu fatahönnuða, **Linda Björg Árnadóttir**, segir að eldri íslenskar konur eigi að leyfa sér að klæða sig fallega og áberandi. Sjálf myndi hún aldrei klæðast flíspeysu og gallabuxum. Linda Björg var tekin í þriðju gráðu yfirheyrslu.

**Stjörnumerki?** Ég er vatnsberi. Mér er sagt að ég sé hinn dæmigerði vatnsberi sem á að vera listrænn sveimhugi, einhvers konar hippi, og á það vel við um mig.

**Hvort er betra: Sofa lengi og vinna fram eftir eða vera iðinn og hress morgunhani?** Ég er frekar kvöldsvæf og morguninn er minn besti tími. Ég geri ráð fyrir að þetta sé einfaldlega mín líkamsklukka og við erum þannig flest í fjölskyldunni. Ég reyni að nýta mér þetta þannig að ég geri flest það sem mér finnst erfitt fyrir hádegi vegna þess að ég veit að ég er aldrei eins vel stemmd eftir hádegi.

**Hvaða frasa ofnotar þú?** Þessa dagana segi ég voðalega mikið „allright!“ í staðinn fyrir ókei en mér finnst það skemmtilega hallærislegt. Þetta fer samt kannski að verða gott.

**Asnalegasta starf sem þú hefur unnið?** Ég man nú ekki eftir einhverju mjög asnalegu nema helst því að ég vann við að selja bækur í gegnum síma einu sinni í vikutíma.

**Kvikmynd sem hefur haft mest áhrif á þig?** Þegar ég var barn horfði ég alltaf á kvikmyndirnar í Ríkissjónvarpinu og tvær kvikmyndir sitja enn í mér en ég var örugglega svona átta ára þegar ég sá þær. Það eru myndirnar Of Mice And Men og the Man Who Would Be King.

**Hvernig fólki finnst þér erfitt að vinna með?** Fólki sem flækir hlutina og er upptekið af smáatriðum.

**Hefurðu hlaupið fyrsta apríl?** Alveg pottþétt en ég man ekki neitt einstakt tilvik, en það er bara vegna þess að ég tel það vera upplýsingar sem má eyða.

**Hvaða veraldlegu hlutir eru í miklum metum hjá þér?** Þeir eru nú ekki margir. Ég hef passað mig á því í gegnum tíðina að bindast dauðum hlutum og fasteignum engum böndum enda hef ég verið mikið á ferðinni. Nú er ég hins vegar tilbúin að koma mér betur fyrir og safna fallegum gripum. Ég á eina mynd eftir Flóka sem mér þykir vænt um.

**Fallegasta stórborg sem þú hefur komið til?** París er uppáhaldsstórborgin mín og er það vegna þess hve falleg hún er og mikið til þar af góðum mat. Galdurinn við París er að þar gerast hlutir mjög „spontant“ og „random“ en slík ferli eru í uppáhaldi hjá mér.

London er til dæmis akkúrat ekki þannig. Þar er andrúmsloftið allt stífara og ekkert gerist nema það sé skipulagt með löngum fyrirvara.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Linda Björg Árnadóttir.

**FÆÐINGARÁR:** Ég er fædd 1970 og ég veit svo sem ekki mikið um það ár en það sem einkenndi fyrsta áratug lífs míns var mikið ofbeldi og hryðjuverk.Ég veit að það ár rændu sjálfstæðissinnar í Quebec, þaðan sem maðurinn minn er, tveimur miklvægum manneskjum og héldu þeim í mánuð og komst einungis annar lífs af.

**Á HUNDAVAÐI:** MR, síðan MHÍ og þar á eftir Studio Bercot í París. Ýmis þjónustustörf og garðyrkja fyrir listnám. Eftir að ég ákvað að gerast hönnuður hef ég einungis unnið við það, bæði hér heima og erlendis. Fagstjóri fatahönnunardeildarinnar við LHÍ frá upphafi eða í sjö ár. Annars eru þessar upplýsingar á lindabjorgarnadottir.com

**Við hvaða aðstæður ertu fullkomlega afslöppuð?** Uppi í sófa með fjölskyldunni að horfa á eitthvert vont amerískt sjónvarpsefni.

**Eðal sunnudagsafþreying?** Að fara með fjölskyldunni í Kolaportið og svo á kaffihús.



**NORÐMENN ALLIR EINS** Linda Björg Árnadóttir hefur tvisvar farið til Óslóar og segir rónana ekki einu sinni skera sig út úr mannfjöldanum í klæðaburði.

> Ég hef engan áhuga á einhvers konar ljúfu lífi. Mín skoðun er sú að ef eitthvað er auðvelt er það líka leiðinlegt.

**Hvernig sérðu þig fyrir þér klæða þig þegar þú ert gömul kona?** Ég ætla að klæða mig fallega og áberandi og reyna að þróa skemmtilega týpu. Ég veit ekkert æðislegra en að sjá vel klædda eldri konu en þær fyrirfinnast varla á Íslandi. Það erfiðasta við að eldast á Íslandi er að það er bannað að vera sérstakur karakter, sérstaklega ef maður er kona.

**Hvernig hljómar nýjasta sms-ið í símanum þínum?** Í talhólfinu eru fimm ný skilaboð. Hringdu í 1411 til að hlusta.

**Ef það er líf eftir dauðann, hvernig viltu hafa það?** Ég myndi bara vilja annað jarðlíf. Ég hef engan áhuga á einhvers konar ljúfu lífi. Mín skoðun er sú að ef eitthvað er auðvelt er það líka leiðinlegt.

**Hvað er það íslenskasta sem þú veist?** Fordómar og þröngsýni.

**Hvað gerir þig þunglynda?** Að vera á stað þar sem allir eru eins. Ég hef farið tvisvar til Óslóar að kenna þar og það er sama hvert maður fer, þar er enginn sem sker sig úr hópnum. Ekki einu sinni rónar. Það er sorglegt.

**Hverju ertu að vinna að núna?** Ég er að vinna að mörgum skemmtilegum verkefnum. Ég gaf út bók fyrir jólin sem er að gera það gott en það var umfjöllun um hana í New York Times Magazine á sunnudaginn og hún er komin í margar góðar búðir (sjá scintillalimited.com). Ég er að vinna að eigin línu í heimilistextíl og verða fyrstu afurðir til sýnis á hönnunarsýningu á Kjarvalsstöðum í vor sem er á vegum Listahátíðar. Auk þess er ég að vinna að ýmsum verkefnum bæði erlendis og hér heima.

**Stendur Ísland framarlega í tískuhönnun?** Íslendingar hafa góða möguleika í fatahönnun framtíðarinnar. Það er kannski ekki mjög mikið að gerast núna en samt er þetta miklu betra en fyrir tíu árum. Það sem gæti helst verið dragbítur í þeirri framþróun er teprulegt viðhorf gagnvart líkamanum og kynþokka sem íslenskir femínistar halda á lofti. Við getum aldrei orðið „cutting edge“ í tískuhönnun ef þessi viðhorf eru almenn.

**Hverju myndir þú aldrei klæðast, frekar fara í jólakóttinn?** Ég mun aldrei fara í gallabuxur og flíspeysu!

Júlía Margrét Alexandersdóttir


Dreifing á dagskrá RÚV um gervihnött



Markmið Fjarskiptaáætlunar

→ Dreifing sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjábýlla svæða, verði stafræn um gervihnött.

1. febrúar 2007 var skrifað undir samning til þriggja ára við norska fjarskiptafyrirtækið Telenor um sendingar Ríkisútvarpsins: Sjónvarpsins, Rásar 1 og Rásar 2, til dreifbýlissvæða á landinu og næstu miða um Thor II gervihnöttinn, sem er jarðstöðuhnöttur í 35.786 km hæð yfir miðbaug á 0,8 gráðum vestur. Endurvarpi nr. 13, tíðni 11.403 GHz, FEC 7/8, Symbol Rate 24.500 Mbaud. Útsendingar hefjast í byrjun apríl.

Til að ná útsendingum þurfa notendur eftirfarandi búnað

Gervihnattadiskur:
→ 90-120 cm þvermál, breytilegt eftir gæðum móttökubúnaðar og staðsetningu á landinu.
→ Mælt er með nægilega öflugum diski og festingum til að þola versta vetrarveður.
→ Sjónlína þarf að vera til hnattarins, og stilla þarf diskinn nákvæmlega í átt til gervihnattarins Thor II, sem er í suðsuðaustrátt u.þ.b. 15 gráður yfir sjóndeildarhring, en nokkuð breytilegt eftir hvar er á landinu.
→ Hægt að kaupa hjá söluaðilum gervihnattabúnaðar.

Gervihnattaviðtæki:
→ Þarf að geta tekið við þessum sendingum og hafa rauf fyrir aðgangskort samkvæmt Conax myndlyklakerfinu.
→ Þarf að vera prófað hjá söluaðila og virka með aðgangskorti RÚV.
→ Hægt að kaupa hjá söluaðilum gervihnattabúnaðar.

Aðgangskort:
→ Útsendingar Sjónvarpsins verða í læstri dagskrá vegna rétthafasamninga RÚV.
→ Fást á kostnaðarverði hjá RÚV, en verða þó endurgreidd greiðendum afnotagjalda á fiskiskipum með gervihnattakúlu og á þeim stöðum í dreifbýli með búsetu allt árið, sem hafa slæm móttökuskilyrði Sjónvarps og þessum gervihnattasendingum er ætlað að bæta úr samkvæmt markmiði Fjarskiptaáætlunar.

FJARSKIPTASJÓÐUR

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

01 - 9673




# STÓRI SKÓMARKAÐURINN Í PERLUNNI

## Fjölbreytt vöruúrval - frábær verð!

Dömu, herra og barnaskór í frábæru úrvali. Leðurstígvél, spariskór, sportskór, inniskór, útilífs skór, gúmmístígvél, ungbarnaskór, leðurtöskur, tautöskur, bakpokar, húfur, skyrtur, sokkar, barnagallar, regnhlífar, buddur ofl. ofl.

## Nýjar og nýlegar vörur frá þekktum framleiðendum!

Vagabond, Blend, Rebook, Skechers, Conway, Sanilet, Flexi footwear, Timeless, No Doubt, Sixty Seven, SixMix, SMS UK, Betty Blue ofl. ofl.
Stök pör, tilboð dagsins.

# EINFÖLD VERÐ

500.- 1000.- 2000.- 3000.- 4000.- 5000.- 6000.-

**Opnunartími**
Opið alla daga frá 12.00 til 18.00

Markaðurinn er á jarðhæð Perlunar frá fimmtudeginum 22. mars til sunnudagsins 1. apríl.

**Komdu og gerðu skókaup ársins á stærsta skómarkaði landsins...**

EUROCARD MasterCard VISA



## HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

### Aðgerð

Þegar ég var sumarstrákur á vestfirskum fiskiskipum var farið í aðgerð til að slægja fisk. Síðar á ævinni hef ég farið í aðgerð á sjúkrahúsum. En nú finnst mér þetta orð haft um undarlegustu fyrirbæri. Hjálparsveitir fara í aðgerð til að hafa upp á týndum mönnum og meira að segja lögreglan fer í aðgerð til að finna eiturlyfjasala. Ég hélt að hjálparsveitir færu í björgunarleiðangra og lögreglan í húsleit.

### Tjónaðir bílar

Þegar mikið vatn fossaði inn í hús í vesturbæ Reykjavíkur komst viðmælandi svo að orði í útvarpi að margir bílar væru tjónaðir. Orðið tjón er auðvitað velþekkt, en so. að tjóna hef ég aldrei áður heyrt og vona að það beri ekki oftar fyrir eyru mér. Menn verða stundum fyrir tjóni og geta jafnvel beðið tjón á sálu sinni. Einhvern veginn finnst mér að bílar „tjónist“ ekki, og strangt til tekið er kannski meira að segja hæpið að segja, að bílar verði fyrir tjóni. Aftur á móti geta þeir skemmst eða orðið fyrir skemmdum.

### Eltihrellir

Þetta orð sá ég í fyrsta sinn í Fréttablaðinu 12. mars og er haft um það leiða fyrirbæri sem á ensku kallast stalker og leggst í eins konar einelti vegna þráhyggju, oft með ofbeldi. Það er virðingarvert að þýða þetta orð, en einhvern veginn hljómar eltihrellir ekki nógu vel, í mínum huga. Ekki hef ég þó betri tillögu, en kannski einhver lesandinn?

### Forsetningar takk!

Alltaf finnst mér klúðurslegt og ljótt að sjá varðandi, hvað varðar eða hvað snertir.

„Hafnfirðingar skiptast í tvær jafnar fylkingar varðandi afstöðu sína til stækkunar álvers.“ (Blaðið 9. mars). Hér fer betur að segja blátt áfram í afstöðu sinni. „Þá minntist Guðmundur á að rekstrartekjur, til dæmis af hlutabréfum, hefðu vaxið hratt hjá SPRON og skipti (skiptu) nú sköpum hvað afkomu sjóðsins snerti“ (Fréttablaðið 9. mars). Hér fer betur: fyrir afkomu sjóðsins. Ég skora á alla sem vilja vanda málfar sitt að forðast algerlega varðandi, hvað varðar, hvað snertir. Það er ljótt stofnanamál og með öllu óþarft. Notið heldur góðar og gildar og einfaldar forsetningar: um, í, fyrir o.s.frv.

### Vex allt?

Í dæmi hér að framan er sagt að rekstrartekjur hafi vaxið. Engu er líkara en nær allt vaxi í máli manna. Verðbólga vex og meira að segja hitastig vex! Ekki bara hitinn heldur hitastigið, hvernig svo sem þeim vexti getur verið háttað. Er so. aukast horfið úr málinu? Hvað um ágerast, fjölga, glæðast, hlaða utan á sig, hækka, magnast, rýmkast, stíga, stækka, þenjast út, þrútna, þyngjast, æsast, öflgast? Er einhver orðaskortur í íslensku máli?

### Braghenda

*Íhygli er eyja þar sem einir standa*
*háir klettar hugarstranda*
*og horft er út til fjærstu landa.*

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR TALAR FRÁ TEHERAN

# Íþróttastelpur og Gudjohnsen!

Það er nokkuð ljóst að frægasti Íslendingurinn í Teheran er Gudjohnsen. Íslenski víkingurinn í liði Barcelona. Íranar eru miklir fótboltaáhugamenn og hér er fótbolti þjóðaríþróttin og vinsælt sjónvarpssport. Það er greinilegt að Eiður Smári Guðjohnsen hefur á stuttum tíma í liðinu náð miklum vinsældum meðal Írana. Þegar ég segist vera frá Íslandi verður fólk yfirleitt eitt stórt spurningarmerki í framan, nema þegar strákarnir svara Gudjohnsen og brosa.



HANNA BJÖRK Í ÍRAN

Hér hefur enginn heyrt íslenska tónlist enda er hún ólögleg í þessu landi og aðeins örfáir vita hver Björk er, og þá vegna stórleiks hennar í myndinni Dancer In the Dark, enda Íranar miklir kvikmyndaáhugamenn. Björk er semsagt frægari leikkona í Íran heldur en tónlistarkona.

En að sjálfsögðu eru það bara strákar sem mega spila fótbolta. Íþróttir eru ekki fyrir stelpur, það er of erfitt að halda slæðunni á höfðinu meðan maður hamast í boltaleik. Þess vegna eru bara huggulegar íþróttir leyfilegar fyrir konur eins og til dæmis skotfimi og siglingar þar sem þær ná að halda höfuðfatinu í réttum skorðum.

Hér á ég nokkrar vinkonur sem hafa mikinn áhuga á fótbolta. Áhuga sem ég skildi voðalega illa þangað til ég komst að því að stelpum er líka bannað að fara á völlinn og horfa á fótboltaleiki. Þess vegna er fótboltaáhuginn hjá stelpunum ákveðin yfirlýsing.

Ástæðan fyrir banninu er að það er ekki hægt að hrúga körlum og konum saman á lítið svæði. Það ætti reyndar að vera frekar auðvelt að skipta áhorfendastúkunni upp í svæði fyrir konur og karla. En það er víst ekki nóg því að tæknilega séð þá eigum við stelpurnar ekki að sjá ber karlmannslæri og strákarnir spila jú fótbolta í stuttbuxum. Önnur ástæða er að á fótboltaleikjum eiga karlmenn það til að æsast upp og kalla ósiðsamleg orð til leikmanna og áhorfenda og þessi munnsöfnuður er ekki talinn hæfa viðkvæmum eyrum kvenþjóðarinnar.

Nokkrar þeirra eru nógu hugaðar til að reyna að smygla sér inn á fótboltaleiki. Nýja myndin hans Jafar Panahi, Offside, sem vann Silfurbjörninn á síðustu Berlínarhátíð, segir frá nokkrum stelpum sem klæða sig upp sem strákar til að reyna að komast á landsliðsleik Írans og Bareins. Þessi mynd hefur farið sigurför um heiminn og er að sjálfsögðu bönnuð í Íran.

Ein fótboltaáhugavinkona mín hér er mikil kvenréttindakona og á það til að mæta fyrir utan fótboltaleiki og mótmæla. Hún er langt frá því að vera sátt við hlut kvenna í Íran en á sama tíma er hún mjög vongóð um að ástandið muni breytast og hefur mikla trú á kynsystrum sínum. Margar íranskar konur eru ótrúlega sterkar og miklar baráttukonur. Með aukinni menntun og fyrirmyndum eins og Nóbelsverðlaunahafanum Shirin Ebati eiga þær bara eftir að verða sterkari. Íran er yngsta þjóð í heimi og 60 prósent af háskólanemum eru stelpur. Þessar stelpur nota námið sem leið til að fara að heiman, fresta hjónabandi og barneignum og öðlast meira frelsi.



Stelpur reyna að smygla sér á fótboltaleik í myndinni Offside.

En það er fyndið að tala um fótbolta sem þjóðaríþrótt þar sem aðeins helmingurinn af þjóðinni má taka þátt í leiknum. Og það minni helmingurinn þar sem konur eru í meirihluta í Íran. Átta ára blóðugt stríð við Írak tók stóran toll af karlþjóðinni. Flestir þeir sem dóu voru ungir hermenn og þess vegna eru fleiri stelpur um hvern strák hér og meira kappsmál fyrir þær að næla sér í einn. Það er reyndar önnur íþrótt sem ungar stelpur stunda af miklum krafti í Teheran. Það er enn þá ríkt í menningunni að konur séu óæðra kynið og þess vegna er það þeirra hlutverk að táldraga mennina með öllum tiltækum ráðum. List sem íranskar konur kunna mjög vel og útskýrir hvers vegna þær eru svona vel til hafðar og huggulegar öllum stundum.

Önnur vinsæl íþrótt hér er að labba upp Tochal-fjallið sem gnæfir yfir Teheran, eins og Esjan í Reykjavík. Síðustu helgi labbaði ég með vinkonu minni upp fjallið. Þarna voru mættar stelpur í strigaskóm, sportlegum buxum við síða jakka og með klútinn vandlega bundinn á höfuðið.

Á leiðinni upp voru öðru hvoru skilti til að minna stelpurnar á að allar góðar konur hylja líkama sinn og Guð hjálpar þeim. Sum skiltin voru með tilvitnunum úr Kóraninum eins og til dæmis: „Guð er góður og elskar fegurð.“ Og þar hafiði það.

hannabjork@gmail.com
hannabjork.blogspot.com

## HELGARKROSSGÁTAN

Leystu krossgátuna!
Þú gætir unnið annan hvorn þessara leikja fyrir Playstaition 2!


Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900!
Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón.
Þá sendir þú SMS-iðJA LAUSN JON
Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12. -99 kr. smsið




Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net


TILBOÐ
TIL PÁSKA
Opið alla helgina
GLÆSILEG TILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI TIL PÁSKA
OPIÐ Í DAG 10-17
TILBOÐ GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Packard Bell
Celeron 1.73GHz, 1GB minni, 120GB diskur, DVD skrifari, 15,4" Diamond View skjár, 256MB ATI skjákort, VISTA Home Basic
79.900
EV10 7.990 Á MÁN • ENGIR VEXTIR í 10 MÁN
OPNUNARTÍMAR
31. mars
10:00 - 17:00
1. apríl
12:00 - 17:00
2. apríl
10:00 - 19:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is



# byko.is leikur

Allir sem skrá sig eða eru skráðir á byko.is, fara í pott. Vinningshafar verða dregnir út 16. apríl.

**1. Vinningur:** 200.000 kr. inneign

Gildir í BYKO, Húsgagnahöllinni, Intersport og ELKO.

**2-11. Vinningur:** Haier 20" sjónvarp með innbyggðum DVD spilara að verðmæti 19.900

**44.900**

OUTBACK

Vnr. 50630104

**Gasgrill**

**OUTBACK HUNTER PLUS gasgrill, 60x50 cm grillflötur, 3 brennarar, grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárni, emelerað stál og ál. Neistkveikjari, hitamælir, efri grind þrýstijafnari og grillsteinar. Kemur samansett fyrir utan fætur og hliðarborð. Fitubakki, mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstijafnari og slanga fylgir.**

**www.byko.is**

**verslaðu á netinu**



# MIKIÐ ÚRVAL AF HJÓLUM & REIÐHJÓLAHJÁLMUM






# BETRI KAUP

*fyrir vorið!*




Vnr. 50632111

**Gasgrill**

ELEGANT UNION ryðfrítt gasgrill með 3 brennurum, pottjárn í steikargrind, grillflötur 66x50 cm. Neistakveikjari, grillsteinar, hitamælir, steyptir brennarar. og efri grind, 12.9kW. Fitubakki, mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstijafnari og slanga fylgir.




Vnr. 50630100

**Gasgrill**

OUTBACK

OUTBACK OMEGA 200 gasgrill. Stærð 55x36 cm, grillflötur með tvískiptum brennara, hliðarborði, neistakveikjara, þrýstijafnara, slöngu og grillsteinum.

BOSCH

Vnr. 74890004

**Hekkklippur**

BOSCH AHS 30 hekkklippur, sverðlengd 42 cm, 390W.

FRÁBÆRT VERÐ!




OUTBACK




Vnr. 50632308

**Gasgrill**

OUTBACK ELITE SPIRIT gasgrill, 60x50 cm grillflötur með þremur brennurum, grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárn, emelerað stál og ál, neistakveikjari, hitamælir, efri grind þrýstijafnari og grillsteinar. Kemur samansett fyrir utan fætur og hliðarborð. Fitubakki, mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstijafnari og slanga fylgir.

FRÁBÆRT VERÐ!




Vnr. 68315205

**Hekkklippur**

LUX hekkklippur.

ALLT FYRIR VORVERKIN




Vnr. 79291069

**Hjólbörur**

GINGE hjólbörur, 90 ltr.




Vnr. 65001517

**Sjónvarp** 21”

HAIER 21” sjónvarp með innbyggðum DVD spilara.

AGA

**Gashylki**

Nú er hægt að fá gashylki og áfyllingu í öllum verslunum BYKO á góðu verði.

AGA Gasol hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Nú getur þú valið á milli tveggja hylkjastærða, 5 og 10 kíló.




BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI




## STUÐ MILLI STRÍÐA Kæfður viðrekstrarkór heimsins kemur fram

**KAREN D. KJARTANSDÓTTIR** VEIT NÚ AÐ Á DANSGÓLFUM HEIMSINS REKUR FÓLK VIÐ ÁN AFLÁTS



Akureyri er alltaf skrefi á undan. Bæjarbúar eiga nú líkamsræktarstöð sem selur áfengi og skemmtistað sem bannar reykingar. Flestir hafa bölvað og kveinkað sér eftir gleðskap vegna þeirrar ólyktar sem loðir við föt, húð og hár. Þar er helst um að ræða reykingaróþefinn sem allar siðaðar manneskjur eiga að hafa megna skömm á. Því fannst mér kjörið að prófa reyklausan skemmtistað þegar ég kom norður. Og viti menn. Stórreykingamanneskjan sjálf varð agndofa af undrun yfir því hve ferskt andrúmsloft vínveitingastaða getur verið án reykingahyskis.

Tónlistin var lágt stillt og úr hátölurunum hljómaði aðeins ofurlétt diskó. Þegar ég steig fyrstu danssporin fann ég líkamsræktaráhuga níunda áratugarins vakna innra með mér. Í hugskotssjónum sá ég Jane Fonda leiða mig í taktinn. Söknuður eftir axlarpúðum gerði vart við sig í brjósti mínu.

„Þetta er sæluríki smáborgarans,“ hugsaði ég glöð í bragði. Þá dundu ósköpin yfir. Skítalykt flæddi um andrúmsloftið. Ég reyndi að hætta að anda með nefinu en fékk þá á tilfinninguna að munnur minn fylltist af óhreinindum og varð óglatt.

Ég reyndi að hugsa aðeins um tónlistina, sem innihélt aðeins tóm og engan fnyk. Allt kom fyrir ekki.

Bitur sannleikurinn rann upp fyrir mér. Á dansgólfum hamast fólk sem venjulega stundar kyrrsetu. Líkami þess er óvanur hreyfingu og skyndileg átökin leiða ekki einungis löðrandi kynþokka úr læðingi. Ástand líkamans versnar svo enn ef fólki hefur þambað ótæpilega af bjór eða öðru sem illa fer í maga og slakar á vöðvum. Útkoman verður viðrekstrarkór sem við höfum aldrei heyrt í eða fundið fyrir áður í gegnum ærandi tónlist og reykjarmökk.

Dansgólf heimsins eru troðfull af fólki sem rekur við án afláts. Í júní tekur allsherjar reykingarbann á skemmtistöðum gildi og þá mun raunveran verða kunngjörð.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




Hagkaup óska Latabæ til hamingju með Emmy tilnefningarnar
Þættirnir um Latabæ eru í ár tilnefndir til tvennra Emmy verðlauna fyrir leikstjórn og tónlistarstjórnun.
Magnús Scheving og Jonathan Judge eru tilnefndir fyrir framúrskarandi leikstjórn á barnaefni.
Máni Svavarsson er tilnefndur fyrir framúrskarandi tónlistarstjórnun og tónlistina í Latabæjarþáttunum.
Emmy-verðlaunin eru veitt því efni sem þykir skara fram úr í bandarísku sjónvarpi og eru nú veitt í 34. sinn. Verðlaunaafhendingin fer fram við hátíðlega athöfn í Kodak-leikhúsinu í Los Angeles hinn 15. júní 2007.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

ABBABABB! eftir Dr. Gunna

FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!

Sun 1. apríl kl. 14.00 | Sun 15. apríl kl. 17.00
Sun 1. apríl kl. 17.00 | Sun 22. apríl kl. 14.00
Sun 15. apríl kl. 14.00 | Sun 22. apríl kl. 17.00

Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is

CAVALLERIA RUSTICANA

Elín Ósk Óskarsdóttir
Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Ólafur Kjartan Sigurðarson
Hörn Hrafnsdóttir
Þórunn Stefánsdóttir
Hljómsveitarstjóri: Kurt Kopecky
Leikstjóri: Ingólfur Níels Árnason
Óperukór Hafnarfjarðar og hljómsveit Íslensku óperunnar

CAVALLERIA RUSTICANA
eftir PIETRO MASCAGNI
Frumsýning annan í páskum -uppselt
2. sýn: Mið. 11. apríl kl. 20
3. sýn: Lau. 14. apríl kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS
4. sýn: Sun. 15. apríl kl. 17 (lokasýning)

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN
SAMSTARFSVERKEFNI ÍSLENSKU ÓPERUNNAR OG ÓPERUKÓRS HAFNARFJARÐAR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




Stóra sviðið kl. 20:00

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 1/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus,** sun. 15/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 nokkur sæti laus,** sun. 22/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00.** Sýningum lýkur í apríl!

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Í kvöld lau. 31/3 **örfá sæti laus,** fim. 12/4 **örfá sæti laus,** fös. 13/4 **örfá sæti laus,** lau. 14/4, fim. 19/4, fös. 20/4 **örfá sæti laus,** lau. 21/4 **nokkur sæti laus,** fim. 26/4, fös. 27/4 **örfá sæti laus.** Ath. nemenda-afsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.

**CYMBELINE** eftir Shakespeare - gestaleikur í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5, mið. 16/5, fim. 17/5 **örfá sæti laus,** fös. 18/5.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

**Hálsfesti Helenu** eftir Carole Fréchette.
Frumsýning lau. 14/4 uppselt, sun. 15/4 **örfá sæti laus,** fös. 21/4.

Kassinn

**HJÓNABANDSGLÆPIR** eftir Erich-Emmanuel Schmitt.
Frumsýning mið. 18/4 uppselt, fim. 19/4 uppselt, fös. 20/4 uppselt, lau. 21/4 uppselt, fim. 26/4 uppselt, fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4 uppselt, sun. 29/4 uppselt, fim. 3/5 **örfá sæti laus,** fös. 4/5 **örfá sæti laus,** lau. 5/5 **örfá sæti laus,** sun. 6/5 **örfá sæti laus.**

Kúlan

**MJALLHVÍT** Brúðusýning Helgu Arnalds.
Lau. 14/4 kl. 15:00, sun. 15/4 kl. 15:00, fim. 19/4 kl. 15:00, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00.

**GERSEMAR GÆRDAGSINS** Gestasýning frá Turak leikhópnum í Frakklandi.
Mán. 16/4 kl. 20:00.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

SÍÐAN SKEIN SÓL
20 ára afmælistónleikar
Mið 18/4 kl. 20 Miðav. 3.900

VILTU FINNA MILLJÓN?
Í kvöld kl. 20 | Sun 15/4 kl. 20
Fim 3/5 kl. 20 | Síðustu sýningar

HÖRÐUR TORFA
Kertaljósatónleikar
Mán 2/4 kl. 20 Miðav. 3.100

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Mið 4/4 kl. 20 AUKAS. | Sun 15/4 kl.20
Þri 17/4 kl. 20 | Fim 19/4 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Í dag kl. 14 UPPS. | Sun 1/4 kl. 20
Þri 3/4 kl. 20 UPPS. | Mið 4/4 kl.20 UPPS.
Mið 4/4 kl. 22:30 UPPS. | Fim 5/4 kl. 17
Fim 5/4 kl.20 UPPS.
Sun 15/4 kl. 14 UPPS. | Mán 16/4 kl.21 UPPS.
Fim 19/4 kl. 14 | Fim 19/4 kl. 17 UPPS.
Fim 19/4 kl. 21 UPPS. | Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS. | Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 22:30 | Fim 10/5 kl. 20 UPPS.

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl. 20 UPPS. | Sun 1/4 kl. 20 UPPS.
Lau 14/4 kl. 20 UPPS. | Sun 15/4 kl.20 UPPS.
Fös 20/4 kl. 20 UPPS. | Lau 21/4 kl.20 UPPS.
Sun 22/4 kl. 20 UPPS. | Mið 25/4 kl. 20 UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 UPPS. | Sun 29/4 kl. 20
Fim 3/5 kl. 20 | Sun 6/5 kl. 20

DAGUR VONAR
Mið 18/4 kl. 20 UPPS. | Fim 19/4 kl. 20
Fim 26/4 kl. 20 | Fös 27/4 kl. 20
Fös 4/5 kl. 20 | Mið 16/5 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 20/4 kl. 20 FORSÝNING UPPS.
Lau 21/4 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort

KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Fim 5/4 kl. 20 AUKAS. | Lau 14/4 kl. 20
Fös 20/4 kl. 20 | Lau 21/4 kl. 20

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Þri 17/4 kl. 20 AUKAS.
Mið 2/5 kl. 20 AUKAS.
Lau 5/5 kl. 20 AUKAS.

KRÓNIKUR DAGS OG NÆTUR
Pourquoi pas?-franskt vor á Íslandi
Í kvöld kl. 20 Miðaverð 1.500
Síðasta sýning

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ


**Kl. 15.00**

*Sýningin Sjömílnaskór, samsýning sjö listamanna, verður opnuð í Listasal Mosfellsbæjar. Í hópnum eru listamenn sem vinna með fjölbreytta miðla og spanna því vítt róf myndlistar. Þátttakendur eru, Berglind Jóna Hlynsdóttir, Eyþór Árnason, Heiða Harðardóttir, Ingibjörg Birgisdóttir, Oddvar Örn Hjartarson, Unnar Örn Jónasson Auðarson og Þórdís Aðalsteinsdóttir.*



# menning

menning@frettabladid.is



## >Ekki missa af …

**Hitchcock í Hafnarfirði.** Kvikmyndasafnið sýnir myndina **The Man Who Knew Too Much** frá 1956 í dag.

kertaljósatónleikum **Harðar Torfasonar** á mánudagskvöldið.

leikritinu **Eilífri hamingju** eftir **Þorleif Arnarsson** og **Andra Snæ Magnason** í **Borgarleikhúsinu**.

# Fáheyrð Schubertsperla

**Á tónleikum Söngsveitarinnar Fílharmóníu verður þýsk rómantík í fyrirrúmi en á vortónleikunum nú er leitað í smiðju Brahms, Mendelsohns og Schuberts.**



**STOLT SCHUBERTS** Söngsveitin Fílharmonía flytur messu undrabarnsins Franz Schubert á vortónleikum sínum.

Kórinn flytur þrjú verk á tvennum tónleikum, tvær mótettur og Messu í As-dúr eftir Schubert en það magnaða verk verður flutt í annað sinn hér á landi. Magnús Ragnarsson, stjórnandi kórsins, kveðst hafa verið á útkikki eftir spennandi og fáheyrðu verki þegar hann rakst á fyrrgreinda messu og heillaðist alveg. „Ég var mjög hissa á því hversu lítið þekkt þetta verk er en þegar ég fór að grafast fyrir um sögu þess komst ég að því að messan hafði verið flutt fyrir þrjátíu árum og þá af Fílharmoníunni. Flutningurinn tókst afar vel og verkið fékk góðar viðtökur en messan hefur ekki verið flutt síðan – sennilega vegna þess að það þarf stóra hljómsveit í verkinu og það er dýrt fyrirtæki fyrir sjálfstæðan kór.“

Messan gerir miklar kröfur til flytjendanna sem og Brahms móttettan sem einnig verður á efnisskránni. „Þessir tónleikar eru líka góð upphitun fyrir það sem koma skal,“ segir Magnús hressilega en á döfinni er flutningur á hinu vel þekkta verki Carmina Burana eftir Carl Orff, sem kórinn mun ferðast með austur til Litháen í sumar. „Okkur var boðið að taka þátt í opnun Sumarlistahátíðar Heilags Kristófers í Vilnius,“ útskýrir Magnús. Þar mun kórinn koma fram ásamt hljómsveit og litháskum drengjakór.

Tónleikarnir verða haldnir í Langholtskirkju, þeir fyrri á morgun kl. 20 og hinir síðari á sama tíma næstkomandi þriðjudag. Einsöngvarar á tónleikunum eru Hulda Björk Garðarsdóttir, Nanna María Cortes, Jónas Guðmundsson og Alex Ashworth en konsertmeistari er Sif Tulinius.

**- khh**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS
28 29 30 **31** 1 2 3
**Laugardagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 17.00 Verkið **Samstaða** eftir **Benedikt H. Hermannsson** verður frumflutt á tónleikum **Blásarasveitar Reykjavíkur** í **Salnum**. Verkið er útskriftarverkefni Benedikts frá tónsmíðadeild **Listaháskóla Íslands**. Stjórnandi er **Kjartan Óskarsson**. Einnig verða flutt verk eftir Strauss og Kurt Weill.

### OPNANIR

☐ 14.00 Tvær sýningar verða opnaðar í **Ásmundarsafni Listasafns Reykjavíkur.** Annars vegar er um að ræða sýningu á abstrakt verkum eftir **Ásmund Sveinsson** og hins vegar teikningar við íslenskar þjóðsögur úr munnlegri geymd eftir íslenska teiknara. Þrátt fyrir að sýningarnar séu um margt ólíkar eiga þær sameiginlegan snertiflöt í íslenskum þjóðsögum sem voru myndhöggvaranum innblástur í mörgum verka hans.

☐ 14.00 Sendiherra Frakka á Íslandi, **Nicole Michelangeli**, opnar sýninguna **traits tres mode** í **gallerii Sævars Karls** í **Bankastræti.** Þar má finna teikningar eftir fimmtán af fremstu tískuteiknurum Frakka.

☐ 14.00 **Borghildur Óskarsdóttir** opnar sýninguna **Opnur: sögur frá liðnum tíma í ljósi mynda** í **Listasafni ASÍ** við Freyjugötu.

☐ 16.00 **Sirra Sigrún Sigurðardóttir** og **Guðrún Benónýsdóttir** opna sýningu sína **Fata Morgana** í **Nýlistasafninu**. Þær vinna báðar með innsetningar. Sirra vinnur verk sín í fremsta sal safnsins en Guðrún byggir innsetningu sína í innri salnum.

☐ 17.00 **Sigurður Páll** opnar málverkasýninguna **Næturvinna** á **Kaffi Sólon** í **Bankastræti**. Sýningin stendur yfir til 27. apríl.

☐ 17.00 Myndlistarmaðurinn **Snorri Ásmundsson** opnar sýninguna **Ég og vinnustofan mín (sjálfsmynd) / Me and my studio (Selfportrait)** í sýningarýminu **Suðsuðvestur** í Reykjanesbæ.

☐ 17.00 **Sara Elísa Þórðardóttir** opnar málverkasýningu á **Café Vor**.

☐ Sýningin **WA Tímabundið yfirborðssjálfstæði** verður opnuð í sýningarsal **Orkuveitu Reykjavíkur**. Fimmtán franskir listamenn voru beðnir um að búa til veggverk sem hægt væri að skapa sjálfstætt og innan þröngs tímaramma. Nemendur í **Myndlistarskólanum í Reykjavík** munu endurskapa verk listamannanna og verður hluti þeirra tilbúinn þegar sýningin hefst en önnur kláruð meðan á henni stendur en sýningunni lýkur 31. mars.

### SÝNINGAR

☐ 13.00 **Bjarni Jónsson** listmálari sýnir um þessar mundir málverk í **Sjóminjasafninu** við **Grandagarð**. sem lýsa lífi og störfum sjómanna á tímum áraskipanna. Bjarni hefur í áratugi unnið að gerð mynda sem eru heimildir um líf forfeðra okkar og hafa myndir hans til dæmis prýtt hið mikla heimildarit um Íslenska sjávarhætti. Sýningin er opin á laugardögum og sunnudögum milli kl. 13-17.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
29. mars - uppselt
30. mars - uppselt
31. mars - uppselt
1. april - uppselt
14. april - uppselt
15. apríl - örfá sæti laus
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

KRINGLU KRÁIN
Hljómsveitin
Signia í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
31. mars lau 7 sýning kl. 16
14. apr lau 8 sýning kl. 20
20. apr fös 9 sýning kl. 20
21. apr lau 10 sýning kl. 20
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

# Norrænt samstarf

Fyrstu skref að sameiningu Íslands og Færeyja hafa verið stigin að sögn félaga í tríóinu TRISFO.

Aðalhvatamaður að stofnun tríósins er færeyski kontrabassaleikarinn Edvard Nyholm Debess, en auk hans skipa tríóið Íslendingarnir Kjartan Valdemarsson á píanó og Sigurður Flosason á saxófóna. Tríóið hefur starfað um fjögurra ára skeið en heldur útgáfutónleika í Norræna húsinu á morgun kl. 20 og leikur þá tónlist af nýjum diski, The North Atlantic Empire en þar er að finna tónlist eftir alla meðlimi tríóins, auk frjáls spuna.



**SIGURÐUR FLOSASON OG FÉLAGAR** Stefna að sameiningu Íslands og Færeyja. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Tilþrif á TÍBRÁ

Þýska tríóið Hyperion heldur tónleika í Salnum í Kópavogi annað kvöld. Tónleikar tríósins eru liður í TÍBRÁR-tónleikaröðinni.

Tríóið skipa þau píanóleikarinn Hagen Schwarzrock, Oliver Klipp fiðluleikari og Katarina Troe sellóleikari.

Á efnisskránni eru þrjú verk, tvö stórverk frá klassíska tímabilinu, eftir Mozart og Beethoven, og auk þess verður frumflutt á Íslandi nýtt verk í sjö hlutum eftir Atla Heimi Sveinsson, samið sérstaklega fyrir hópinn. Verkið tileinkar tónskáldið rithöfundinum Thor Vilhjálmssyni.



**HYPERION TRÍÓIÐ** Frumflytur verk eftir Atla Heimi Sveinsson.




## Tækifæri til að nýta og njóta

Á Mið-Austurlandi er að myndast öflugur byggðaklasi í skjóli einstakrar náttúru, friðsæll og fjölskylduvænn staður. Hátt í þúsund ný framtíðarstörf bjóðast fólki með margs konar menntun og reynslu. Með eflingu atvinnulífs og fjölgun íbúa skapast fjölbreytt viðskiptatækifæri fyrir hugmyndaríka frumkvöðla.

Sveitarfélög á Mið-Austurlandi hafa kostað kapps um að styrkja innviði samfélagsins og hundruð nýrra íbúðarhúsa eru að rísa. Á svæðinu er yfirbyggður knattspyrnuvöllur, glæsilegar útisundlaugar og frábært skíðasvæði. Þjónusta á Mið-Austurlandi færist stöðugt nær því sem gerist á höfuðborgarsvæðinu og neytendur hafa úr mörgu að velja. Samgöngur til og frá svæðinu eru góðar, á landi, í lofti og á sjó.

Tækifæri til hvers konar útivistar eru fjölmörg. Fallegar gönguleiðir eru við hvert fótmál, stærsti skógur landsins og góðir hálendisvegir. Hægt er að stunda hvers kyns veiðar, hestaíþróttir njóta vaxandi vinsælda og golfurum fjölgar stöðugt. Einnig bjóðast frábær tækifæri til afþreyingar, listirnar dafna og íþróttastarfsemi er öflug.

## Síðustu 100 störfin í boði

### Framleiðslustarfsmenn

Okkur vantar fleiri eldhressa starfsmenn í álframleiðslu og málmvinnslu. Til framleiðslustarfsmanna eru ekki gerðar ákveðnar kröfur um menntun eða kunnáttu. Allir fá viðamikla þjálfun og fræðslu í fyrirtækinu. Verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

### Rafiðnaðarmenn og véliðnaðarmenn

Við leitum að faglærðum rafiðnaðarmönnum og véliðnaðarmönnum til að sinna viðhaldi tækja og búnaðar í hátæknivæddu álveri Fjarðaáls. Hjá fyrirtækinu verða um 120 tæknimenntaðir starfsmenn. Faglegur metnaður og stöðug þróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina.

**Öll störf henta bæði konum og körlum.**
**Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl.**
**Viðkomandi munu hefja störf á næstu sex mánuðum.**

AUSTURLAND TÆKIFÆRANNA

## Gríptu þitt tækifæri

Hjá Fjarðaáli er nú búið að ráða hátt í 300 starfsmenn og við leitum enn að fólki sem vill starfa með okkur, að konum jafnt sem körlum. Konur er nú um þriðjungur starfsmanna hjá Fjarðaáli og hlutfall kvenna af starfsmannafjölda í álveri er hvergi í heiminum jafnhátt.

capacent RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli á **capacent.is** (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á **www.alcoa.is** og hjá **Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is)** og **Helgu Snædal (helga.snaedal@capacent.is)** hjá Capacent í síma 540 1000.

**www.alcoa.is**

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

ÍSLENSKA/SIA.IS/ALC 36928 03/07

**Spurning dagsins**

Hvar verslar þú fermingagjafirnar



Í BT, ekki spurning



Ég versla mínar í BT



Huu... örugglega PS3 Í BT



Konan verslar þær Í BT



Sennilega í BT

Þetta er auglýsing

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

**ITS** er alþjóðlegt tengslanet sem sérhæfir sig í að leita uppi hæfileikafólk innan tískuheimsins. Fulltrúar þess mættu á sýningu tískuhönnunardeildar LHÍ á Kjarvalsstöðum síðastliðinn laugardag …
**Stjörnurnar** þyrpast á tískuvikuna í Los Angeles …
**Gwen Stefani** kynnir nýtt ilmvatn sem hún kallar L …
**Top Shop** opnar glæsilega skódeild með yfir 100 geggjuðum gerðum af skóm í Smáralind …



# stíll

utlit@frettabladid.is



## OKKUR LANGAR Í …

**Annick Goutal** dásamleg ilmkerti sem endast og endast … fást í Kisunni.



**Chloe tösku** frá Sævari Karli. Trés chic.

**Gífurlega svala** PVC regnkápu fyrir aprílregnið. Frá Bernharði Laxdal, Laugavegi.





## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
Anna Margrét Björnsson

# Stelpur sem verða alltaf stelpur

Ég las frábæra grein um Kate Moss um daginn þar sem henni var lýst sem „Ageing Party Girl“. Sumsé Mossarinn er ein af þeim mörgu konum sem bara láta aldur og fyrri störf engin áhrif hafa á attitjúdið og eru alltaf hressar. Ókei, ef til vill er Kate kannski ekki besta dæmið þar sem hún tekur hressleikann aðeins of alvarlega, en þið vitið hvernig týpur ég meina. Konur sem nenna ekki að láta barneignir og vídeókvöld rústa þeirra eigin sjálfi og lifa lífinu eins og þær hafa alltaf gert. Þær eru ekkert að stressa sig heldur yfir fáeinum hrukkum eða að vera með veski í stíl við skóna eða fara í brúnkumeðferðir og trilljón tíma hjá einkaþjálfara í Laugum. Konurnar sem eru eins og þær hafa alltaf verið og er sama um hvað fólki finnst. Þær halda alltaf í sína innri stelpu og sumar geta verið í sömu gallabuxunum og með sama síða hárið sextugar án þess að verða ögn hallærislegar. (Botox-sukk og druslulæti samt algjörlega bannað). Þær gleyma líka alltaf að senda jólakort og að elda lambalæri handa tengdó á sunnudögum (sennilega of þunnar) og bjóða þér ekki í brönsj klukkan ellefu á laugardögum. Þær mæta frekar í óvænta heimsókn á þriðjudagskvöldi með kampavínsflösku og kynlífsleikfang sem þeim fannst fyndið. Heimagallinn er ekki flíspeysa heldur Myla nærbuxur, háir hælar og kimono og þær snæða sushi við eitursvala tónlist með ískalt kampavín í hönd fremur en að liggja eins og vikugamalt grænmeti í flíspeysunni í sófanum. Látið þetta eftir ykkur einstaka sinnum. Finnið ykkar innri slæmu stelpu.



**Frægar partístelpur sem eru ávallt undursvalar:** Marianne Faithful, Jane Birkin, Kate Moss, Madonna, Sadie Frost og Samantha í Beðmálum í borginni.

**Líklegust til að segja:** „Réttu mér kampavínsflöskuna.“

**Ólíklegust til að segja:** „Ég ætla snemma heim af því ég þarf að mæta í jóga klukkan sex í fyrramálið.“








**MUSTERISRIDDARI** Silfraður kjóll, háir hanskar og leggings eru miðaldaleg og sixtís í senn.



**GADDAR OG MÁLMUR** Dásamleg taska frá Soniu Rykiel. Fæst í Kisunni.



**ROKKARALEGUR PELS** Guðdómlegur loðfeldur með belti í mittið og stuttur silkikjóll undir.



**SMART** Hneppt glitrandi skyrta við settlegt grátt pils og háa hanska.



**STUTTAR ERMAR** Sniðug útfærsla á vetrarkápunni, hanskarnir koma í stað erma.



**RIDDARALÚKKIÐ** Háir hanskar frá La Femme, Laugavegi



**SIR LANCELOT** Þessi fyrirsæta gæti gengið beint út úr settinu á riddurum hringborðsins.

# ENSK KLASSÍK ROKKUÐ UPP

Flestir muna eftir fáránlegu Burberry-æði sem greip um sig meðal Íslendinga fyrir um það bil fimm árum. Þá þótti „hnökkum“ þess tíma smart að dekka sjálfa sig, húsbúnaðinn og jafnvel börnin og gæludýrin í hinu drapp/hvít/rauð og svartköflótta Burberry's munstri. Æðið mátti rekja til samskonar maníu um heim allan þegar ungur og ferskur hönnuður, Christopher Bailey, tók við hönnun á merkinu og ætlunarverkið átti að koma þessu breska fatamerki inn á tískukortið. Burberry's var stofnað af Thomas Burberry undir lok nítjándu aldar og var þekkt fyrir klassísk bresk gæði. Það skaust aðeins upp á stjörnuhimininn á sjöunda áratugnum þegar rykfrakki frá þeim og regnhlíf í stíl þóttu ægilega töff. Bailey er 35 ára gamall Yorkshire-búi sem þolir ekki stimpilinn „chav“ sem merkið fékk fyrir nokkrum árum. Breska orðið „chav“ er svipað og íslenska orðið hnakki og beinist að nýríkum plebbum frá Essex-héraði Englands, og í Bretlandi er til dæmis talað um að Beckham-hjónin hafi gengið af Burberry's dauðu. Sú er þó aldeilis ekki raunin því Bailey heldur áfram að hanna einstaka snilld undir Burberry Prorsum línunni þar sem sjaldnast glittir í hið fræga köflótta munstur.



**KVENLEGT** Hér svífur klassíski Burberry's andinn yfir vötnum.

Bailey keypti sér fyrsta Burberry's-rykfrakkann sinn á flóamarkaði sem unglingur, en á þeim fimm árum sem hann hefur verið við stjórnvölinn hjá Burberry's hefur það orðið að fyrirtæki með milljarða punda veltu. Bailey, sem áður vann hjá Donnu Karan í New York og Tom Ford í Mílanó sækir gjarnan innblástur til alls sem breskt er, til dæmis Davids Hockney, Milford-systranna og Margrétar prinsessu heitinnar. Hæfileikar hans til að breyta sífellt til en halda samt í klassískar hefðir gera hann að einstökum hönnuði. Til að útskýra nýjustu línuna sína fyrir haust/vetur 2007 segir hann: „Þetta er sama Burberry-stelpan. Hún er bara aðeins rokkaðri.“ Innblásturinn er líka frá sjálfu Prorsum lógóinu – miðaldariddara á hesti- og lýsir sér í silfurskreyttum kjólum, háum hönskum og stígvélum. Drapplitað gaberdín og köflótt munstur viku fyrir renndum vatteruðum úlpum og svölum fylgihlutum úr rauðu eða svörtu lakki. Með nýju línunni heldur Bailey í miðaldastílinn sem byrjaði hjá Galliano og Prada fyrir ári síðan í París og fylgir einnig nýju Alaia-innblásnu tískunni sem er áberandi í London þessa dagana. **- amb**



**HÁ OG SEXÝ** Lakkstígvél frá La Femme, Laugavegi.

**Fimm leiðir til að ná Prorsum lúkkinu:**

1. Svartir lakkskór eða stígvél
2. Gráar peysur með svörtum leðurbeltum við
3. Háir leðurhanskar
4. Vatteraðar úlpur í svörtu eða gráu
5. Stuttir kjólar með miðaldasniði

# PLAYSTATION 3
## Á HEIMA Í BT



**69.999**








BT LÁN™

6.789* 12 mánaða

3.817 24 mánaða



# Afhverju PS3

- Farðu þráðlaust á netið
- Spilaðu Blu-ray kvikmyndir, (spilar einnig DVD)
- Spilaðu í hæstu myndgæðum 1080p
- Spilaðu leiki við fólk um allan heim
- Fjarstýrðu PlayStation 3 með PSP
- Settu inn ljósmyndir, myndskeið og tónlist
- PlayStation 3 er eitt fullkomnasta afþreyingarkerfið
- Þráðlaus stýripinni með fullkomnum hreyfiskynjurum
- Gríðarlegt leikjaúrval
- 60GB Harður diskur

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# X-ið fékk reykvískt páskaegg frá Alcan

„Þeir styðja augljóslega stækkun álversins en hafa aðrar röksemdafærslur en við. Og við í Alcan vildum bara þakka þeim fyrir stuðninginn,“ segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi álversins í Straumsvík sem mætti í höfustöðvar X-ins 977 í Skaftahlíð í gærmorgun og afhenti forsvarsmönnum útvarpsstöðvarinnar forláta páskaegg númer 7 frá Nóa Siríus. Útvarpsstöðin hefur tekið virkan þátt í kosningabaráttunni sem hefur verið í gangi í Hafnarfirði vegna kosninga um stækkun Álversins sem verða í dag. Auglýsingarnar hafa vakið verðskuldaða athygli og þykja meira en lítið tvíræðar. „Heit mengun er betri en skítakuldi – segjum já við stækkun álversins“ og „Ósonlagið er ofmetið“.

Þorkell Máni Pétursson, dagskrárstjóri X-ins 977, var að vonum sáttur við gjöfina frá Alcan en bætti því við að útvarpsstöðin myndi sennilega gefa páskaeggið. Enda myndu þeir ekki gefa út opinberlega sína skoðun á stækkuninni. „Við höfum fengið sterk viðbrögð við þessari herferð og fólk úr báðum fylkingum hefur þakkað okkur fyrir stuðninginn,“ segir Máni. „Og við höfum auðvitað líka fengið skammir í hattinn,“ bætir Máni við sem jafnvel hefur verið vakinn um miðja nætur af fólki sem vildi ræða málin við hann. „Fólk hefur meira að segja verið að hringja í okkur úr álverinu þannig að þessar kosningar eru greinilega mikið tilfinningamál,“ bætir Máni við.

- fgg



**HRANNAR** Gaf útvarpsstöðinni páskaegg frá reykvísku súkkulaðiverksmiðjunni Nóa Siríus.

**MÁNI** X-ið hefur keyrt ákaflega tvíræðar auglýsingar fyrir kosningarnar um stækkun álversins.

# Britney samþykkir skilnað við Kevin

Poppprinsessan fyrrverandi, Britney Spears, hefur gengið formlega frá skilnaðinum við eiginmann sinn Kevin Federline. Britney, sem er nýkomin úr meðferð, sótti um skilnaðinn í nóvember í fyrra eftir tveggja ára hjónaband. Hún á tvö börn með Federline.

Skilnaðurinn er þó ekki fullfrágenginn því dómari á enn eftir að staðfesta hann.

Orðrómur hefur verið uppi um að Federline fái í sinn hlut um 70 milljónir króna við skilnaðinn, auk þess sem þau munu fara sameiginlega með forræði yfir sonum þeirra.



**BRITNEY OG KEVIN** ritney Spears og Kevin Federline skildu í fyrra eftir tveggja ára hjónaband.

# Lög um einmanaleikann

**Tónlistarmaðurinn Teitur er meðal þeirra sem koma fram á færeyskum degi á Nasa í kvöld. Teitur, sem hefur verið að gera það gott í Danmörku, hlakkar mikið til tónleikanna. Freyr Bjarnason spjallaði við þennan hæfileikaríka pilt.**

Teitur var nýkominn til Íslands frá Ástralíu þegar blaðamaður ræddi við hann og því varla búinn að jafna sig á löngu ferðalaginu. Þar var hann á vel heppnaðri tónleikaferð til að kynna sína aðra sólóplötu, Stay Under the Stars, sem kom út á síðasta ári. Áður er hann fór til Ástralíu spilaði Teitur á austurströnd Bandaríkjanna, eins og hann hefur gert undanfarin fjögur ár.

### Spilar með strengjasveit

Teitur hlakkar mikið til að spila á Nasa í kvöld. „Ég hef komið tvisvar til Íslands en aldrei spilað. Ég hef heyrt góða hluti frá vinum mínum frá Færeyjum sem hafa spilað þar, þannig að þetta verður gaman,“ segir Teitur. Með honum á tónleikunum verður strengjasveit og flutt verða lög bæði af nýju plötunni og af frumburðinum Poetry & Aeroplanes. Sú plata vakti mikla athygli á Teiti og fékk hún meðal annars fullt hús, fimm stjörnur, í danska tónlistartímaritinu Gaffa.

Í umsögninni sagði meðal annars: „Í Færeyingnum Teiti hefur Danmörk eignast söngvara og lagasmið í alþjóðlegum gæðaflokki.“ Miðað við þessi ummæli vilja Danir eigna sér drenginn, sem kemur kannski ekki á óvart ef maður hlustar á Stay Under the Stars.

Á henni eru þægilegir og einlægir poppslagarar, þar á meðal hið vinsæla Louis Louis sem komst í fyrsta sæti á iTunes-spilunarlistum í Danmörku.



**TEITUR** Tónlistarmaðurinn Teitur er á meðal þeirra færeysku tónlistarmanna sem spila á Nasa í kvöld.

### Áhrif frá Eleanor Rigby

Teitur segir að nýja platan sé undir miklum áhrifum frá Bítlalaginu sígilda Eleanor Rigby sem kom út 1966 á plötunni Revolver. „Platan byggir aðallega á textabrotinu „All the lonely people – where do they all come from“. Ég reyndi að láta hvert lag fjalla um ákveðna manneskju og einmanaleika hennar,“ segir Teitur, sem játar að vera mikill Bítlaaðdáandi eins og svo margir aðrir.

### Flakkað um heiminn

Teitur, sem er þrítugur, fluttist frá föðurlandi sínu sautján ára. Fyrst um sinn bjó hann í Los Angeles þar sem hann starfaði sem lagasmiður en núna býr hann í London, þó að hann sé reyndar á stöðugum flækingi um heiminn. „Já, ég er búinn að flakka mikið um heiminn og þetta tónleikaferðalag sem ég er á núna hefur verið mjög erfitt og ferðaþreytan situr mikið í manni,“ segir hann.

Eftir tónleikana á Nasa er ferðinni heitið til Danmerkur þar sem hann heldur nokkra tónleika og eftir það spilar hann í Bretlandi. Teitur er jafnframt að ljúka við að taka upp plötuna sína á færeysku og kemur hún út í föðurlandinu í maí. Því næst stefnir hann á að taka upp nýja plötu í október. Greinilega nóg að gera hjá okkar manni.

### Færeyskt stórskotalið

Auk Teits spila á Nasa í kvöld þau Eivör Pálsdóttir, Högni Lisberg, Brandur Enni og hljómsveitin Gestir.

Hátíðin hefst klukkan 22.00 og er miðaverð 2.200 krónur. Fer miðasala m.a. fram á midi.is.

Ert þú á tímamótum!
Einstaka kona!

Þá er námskeiðið **Ég um mig** það sem þú ert búin að vera að bíða eftir.
Líkamsrækt og einstakir fyrirlesarar.

Sbr. Edda Björgvinsdóttir, Helga Braga og Þórhallur Heimisson ofl. Kynntu þér þetta frábæra námskeið á **egummig.is**



na na thai
Thai Restaurant & Store
Heimsending
Matseðill á
www.thaimatur.com
Við notum:
Vel valið hráefni t.d.
-kjúklingabringur
-nauta fillet
-svína fillet
-Lamba fillet
-ferskt grænmeti
-gæða krydd (innflutt af okkur)
-litla olíu
-og fleira
Tælenskur matur
Heimsendingargjald 700 kr.
Skeifan 4 Sími: 588 1818 • 896 3536

# Tónlistarkransakaka á Barnum

Uffie er 18 ára bandarísk/frönsk söngkona sem hefur verið að ná töluverðum vinsældum hér á landi og víðar á síðustu misserum. Hún verður með tónleika á Barnum á Laugavegi 22 í kvöld.

Uffie er þekkt fyrir opinskáa textagerð og afar líflega sviðsframkomu. Tónlistin sem hún spilar er einhverskonar rafmagnaður hiphop bræðingur sem er mjög hressandi.

Uffie ólst upp í Miami í Bandaríkjunum og Hong Kong. Þegar hún eltist varð hún að eigin sögn vandræðaunglingur þannig að mamma hennar sendi hana til pabba síns í Frakklandi í von um að það myndi róa hana. Það tókst ekki betur en svo að í dag er hún ekki síst þekkt fyrir afar órólega framkomu á tónleikum og texta sem fara fyrir brjóstið á mörgum. Sérstaklega þeim sem finnst að það hæfi ekki ungum stelpum að tala um dónalega hluti eins og kynlíf.

Ásamt Uffie mun koma fram hljómsveitin Steed Lord sem hefur meðal annars söngkonuna Svölu Björgvins innanborðs.

Steed Lord eru nýkomin heim úr velheppnaðri ferð á Vetrartónlistarmessuna í Miami. Þau munu svo leggja land undir fót í sumar og gera víðreist um Bandaríkin og Evrópu og munu meðal annars spila á Global Gathering tónlistarhátíðinni í Bretlandi. Bæði Uffie og Steed Lord stefna á plötuútgáfu síðar á þessu ári.

Tónleikarnir eru eins og fyrr greindi á Barnum að Laugavegi 22 og munu hefjast um klukkan 23 á leik Steed Lord. Það er frítt inn.

- jak



**UFFIE** Dónaleg og hress á Barnum í kvöld.

# BT

# 40"MEDION LCD VEGGSJÓNVARP
## BESTA VERÐIÐ Á ÍSLANDI

40"




**HD ready**
Upplausn fyrir næstu kynslóðar Blu Ray og HD-DVD spilara

**HDMI tengi**
Stafrænt tengi fyrir næstu kynslóðar Blu Ray og HD-DVD spilara

**Skerpa 1:1200**
Svartur er dekkri og hvítur er bjartari

**2 Sjónvarpsmóttakarar**
Fylgstu með 2 stöðvum í einu í mynd í mynd

**Svartími 8ms**
Myndin flöktir ekki og þú sérð boltann í betri gæðum

**VGA tengi**
Notaðu sjónvarpið sem 40" tölvuskjá

**70.000.- verðlækkun**




FYLGIR

**149.999** (219.999)

BT LÁN™

| BT 14.905* | BT 8.178** | BT 5.934*** |
|---|---|---|
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

# FRAMTÍÐIN ER NÚNA
## PANASONIC DVD UPPTÖKUTÆKI MEÐ HÖRÐUM DISKI




1. Pásaðu fréttirnar eða leikinn með TimeSlip
2. Taktu upp án þess að leita að tómri spólu eða diski
3. Láttu tækið sjálfvirkt taka upp uppáhalds þáttinn þinn í hverri viku
4. Færðu upptökur af VHS eða Hi8 yfir á DVD án þess að kveikja á tölvunni
5. Skoðaðu ljósmyndir úr myndavélinni með SD kortalesara
6. Divx afspilun

VERÐ LÆKKUN

AS SEEN ON TV

**Panasonic**
DMRES15
DVD upptökutæki

**24.999** (29.999)

BT LÁN™

| BT 2.605* |
|---|
| 12 mánaða |

**Panasonic**
DMREH55
160GB
Allt að 254 klst. upptaka

**44.999** (59.999)

BT LÁN™

| BT 4.572* | BT 2.556** |
|---|---|
| 12 mánaða | 24 mánaða |

**Panasonic**
DMREH65
250GB
Allt að 443 klst. upptaka
HDMI tengi fyrir stafræna mynd

**54.999** (71.999)

BT LÁN™

| BT 5.555* | BT 3.090** | BT 2.269*** |
|---|---|---|
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |








## FRÉTTIR AF FÓLKI



Breska dagblaðið Daily Mirror hefur beðið **Kate Middleton** afsökunar á óviðurkvæmilegri myndbirtingu af henni. Kate, sem er kærasta **Vilhjálms Bretaprins**, var á leiðinni til vinnu með kaffibolla í hönd þegar ljósmyndari hóf að smella af henni myndum. Blaðið viðurkennir að hafa gengið of langt.

# Þriðja barn Snipes

Hasarmyndaleikarinn Wesley Snipes eignaðist son með eiginkonu sinni Nakyung „Nikki“ Park á dögunum. Hefur hann fengið nafnið Alimayu Moa-T. Þetta er annað barn Snipes og Park, sem er kóresk listakona. Eignuðust þau dótturina Iset árið 2001.

Snipes á einnig soninn Jelani Asar, sem fæddist 1988, með fyrrverandi eiginkonu sinni April. Giftust þau árið 1985 en skildu fimm árum síðar.

Nýjasta mynd Snipes, The Shooter, fjallar um fyrrverandi liðsmann bandarísku leyniþjónustunnar sem er beðinn um að myrða hryðjuverkamann. Kemur þá í ljós að sá maður er fyrrverandi vinnuveitandi hans.



**SNIPES** Wesley Snipes eignaðist sitt þriðja barn fyrir skömmu.



**FOREIGN MONKEYS** Hljómsveitin Foreign Monkeys vann Músíktilraunir á síðasta ári.

# Úrslit í kvöld

Lokahnykkur hinna árlegu og veigamiklu Músíktilrauna fer fram í kvöld í Hafnarhúsinu.

Eftir fimm undanúrslitakvöld í síðustu viku standa ellefu hljómsveitir eftir og munu þær berjast í kvöld. Þetta eru hljómsveitirnar <3 Svanhvít!, The Custom, Gordon Riots, Hip Razical, Loobyloo, Magnyl, The Portals, Shogun, SkyReports, Soðin skinka og Spooky Jetson.

Úrslitin hefjast klukkan 17 og verður þeim útvarpað beint á Rás 2. Aðgangseyrir er 1.000 krónur en miðasala hefst klukkan 16.













# U2 byrjuð á næstu plötu

Írska hljómsveitin U2 hefur hafið upptökur á sinni næstu plötu, sem mun fylgja eftir How to Dismantle an Atomic Bomb sem kom út 2004.

Upptökustjóri verður Rick Rubin, sem hefur unnið með Red Hot Chili Pepper, Johnny Cash, System of a Down, Weezer og nú síðast, Metallica. „Við erum að vinna í nýjum lögum og höfum sökkt okkur niður í verkefnið,“ sagði gítarleikarinn The Edge. „Við ætlum ekkert að hugsa of mikið um hvað við ætlum okkur heldur viljum við bara semja lög og sjá hvað setur. Sumt af því sem við erum að vinna að lítur mjög vel út.“


**U2** Írsku rokkararnir í U2 eru að taka upp nýja plötu.

U2 gaf undir lok síðasta árs út safnplötu sem hafði að geyma tvö ný lög, annars vegar The Saints Are Coming, sem hljómsveitarmeðlimir endurgerðu með bandarísku rokkurunum í Green Day, og hins vegar Windows in the Skies. Á svipuðum tíma lauk Vertigo-tónleikaferð U2 um heiminn sem hafði staðið yfir í tuttugu mánuði. Meðal hljómsveita sem hituðu upp eða gestasöngvara á ferðalaginu voru The Killers, The Arcade Fire, Interpol, Mary J Blige, Patti Smith og Eddie Vedder.


**JARVIS COCKER** Fyrrverandi forsprakki Pulp auglýsir eftir upphitunarhljómsveitum á bloggsíðu sinni.

# Auglýsir á blogginu

Jarvis Cocker, fyrrverandi forsprakki bresku sveitarinnar Pulp, hefur auglýst eftir upphitunarhljómsveitum fyrir sig á bloggsíðu sinni. Cocker er á leið í tónleikaferð um Bandaríkin sem hefst í New York 22. apríl.

Cocker vill að hljómsveitir frá þeim borgum sem hann heimsækir hiti upp fyrir sig á tónleikunum. Óskar hann eftir því að fá tóndæmi frá þeim í tölvupósti og eftir það ætlar hann að velja þær bestu úr.

Nýjasta sólóplata hans, Jarvis, kom út í Bandaríkjunum 3. mars á vegum plötufyrirtækisins Rough Trade.






## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Paris Hilton** gæti átt fangelsisvist yfir höfði sér eftir að hún rauf skilorð. Hótelerfinginn alræmdi gæti þurft að sitja inni í allt að 90 daga eftir að hafa verið stöðvuð á bifreið þegar ökuskírteinið hafði verið tekið af henni. Paris heldur því fram að hún hafi ekki vitað af skilorðinu og ætlar í hart við yfirvöld. Ekki hefur enn verið ákveðin dagsetning réttarhalda yfir henni.







### > Hannes Jón í stað Markúsar Mána

Miðjumaðurinn Hannes Jón Jónsson hefur verið valinn í æfingahóp handboltalandsliðsins sem tekur þátt í sterku æfingamóti sem fram fer í Frakklandi um páskana. Hannes er kallaður í hópinn í stað Markúsar Mána Michaelssonar sem getur ekki tekið þátt sökum anna í vinnu. Þetta er önnur breytingin sem er gerð á hópnum á skömmum tíma en Vilhjálmur Ingi Halldórsson tekur sæti Loga Geirssonar sem er meiddur. Hannes Jón hefur vakið mikla athygli fyrir vaska frammistöðu í norsku úrvalsdeildinni þar sem hann hefur verið að raða inn mörkum fyrir Elverum.



**sport**

sport@frettabl...

ANNA BRYNDÍS BLÖNDAL: EINA STJÖRNUSTELPAN SEM VAR MEÐ ÞEGAR FÉLAGIÐ VARÐ SÍÐAST ÍSLANDSMEISTARI

# *Ég var bara kjúklingur fyrir átta árum*



Anna Bryndís Blöndal getur í dag orðið Íslandsmeistari í handbolta með Stjörnunni í þriðja sinn. Anna er eini leikmaður liðsins í dag sem spilaði með meistaraliðinu 1999 en með sigri á Akureyri í dag verður liðið Íslandsmeistari í fyrsta sinn í 8 ár. „Það er orðið langt síðan Íslandsbikarinn kom hingað. Það duttu margir út eftir að við unnum 1999 og það tók við endurnýjun sem er að skila sér núna. Þessar ungu stelpur sem hafa verið að koma inn í meistaraflokkinn eru að blómstra núna,“ segir Anna sem hefur engar áhyggjur af því að þær klúðri titlinum úr þessu. „Þetta er komið í mínum huga. Við erum með besta liðið og mestu breiddina og mér hefði fundist það vera skandall ef við hefðum ekki unnið titilinn. Ég er samt mjög ánægð með að við skulum vera að ná honum,“ segir Anna sem segir hinar stelpurnar eiga eftir að kynnast frábærri tilfinningu. „Þegar maður vinnur þá veit maður fyrst hversu sárt það er að tapa,“ segir Anna sem segir hlutverk sitt í liðinu hafa breyst. „Ég var kjúklingur fyrir átta árum og horfði bara á stjörnurnar og fylgdi þeim. Núna er ég meira þessi sem talar og ríf stelpurnar með mér. Þetta hefur snúist við,“ segir Anna. „Yfirleitt spilaði maður 59 mínútur en núna er maður ekki að spila nærri alla leikina. Það er samt mjög gaman og það er ótrúlegt hvað það hefur verið góð samstaða í Stjörnuliðinu miðað við það hvað það eru margir góðir leikmenn að slást um stöður í liðinu,“ segir Anna.

Anna var lítið með í fyrra en hefur verið í stóru hlutverki hjá Stjörnuliðinu í vetur. „Ég var að útskrifast sem lyfjafræðingur og var að klára lokaritgerðina mína. Maður á tvö börn og heimili og árið á undan var mjög erfitt. Ég ákvað að taka mér frí og einbeita mér að ritgerðinni og útskrifast. Ég held að ég hefði bara brunnið út ef að ég hefði reynt að spila síðasta vetur,“ segir Anna sem er í skýjunum með veturinn. „Við erum búnar að standa okkur frábærlega í vetur og stóðumst þá pressu sem var sett á okkur. Sú sem tekur vítin skorar náttúrlega mest en að öðru leyti eru allir að skora 3 til 4 mörk í leik og þetta er að dreifast rosalega vel á hópinn,“ segir Anna sem sjálf hefur skorað 3,2 mörk að meðaltali í leik.



**LÖNG SIGURGANGA** Ragna Ingólfsdóttir hefur verið í miklu stuði í vetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Meistaramótið í badminton:

## Verja Helgi og Ragna titlana?

**BADMINTON** Meistaramót Íslands í badminton fer fram í TBR-húsunum um helgina og þar munu 112 keppendur frá 7 félögum etja kappi.

Helgi Jóhannesson og Ragna Ingólfsdóttir urðu Íslandsmeistarar karla og kvenna í fyrra og þau eru bæði mætt aftur í góðu formi.

Ragna freistar þess að vinna fimmta Íslandsmeistaratitilinn í röð en hún erkomin upp í 49. sæti á heimslistanum og hefur spilað frábærlega í vetur. **- óój**

# Uppgjör HK og Vals í Digranesi

**HK tekur á móti Val í DHL-deildinni í dag. Nánast er um að ræða hreinan úrslitaleik í Íslandsmótinu. Valur setur aðra hönd á bikarinn með sigri en HK sprengir mótið í loft upp nái það að landa sigri.**

**HANDBOLTI** Handboltaunnendur sem sakna úrslitakeppninnar ættu ekki að láta leik HK og Vals klukkan 16.15 í Digranesi í dag fram hjá sér fara. Mikilvægi leiksins er gríðarlegt enda verður HK að vinna til að koma sér upp að hlið Vals í deildinni en Valur yrði alltaf ofar sökum innbyrðisviðureigna.

Valur hefur nefnilega unnið báðar rimmur liðanna í deildinni hingað til en þó með litlum mun. Klári þeir dæmið í dag þarf mikið að fara úrskeiðis í lok mótsins svo að bikarinn endi ekki á Hlíðarenda.

Mikið mun mæða á lykilmönnum liðanna þeim Valdimar Þórssyni hjá HK og Valsmanninum Markúsi Mána Michaelssyni. Báðir fóru á kostum í síðustu rimmu liðanna með átta mörk á mann.

„Þetta er síðasta tækifæri okkar og þennan leik verðum við að vinna,“ sagði Valdimar Þórsson en dapurt gengi á heimavelli hefur verið blóðugt fyrir Kópavogsliðið. Digranesið hefur ekki verið sú gryfja sem vonast var til. Í vetur hafa fjórir leikir HK í Digranesi endað með sigri, þrír endað með jafntefli og tvisvar hefur HK tapað.

„Ég skil þetta ekki. Það skiptir engu hvað er mikið af fólki í húsinu, við náum okkur ekki almennilega á strik á heimavelli. Vonandi verður annað uppi á teningnum í dag og við náum að sýna okkar rétta andlit á heimavelli. Þetta er bara bikarúrslitaleikur í okkar augum,“ sagði Valdimar sem gerir sér grein fyrir þeirri pressu sem á hann er sett. „Ég hef ekkert á móti því. Sjálfstraustið er mikið þessa dagana. Ég hef æft meira en venjulega í vetur og mun ekki láta mitt eftir liggja í þessum leik.“





**LYKILMENN** Það mun mikið mæða á landsliðsmönnunum Valdimar Þórssyni hjá HK og Valsaranum Markúsi Mána Michaelssyni í dag. Leikur liðanna hefst klukkan 16.15

Það mun ekki síður mæða mikið á Valsmanninum Markúsi Mána Michaelssyni sem hefur verið í lykilhlutverki hjá Hlíðarendaliðinu. Markús er vel meðvitaður um mikilvægi leiksins.

„Það væri ósköp þægilegt að vinna þennan leik og staðan væri vissulega vænleg ef við vinnum. Engu að síður er kálið ekki sopið fyrr en í ausuna er komið. Ég minni á það,“ sagði Markús Máni ljóðrænn að vanda. „Það er tilhlökkun að mæta í Digranesið. Okkur hefur gengið vel á móti HK og vonandi verður framhald á.“

Markús skoraði átta mörk í síðasta leik gegn HK og hann ætlar ekki að spara fallbyssuna í dag.

„Maður reynir alltaf að setja boltann í skeytin. Ég geri mér grein fyrir minni ábyrgð og ég hef mikinn persónulegan metnað sem og fyrir liðinu. Ég mun reyna að gera það sem þarf og er klár í að axla þessa ábyrgð. Við verðum að stoppa Valdimar en það eru líka fleiri góðir menn í HK sem þarf að passa. Við stefnum á sigur en ég ætla ekki að ganga svo langt að lofa sigri,“ sagði Markús Máni varkár í yfirlýsingum. **henry@fretta-**




RainMate frá Rainbow

Enginn filter - Frí heimsending
VERÐ: 12.900

Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki

Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt.

Hrein þjónusta ehf
Dalbraut 3, 105 Rvk
567 7773 - Kvöld og helgar s. 897 2800


Þriðji leikur undanúrslitaeinvígis KR og Snæfells í dag:

# DHL-höllin er ekki höllin hans Justins Shouse

**KÖRFUBOLTI** KR og Snæfell leika í dag þriðja leik sinn í undanúrslitaeinvígi sínu í Iceland Express-deild karla. Staðan í einvíginu er jöfn eftir tvo nauma heimasigra og nú er svo komið að allir fjórir leikir liðanna í vetur hafa unnist með fjórum stigum eða minna.

Sá síðasti vannst á þriggja stiga körfu Danans Martins Thuesen þremur sekúndum fyrir leikslok en það var fyrsti sigur Snæfellinga í innbyrðisleikjum liðanna á tímabilinu.

Bandaríkjamaðurinn Justin Shouse átti frábæran leik í síðasta leik, skoraði 21 stig og gaf 11 stoðsendingar og það er ljóst að hann þarf að spila vel ætli Snæfellingar að eiga möguleika í DHL-Höllinni í dag. Vandamál Shouse er hins vegar að DHL-höllin er greinilega ekki uppáhaldsíþróttahús hans.

Shouse hefur aðeins hitt úr 23% skota sinna (26/6) og 50% vítanna (10/5) í tveimur heimsóknum sínum í húsið og hann er að skora helmingi minna að meðaltali gegn KR í Vesturbænum (8,5 stig í leik) en hann hefur gert í leikjum liðanna í Hólminum (17,0). Skotnýting hans gegn KR er líka tvöfalt hærri bæði utan af velli (46,4%) og af vítalínunni (100%).



**FRÁBÆR Í SÍÐASTA LEIK** Justin Shouse var með 21 stig og 11 stoðsendingar í sigurleiknum á KR í Stykkishólmi á þriðjudaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hvernig sem sóknarleikur Justins er gegn KR-ingum þá er ekki hægt annað en að hrósa honum fyrir varnarleikinn gegn Tyson Patterson. Justin hefur nefnilega haldið Tyson í 9,8 stigum að meðaltali í fjórum leikjum kappanna og þvingað hann til þess að klikka á 67% skota sinna. Tyson hefur enn fremur aðeins komist samtals fjórum sinnum á vítalínuna í öllum leikjunum og þá hefur hann tapað 4,8 boltum að meðaltali í leik.

**- óój**

Keflavíkurstúlkur í úrslit fimmta árið í röð:

# Við mætum pottþétt ÍS

**KÖRFUBOLTI** Keflavík er komið í lokaúrslit Iceland Express-deild kvenna eftir 91-76 sigur á Grindavík í fjórða leik liðanna og vann þar með 3-1 sigur í einvíginu. Þetta er fimmta árið í röð og níunda skiptið á 11 árum sem Keflavík spilar til úrslita. Keflavík mætir annaðhvort Haukum eða ÍS í úrslitunum en það ræðst í oddaleik í Hafnarfirði í dag hvort liðið það verður. Grindavík tefldi fram nýjum Bandaríkjamanni í leiknum, Monicu Diamond, en hún var ekki öfundsverð að ná bara einni æfingu með liðinu. Diamond var engin Tamara Bowie en skoraði þó 17 stig. Keflavíkurliðið var með frumkvæðið í leiknum eftir að 18-3 sprettur kom þeim í 27-15 í fyrsta leikhlutanum en Grindavík gafst aldrei upp og átti nokkra góða spretti.

„Það er erfitt að sætta sig við það þegar leikmaður ákveður að fara í miðri úrslitakeppni, segist vera með veika frænku, en síðan heyrir maður þær sögur að hún sé á leiðinni í WNBA-körfuboltabúðir á sunnudaginn,“ sagði Unndór Sigurðsson, þjálfari Grindavíkur um brotthvarf Tamöru Bowie sem stakk af fyrir leikinn. „Veturinn var nokkuð góður, við erum að fylgja þriggja ára plani. Við erum að ná að móta liðið saman og þetta er flott lið. Miðað við aðstæður þá er ég mjög stoltur af mínu liði. Við gerðum okkar besta en þetta er það lið sem menn ættu að fylgjast með í framtíðinni svo framarlega sem þessi hópur haldi áfram saman og vinni þessa vinnu sem hann hefur verið að gera í vetur,“ bætti Unndór við.

Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, var sáttur við sínar stelpur. „Þetta er það sem við stefndum að allan veturinn. Það að þær misstu útlendinginn sinn lagði grunninn að þessum sigri.



**DUGÐI EKKI TIL** Hildur Sigurðardóttir skorar hér góða körfu fyrir Grindavík en það dugði ekki til gegn Keflavík í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Ég er með rosalega gott lið og get spilað á mörgum mönnum og það skiptir öllu í svona seríu,“ sagði Jón Halldór og hann er viss um hvoru liðinu hann mætir í úrslitum. „ÍS, það er pottþrétt,“ sagði Jón Halldór að lokum. **- óój**

*Stig Grindavíkur: Hildur Sigurðardóttir 22 (11 fråk., 5 stolnir), Monica Diamond 17, Petrúnella Skúladóttir 12 (10 fråk.), Jovana Lilja Stefánsdóttir 9, Ingibjörg Jakobsdóttir 7, Íris Sverrisdóttir 5, Alma Rut Garðarsdóttir 3, Ólöf Helga Pálsdóttir 1.*

*Stig Keflavíkur. María Ben Erlingsdóttir 20 (8 fråk.), Bryndís Guðmundsdóttir 18, Margrét Kara Sturludóttir 14 (9 fråk., 4 varin), Kesha Watson 13 (9 fråk., 6 stoðs.), Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 7, Svava Ósk Stefánsdóttir 6, Marín Rós Karlsdóttir 6, Birna Valgarðsdóttir 5.*



**GÓÐ** Casey Rost hjá ÍS hefur skorað 27,3 stig að meðaltali í einvíginu og hitt úr 55% þriggja stiga skota sinna.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Iceland Express-deild kvenna:

## Mætast enn á ný í úrslitaleik

**KÖRFUBOLTI** Haukar og ÍS mætast í dag í oddaleik í undanúrslitum Iceland Express-deildar kvenna og hefst leikurinn klukkan 16.00 á Ásvöllum. Þessi lið hafa spilað fimm sinnum upp á líf og dauða í keppnum undanfarin tvö tímabil, það er hafa mæst í leik þar sem sigurvegarinn komst áfram en tapliðið var úr leik. Það lið sem hefur unnið viðureignina hefur síðan farið alla leið og unnið titilinn.

Í fyrravetur sló ÍS lið Haukanna út úr bikarkeppninni með 63-32 sigri í Kennaraháskólanum en Haukarnir unnu oddaleik liðanna í úrslitakeppninni 91-77 en hann fór fram á Ásvöllum eins og sá í dag. Í vetur vann Haukaliðið undanúrslitaleik liðanna, 80-42, í Powerade-bikarnum í Höllinni, leik liðanna í meistarakeppninni í október og sló ÍS síðan út úr átta liða úrslitum bikarsins með 79-44 sigri í Kennaraháskólanum. **- óój**

Liverpool-Arsenal í dag:

## Síðasta tækifæri Liverpool

**FÓTBOLTI** Liverpool-menn fá í dag síðasta tækifærið til þess að vinna Arsenal á tímabilinu þegar liðin mætast í hádegisleiknum í ensku úrvalsdeildinni.

Arsenal hefur unnið alla þrjá leiki liðanna í vetur: 0-3 í fyrri deildarleiknum á Emirates-vellinum og svo tvisvar á þremur dögum á Anifeld í bikarkeppnunum, fyrst 1-3 í FA-bikarnum og svo 3-6 í deildarbikarnum.

„Ég er viss um að töpin fyrir þeim í bikarnum og deildarbikarnum hjálpi mínum mönnum til þess að koma grimmir inn í þennan leik. Það er enginn búinn að gleyma þessum leikjum. Það er alltaf stórleikur þegar við mætum Arsenal og þetta verður gaman,“ sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool. **- óój**



**KIEL Í ÚRSLIT** Þýska handknattleiksliðið Kiel tryggði sér í gær farseðilinn í úrslit Meistaradeildarinnar. Kiel lagði þá spænska liðið Portland San Antonio, 37-34. Portland vann fyrri leikinn með tveggja marka mun en það veganesti degði ekki í gær. Andstæðingur Kiel í úrslitum verður annaðhvort Flensburg eða Valladolid. Dominik Klein sést hér fagna marki í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS


Útilegu maðurinn®
Ný ævintýraleg verslun með allt til ferðalagsins




Polar
Breiðustu og best einangruðu húsin á markaðnum.
Sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir.

Polar 520: 3.099.000 kr.
Polar 560: 3.399.000 kr.
Polar 590: 3.799.000 kr.
Polar 620: 3.999.000 kr.
Polar 680: 4,499,000 kr.
Polar 730: 4.599.000 kr.

Staðalbúnaður:
* Alde hitakerfi í gólfi og rúðum
* 110 watta sólarrafhlaða
* 17" LCD sjónvarp + loftnet
* DVD / CD spilari og útvarp
* Örbylgjuofn
* Stór ísskápur með frysti
* Bakkskynjari
* Skyggðir gluggar
* Stór opnanleg sóllúga
* 4 hátalarar
* Vifta á baði
* Handklæðaþurrkari á baði
* Eldhúsvifta




Rockwood
Sterkbyggðu fellihýsin sem reynst hafa frábærlega á Íslandi.

Staðalbúnaður:
* Rafmagns lyftibúnaður
* Geislaspilari, útvarp, hátalarar inni og úti
* Útisturta
* Upphitaðar lúxusdýnur
* 3 hraða rafmagnsvifta á loftlúgu
* Hljóðlát miðstöð
* Öndunardúkur á svefnrými
* Dometic ísskápur rafm./gas
* Álfelgur
* Swing eldhús

Rocwood 1910: 1.399.000 kr.
10 fet m/geymsluhólfi
Rocwood 1904: 1.499.000 kr.
10 fet m/geymsluhólfi
Rockwood 1980: 1.299,000 kr.
10 fet m/tvískiptum borðkrók
Rockwood 2317G: 1.699.000 kr.
12 fet + geymsluhólf og útdraganleg hlið
Rockwood 191 XR: 1.499.000 kr.
(Torfæruútgáfa) 10 fet + geymsluhólf
Rockwood 190XR: 1.599.000 kr.
(Torfæruútgáfa) 10 fet + farangurspallur

ENNEMM / SÍA / NM26822




PDQ fortjöldin pakkast í poka í rennu utan á vagninum.
Fljótlegt að tjalda

Fortjöld
Fyrir fellihýsi
Mini weekender: 39.900 kr.
PDQ 2,5m.: 59.900 kr.
PDQ 2,9m.: 79.900 kr.
Fyrir hjólhýsi
Mini weekender: 39.900 kr.
PDQ 3,5m.: 69.900 kr.
Corsican: Verð frá 109.900 kr.

Fylgihlutir
Stútfull búð af frábærum fylgihlutum fyrir ferðalagið.



Útilegumaðurinn er ný sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, útifatnað, fylgihluti og margt fleira. Kíktu við og skoðaðu úrvalið.
Fosshals 5-7 | Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is
Opið laugardag 10-17 og sunnudag 12-16

Útilegu maðurinn®

## KATE WINSLET

Kate er yngsta leikkonan sem tilnefnd hefur verið til tveggja Óskarsverðlauna. Kate á eina dóttur af fyrra hjónabandi en í dag er hún gift leikstjóranum Sam Mendes og á með honum einn son. Kate hefur verið þekkt fyrir kvenlegan vöxt sinn og fylgir ekki staðalímyndum Hollywood. Kate leikur í Finding Neverland á Stöð 2 Bíó kl. 18.00.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR SÉR EKKI AÐ ÍÞRÓTTIR OG ÚTVARP EIGI SAMLEIÐ**

## *Íþróttagreinin að kasta krónunni lengst*

Oft hef ég furðað mig á því hversu mörgum milljónum menn eru tilbúnir að sturta í það að kaupa sjónvarpsrétt á íþróttaefni. Og finn þá skýringu eina að kaup á íþróttaefni hefur umturnast í einhverskonar íþrótt í sjálfu sér. Hver getur kastað krónunni lengst? Íþróttir og kappleikir eru náttúrlega „non event". Takmarkaðir sem slíkir og skipta í raun engu máli. Þetta er leikur. En þeir voru svo sem á því gömlu Rómverjarnir að það eina sem lýðurinn þarf eru brauð og leikir. Róm brann meðan Neró lék á fiðlu. En þessi sannindi eiga þó enn við. Fótboltavellirnir eru nútímaútgáfa af hringleikahúsum Rómverja til forna. Einn veigamikill viðsnúningur hefur þó orðið á. Fótboltakarlarnir eru ekki þrælar nema síður sé heldur auðkýfingar.

Í gamalli Ástríksbók er að finna frábært atriði þegar skylmingaþrælarnir fara í verkfall. Eftir langa og stranga baráttu takast samningar um tíu prósenta launahækkun. Menn geta sjálfir dundað sér við að reikna hversu há upphæð tíu prósent eru af núlli. Nú er það svo að gestir hringleikahússins fara í verkfall og fá svipaða launahækkun í krónum talið og þrælarnir forðum, rétt til að geta borgað áskriftina að íþróttaefninu. Öfugsnúið. En ekkert er þó eins öfugsnúið á vorum dögum og íþróttalýsingar í útvarpi. Kappleikjum fylgja einfaldlega óhljóð. Sem láta illa í eyrum. Þeir sem einhverra hluta vegna verða að fylgjast með gangi mála geta ýmist fengið sms í síma sinn þar sem segir til um stöðubreytingu, menn geta séð þetta í sjónvarpi eða skoðað á netinu. Já, eða náttúrlega einfaldlega farið á völlinn. En þetta var útúrdúr. Nú, þegar oháeffun RÚV er handan við hornið, og Dr. Sigrún uppgötvar þau sannindi að útvarp og íþróttir eiga ekki samleið lengur, er atvinna þeirra félaga Bjarna Fel. og Adolfs Inga í voða. Sem er öfugsnúið.



## EKKI MISSA AF



▶ 19.40 Jón Ólafs SJÓNVARPIÐ



▶ 19.45 Joey STÖÐ 2



▶ 18.00 Finding Neverland STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 21.00 American Dad SIRKUS



▶ 21.50 Hack SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00** Morgunstundin okkar 08.01 Fyndin og furðuleg dýr 08.06 Lítil prinsessa 08.17 Halli og risaeðlufatan 08.29 Músahús Mikka 08.53 Trillurnar 09.19 Tígurinn Karrí 09.29 Leyniþátturinn 09.42 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar

**10.15 HM í sundi** Bein útsending.

**11.45 Kastljós**

**12.15 Gettu betur** (7:7) e.

**13.40 Alpasyrpa**

**14.05 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá leik kvennaliða HK og Hauka.

**15.45 Íþróttakvöld**

**16.05 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá leik HK og Vals í DHL-deild karla.

**18.00 Táknmálsfréttir**

**18.10 Vesturálman** (8:22)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

▶**19.40 Jón Ólafs**

**20.20 Spaugstofan**

**20.50 Niður með Knúsa** Bandarísk gamanmynd frá 2002. Leikstjóri er Danny DeVito og meðal leikenda eru Robin Williams, Edward Norton og Danny DeVito.

**22.40 Ljóti morgunninn** Bresk sjónvarpsmynd frá 2004. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**00.15 Kaldbakur** (Cold Mountain) Bandarísk bíómynd frá 2003. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.

**02.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Whole Ten Yards**

**08.00 Try Seventeen**

**10.00 The Cat in the Hat**

**12.00 Finding Neverland**

**14.00 Try Seventeen**

**16.00 The Cat in the Hat**

▶**18.00 Finding Neverland** Bandarísk verðlaunamynd frá árinu 2004 sem segir frá því hvað varð til þess að JM Barrie skrifaði Pétur Pan.

**20.00 The Whole Ten Yards**

**22.00 Elektra**

**00.00 Man on Fire**

**02.25 Derailed**

**04.00 Elektra**

## STÖÐ 2

**07.00 Ruff's Patch**

**07.10 Barney**

**07.35 Myrkfælnu draugarnir** (e)

**08.00 Gordon the Garden Gnome**

**08.10 Engie Benjy**

**08.20 Grallararnir**

**09.25 Kalli kanína og félagar**

**09.30 Kalli kanína og félagar**

**09.35 Kalli kanína og félagar**

**09.45 Tracey McBean**

**10.00 A.T.O.M.**

**10.25 Bring it on again**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Bold and the Beautiful**

**14.35 X-Factor**

**15.55 X-Factor - úrslit símakosninga**

**16.25 The New Adventures of Old Chr**

**17.00 Sjálfstætt fólk**

**17.45 60 mínútur**

**18.30 Fréttir**

**19.10 Íþróttir og veður**

**19.15 Lottó**

**19.25 How I Met Your Mother** Önnur sería þessara bráðskemmtilegu og rómantísku gamanþátta sem notið hafa mikillar hylli í Bandaríkjunum.

▶**19.45 Joey** Bandarískir gamanþættir um skrautleg ævintýri og framabrölt Joeys Tribbiani í Hollywood.

**20.10 Stelpurnar** Stöð 2 endursýnir nú valda þætti af Stelpunum sem tvisvar sinnum í röð hefur verið valinn besti leikni þátturinn á Edduverðlaunahátíðinni.

**20.35 The Prince And Me** Ástarsaga í ævintýrastíl um háskólanema sem fellur fyrir nýja stráknum í skólanum en kemst svo að því að hann er danskur prins.

**22.30 Kinsey** Sönn saga um Kinsey prófessor sem ölli straumhvörfum í bandarísku samfélagi þegar hann gaf út bókina „Kynlífshegðun mannsins" árið 1948. Aðalhlutverk: Liam Neeson, Chris O'Donnell, Laura Linney.

**00.25 There's Something About Mary**

**02.20 Armed And Dangerous**

**03.45 Deceit**

**05.10 How I Met Your Mother**

**05.35 Joey**

**06.00 Fréttir**

**06.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**16.35 Trading Spouses** (e)

**17.20 KF Nörd** Logi Ólafsson, þjálfari Nördanna, grípur á það ráð að senda þá í sveit. Þar sem Nördarnir hafa fengið stjörnumeðferð að undanförnu grípur Logi á það ráð að koma þeim niður á jörðina. Puða þeir og strita í íslensku bændasamfélagi og þar sem þeir eru þangað komnir er ekki úr vegi að leika knattspyrnu við sanna karlmenn úr sveitinni.

**18.00 Britney and Kevin. Chaotic**

**18.30 Fréttir** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá á samtengdum rásum Stöðvar 2 og Sirkuss.

**19.10 Dr. Vegas** (e)

▶**19.55 American Inventor**

**20.45 Gorillaz - Demon Days**

**22.00 X-Factor** Úrslitakeppnin í X-Factor heldur áfram í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum í Smáralind. Tólf atriði mættu til úrslita; fjögur úr hverjum hópi. Eitt atriði fellur úr keppni í hverjum þætti og það er þjóðin sem hefur valið í símakosningu. Hver verður næsta poppstjarna Íslands? Hver er með x-faktorinn?

**23.05 Punk'd** Í kvöld verða þau Doug Robb og Stephen Coletti fyrir hrekkjum Ashtons sem hlífir engum.

**23.30 X-Factor - úrslit símakosninga**

**23.55 Gene Simmons. Family Jewels**

**00.25 Smith** (e)

**01.10 Supernatural**

**02.00 Chappelle's Show** (e)

**02.30 Tuesday Night Book Club - NÝT** (e)

**03.20 Twenty Four - 2** (e)

**04.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**10.20 Vörutorg**

**11.20 Rachael Ray** (e)

**12.50 Rachael Ray** (e)

**15.05 Top Gear** (e)

**16.00 Psych** (e)

**16.50 What I Like About You** (e)

**17.15 What I Like About You** (e)

**17.40 Fyrstu skrefin** (e)

**18.10 Survivor. Fiji** (e)

**19.10 Game tíví** (e)

**19.40 Everybody Hates Chris** (e) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum.

**20.10 World's Most Amazing Videos**

**21.00 High School Reunion** (4:6) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 17 fyrrum skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál.

▶**21.50 Hack** (2:18) Mike Olshanzky, sem David Morse leikur, á ekki sjö dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglunni fyrir agabrot og gerist í kjölfarið leigubílstjóri.

**22.35 Repli-Kate** Gamanmynd frá árinu 2002. Max er ungur uppfinningamaður sem hittir draumadísina. Kate er falleg, vitur og sexí en vandamálið er að hún hefur engan áhuga á svona lúða. Bráðfyndin mynd með þokkadísinni Ali Landry og James Roday úr Psych í aðalhlutverkum.

**00.05 Dexter** (e)

**00.55 The Silvia Night Show** (e)

**01.25 Fyndnasti Maður Íslands 2007** (e)

**02.25 Vörutorg**

**03.25 Tvöfaldur Jay Leno** (e)

**05.05 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**10.15 Upphitun** (e)

**10.45 Eggert á Upton Park** (e)

**11.15 Liverpool - Arsenal** (beint)

**13.35 Á vellinum með Snorra Má**

**13.55 Man. Utd. - Blackburn** (beint)

**15.55 Á vellinum með Snorra Má**

**16.10 Watford - Chelsea** (beint)

**18.30 Man. Utd. - Blackburn** (frá í dag)

**20.30 Bolton - Sheff. Utd.** (frá í dag)

**22.30 West Ham - Middlesbrough (frá í dag)**

**00.30 Dagskrárlok**



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.25**

### The Prince & Me



Rómantísk gamanmynd með Íslandsvininum Juliu Stiles í aðalhlutverki. Paige er duglegur nemi sem dreymir um að ferðast um heiminn og hefur lítinn áhuga á ástarævintýrum. Það á þó eftir að breytast þegar hún kynnist Eddie. Það sem hún veit hins vegar ekki er að Eddie er erfingi dönsku krúnunnar en hann vill ekkert frekar en að vera dæmigerður háskólanemi.

### ▶ THE WHOLE TEN YARDS

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.00**

Skemmtileg glæpagrínmynd þar sem taugaveiklaði tannlæknirinn Oz og leigumorðinginn Jimmy túlípani Tudeski hittast á nýjan leik. Jimmy er sestur í helgan stein og sinnir einkum heimilisstörfum. Það breytist snarlega þegar Oz bankar upp á og segir farir sínar ekki sléttar. Ungverska mafían rændi eiginkonu hans og tannlækninn þarf sárlega á hjálp Jimmys að halda. Aðalhlutverk leika Bruce Willis, Matthew Perry, Amanda Peet og Kevin Pollak.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Laugardagur til lukku
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Músík að morgni dags
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Til allra átta
**14.40** Glæta
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Fimm fjórðu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.26** Hlustir
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Íslensk þjóðmenning - Fornminjar
**21.05** Pipar og salt
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**08.30 PGA Tour 2007 - Highlights**
**09.25 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**09.50 Pro bull riding** (St. Louis, MO - Enterprise Rent-A-Car Classic)
**10.45 World Supercross GP 2006-2007**
**11.40 NBA deildin** (Golden State - Phoenix)
**13.40 EM 2008** (Spánn - Ísland)
**15.20 Spænski boltinn - upphitun**
**15.50 Iceland Express-deildin 2007** Bein útsending frá þriðja leik KR og Snæfells í undanúrslitum Iceland Express-deildarinnar í körfuknattleik karla.
**17.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Valencia og Espanyol í spænska boltanum. Tekst Valencia að halda dampi á lokasprettinum verandi enn með í Meistaradeildinni?
**19.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Barcelona og Deportivo La Coruna í spænska boltanum.
**21.50 Ali/s Dozen**
**22.40 Hnefaleikar** (Box - Ricky Hatton vs. Carlos Maussa)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér.
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð.

## DR 1

**6.50** Frikvarter **7.15** Kære Sebastian **7.45** Ninja Turtles: Tidsrejsen **8.05** Troldspejlet **8.35** Lovens vogtere **9.00** Børneblæksprutten **9.15** Ungdomsprogram **9.30** Viften **10.00** TV Avisen **10.10** Poul Martinsen kavalkade **11.00** Forestillinger **12.00** DR1 Dokumentaren - Vor Herre til Hest.. **12.40** Boogie Listen **13.40** Dig og mig **14.10** Hiv stikket ud med Master Fatman **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Kaj og Andrea **16.00** Når der går forår i dyrene **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.30** Danni **18.00** Matador **19.00** Kriminalkommissær Barnaby **20.35** The Final Cut **22.05** Columbo **23.40** Den 11. time **0.10** Boogie Listen **5.30** Mickeys klubhus **5.55** Den lille røde traktor

## NRK 1

**6.00** Mikkes klubbhus **6.30** Nysgjerrige Nils **6.45** Lille Prinsesse **7.00** Småspøkelsene **7.10** Ost o'hoi **7.30** Hønsehuset **7.40** Sauen Shaun **7.50** Mini-kryp **8.00** Den dårligste heksa i klassen **8.20** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **8.35** Liga **9.05** Newton **9.35** Frokost-tv **10.40** Plastposen **12.05** Kunnskapskanalen: Uregelmessig rettferdighet **13.05** Lille frøken Norge **14.30** VM svømming 2007 **16.00** Skrimmel Skrammel **16.25** En gul en og en grønn en **16.30** Familien **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Hvilket liv! **18.25** Topp 10 **19.30** Med hjartet på rette staden **20.15** Løvebakken **20.40** Veterinær på safari **21.10** Kveldsnytt **21.25** Uten kontroll **5.30** Påskemorgen **5.32** Mekke-Mikkel **5.45** Postmann Pat **6.00** Nysgjerrige Nils

## SVT 1

**6.00** Bolibompa hälsar på **6.01** Meckar-Micke **6.15** Dagens visa **6.20** Zoé Kézako **6.35** I Mumindalen **7.00** Karamelli **7.30** Sagoträdet **7.45** Klister **8.00** Rea **8.25** Amigo **8.50** Hjärnkontoret **9.10** Mitt i naturen **9.40** Packat & klart **10.10** Plus **10.40** Saras kök **11.10** Svenska slag **11.40** Playa del Sol **12.10** Världen enligt Google **13.00** Uppdrag Granskning **14.00** Ordförande Persson **15.00** Så ska det låta **16.00** Disneydags **17.00** Skokartongens hemlighet **17.25** Radiohjälpen - Psykiatrifonden **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Stina! **19.00** Brottskod: Försvunnen **19.45** The Robinsons **20.15** Bingo Royale **21.00** Rapport **21.05** Robbie Williams: Close Encounter **22.05** En djävulsk fälla **23.55** Sändningar från SVT24 **6.00** BoliBompa




## HRÓSIÐ ...

*Ólöf Ýrr Atladóttir*



**Aldur:** 39 ára.
**Starf:** Framkvæmdastjóri Vísindasiðanefndar.
**Fjölskylda:** Gift Jóni Magnúsi Einarssyni líffræðingi, fjögurra ára dóttir og tvö stjúpbörn.
**Foreldrar:** Atli Dagbjartsson læknir og Ingibjörg Símonardóttir talmeinafræðingur.
**Búseta:** Á leið úr Skerjafirði í Garðabæ.
**Stjörnumerki:** Ljón.

Ólöf Ýrr komst áfram í Meistaranum á fimmtudag og græddi hálfa milljón að auki.

# Volta Bjarkar komin á netið

„Ég var að frétta af þessu bara í þessum töluðu orðum," segir Ásmundur Jónsson, framkvæmdastjóri Smekkleysu en frá því var greint á Pitchforkmedia-tónlistarvefsíðunni að upptökum af nýjustu plötu Bjarkar Guðmundsdóttur, Volta, hefði verið lekið á netið. Um er að ræða stutt myndbrot af laginu Earth Intruders sem er sagt vera fyrsta smáskífan á plötunni og má sjá það á Youtube-síðunni. „Þetta er auðvitað hvimleitt og mikið vandamál við plötuútgáfu í dag og skemmir auðvitað fyrir hinu óvænta á stóra útgáfudeginum," útskýrir Ásmundur.



**ÁSMUNDUR JÓNSSON** Segir leka á netið vera órjúfanlegan hluta af því að gefa út plötur í dag.

Þetta er alls ekki í fyrsta skipti sem Björk verður fyrir barðinu á spilaglöðum netverjum. „Plötunni Vespertine var til að mynda lekið út af útgefanda í Suður-Evrópu tveimur mánuðum áður en hún átti að koma út," segir Ásmundur. „Af því að honum fannst þetta svo skemmtilegt," bætir Ásmundur við en tekur þó fram að þeir séu engu að síður nokkuð stoltir yfir því hversu vel hefur tekist að halda innihaldi Volta leyndu fyrir umheiminum. „Já, þetta hefur eiginlega verið óvenju lítið af upptökum á netinu og þær komið óvenju seint," segir hann.

Að sögn Ásmundar hefur miðasala á útgáfutónleika Bjarkar í Laugardalshöll 9. apríl gengið vonum framar. „Þetta er mjög spennandi enda í fyrsta skipti sem Björk frumflytur nýtt efni hér heima. Spennan er því orðin gríðarleg og mikil eftirvænting eftir þessum tónleikum." **- fgg**



**BJÖRK** Vespertine-plötunni var lekið á netið tveimur mánuðum áður en hún átti að koma út.



**LÁRÉTT**
**2** troða í sig **6** númer **8** bón **9** stækkaði **11** til dæmis **12** gæfuleysi **14** húrra **16** drykkur **17** lyftiduft **18** geislahjúpur **20** kusk **21** svall.
**LÓÐRÉTT**
**1** fönn **3** í röð **4** prýðilega **5** á móti **7** rægja **10** hugfólginn **13** starfsgrein **15** ókyrrð **16** lítill sopi **19** bor.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** háma, **6** nr, **8** bæn, **9** jóki, **11** td, **12** ógæfa, **14** bravó, **16** te, **17** ger, **18** ára, **20** ló, **21** rall. **LÓÐRÉTT: 1** snjó, **3** áb, **4** mætavel, **5** and, **7** rógbera, **10** kær, **13** fag, **15** óró, **16** tár, **19** al.


10%
vaxtaauki!



spron
www.spron.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is


MAGNI ÁSGEIRSSON: SPILAR Á GÍTAR MEÐ DILÖNU Í VEGAS 28. APRÍL

# Magni hitar upp fyrir Aerosmith í Las Vegas

„Já, þetta er komið nokkurn veginn á hreint. Ég verð þarna sem gítarleikari og spila með Dilönu á tónleikum sem verða haldnir 28. apríl. Já, við erum upphitunarnúmer fyrir Aerosmith," segir tónlistarmaðurinn Magni.

Mega þetta heita nokkur tíðindi enda ekki á hverjum degi sem íslenskur tónlistarmaður hitar upp fyrir annað eins og Steven Tyler og Aerosmith – sem er líklega einhver þekktasta hljómsveit heims á seinni árum. Tónleikarnir verða í Vegas og eru styrktartónleikar fyrir The Lily Claire-sjóðinn. Magni segir að þetta sé í raun gigg Dilönu en hún hafi vaknað upp við þann vonda draum að vera „bandlaus". Hún leitaði því til Magna og trommarans úr No Doubt, Aidrians, auk þess sem hún hefur bassa- og gítarleikara sem ekki eru þekktir, en mjög góðir að sögn Magna, til að fullskipa hljómsveitina.

„Nei, ekkert hljómborð. Ég veit ekki mikið um þetta. En við spilum líklega þarna í um hálftíma. Um átta lög og það verður þá líklega eitthvað af væntanlegri plötu Dilönu og lög úr RockStar sem hún hefur gert að sínum."

Annars hefur Magni ekki hugann við þetta heldur hefur hann verið að skipuleggja páskatónleikatúr hljómsveitar sinnar Á móti sól. Og það þykir honum meira spennandi. „Elstu menn hafa verið dregnir út úr skúmaskotum elli sinnar og segjast ekki muna eftir öðrum eins túr. Kók og kanónur," segir Magni.

Hljómsveitin Á móti sól er ein fárra sem stendur vaktina á sveitaballamarkaði. Má kannski nefna þar Papana og Sálina en annars er ekki um feitan gölt að flá. Á móti sól hefur nú verið starfandi í rúm tíu ár og Magni segir hljómsveitarmeðlimi ekki svo mikið sem hafa rifist hvað þá meira. Sem má heita merkilegt því tíu ár eru á milli þess elsta og þess yngsta. Og ólíkari menn vart til. Hljómsveitin hefur verið iðin við kolann og tók sér þá fyrst frí er Magni fór í sína frægu för til að taka þátt í Rock Star Supernova.

„Páskatúrinn samanstendur af fjórum giggum. Sjallinn á miðvikudag, Ölfushöllin með Pöpum á föstudag, svo Blönduós á laugardag og endum á Skaganum á sunnudaginn," segir Magni og má greina tilhlökkun í röddu hans. Annars segir hann sveitaballakúltúrinn vart vera svip hjá sjón síðan 1995. Breyttir tímar.

„Það er búið að krakkar setjist upp í bíl og keyri í þrjá klukkutíma til að fara á ball. Nú nennir fólk lítið að hreyfa sig. Þó er þetta kynslóðin sem kom sennilega undir í tengslum við sveitaböll. Þetta er hnignun." **jakob@frettabladid.is**



**AEROSMITH** Heldur góðgerðartónleika í Vegas 28. apríl og fær ekki ónýtt upphitunaratriði.

**DILANA OG MAGNI** Með fullri virðingu fyrir Aerosmith virðist Magni vera spenntari fyrir miklum páskatúr Á móti sól.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Lengi lifir í gömlum diskóglæðum. Nú um nokkurt skeið hafa verið haldin sérstök diskókvöld á skemmtistaðnum Rex og verður eitt slíkt haldið í kvöld. Viðtökur hafa komið mönnum í opna skjöldu. Svo virðist sem skemmtanagleðinni sé enn fyrir að fara hjá þeim sem sóttu Hollywood um og upp úr 1980. Enda heldur aðalsprautan í skemmtanahaldinu, **Kolla Ólafs**, því fram að diskódrottningarnar séu enn ótrúlega sætar og þessi tiltekna kynslóð, sem þá gerði garðinn frægan á skemmtistöðunum, haldi sér alveg ótrúlega vel.



Bylgjumenn skima nú eftir arftaka **Gulla Helga**, hins sívinsæla og blaðskellandi, til að standa vaktina á laugardagsmorgnum. Þeir hafa meðal annars leitað hófanna hjá tvíeykinu **Simma og Jóa** sem hafa á því mikinn áhuga að snúa aftur í útvarp. Það mun þó ekki á döfinni alveg í bráð því Simmi, sem er nýlega kominn heim úr sólinni, en hann var í fríi, er nú að fara að hefja nýjan feril hjá Landsbankanum og ætlar að finna fjölina sína í heimi bankamála áður en hann lætur til sín taka á ný í fjölmiðlum. Bylgjumenn eru þó hinir bröttustu, bæði með afkomu útvarpsstöðvarinnar sem og það að **Hemmi Gunn** hefur búið til algerlega nýjan hlustunarkima síðdegis á sunnudögum þar sem ekki hefur mælst hlustun fyrr. **- jbg**





# Gunni Helga fastur í ljótustu borg Póllands

„Mér var sagt af pólskri starfstúlku í mötuneyti Þjóðleikhússins að Chorzow væri ljótasta borg Póllands," segir leikstjórinn Gunnar Helgason en hann er að setja upp finnska söngleikinn SPIN í Rozrywki-leikhúsinu. Gunnar uppgötvaði reyndar á meðan hann ræddi við Fréttablaðið að úrið hans væri stopp. Sem skýri að einhverju leyti þær deilur sem upp komu eftir æfingu hópsins um morgunin. „Þau vildu ekki vinna lengur og töldu heppilegra að æfa aftur eftir general-prufuna," útskýrir Gunnar sem var þó viss um að þetta myndi hafast þótt á ýmsu hefði gengið við æfingar. Gunnar segir að allt ferlið hafi tekið helmingi lengri tíma af ýmsum ástæðum. „ En þó fyrst og fremst af því að ég tala enga pólsku og þeir enga ensku þannig að það hefur alltaf þurft túlk á æfingar," útskýrir Gunnar sem viðurkennir að hann hafi þó lært ótal mörg pólsk blótsyrði. „Ég hef sem betur fer ekki þurft að nota þau ýkja mikið."

Spin var fyrst sett upp í Svenska Theater í Helsinki sem er þjóðleikhús sænskumælandi Finna. „Þjóðleikhússtjórinn þar er metnaðarfullur og hann var búinn að bíða eftir verki sem hann gæti flutt út. Og greip þetta," útskýrir Gunni. Síðan var framleiðendum og leikhússtjórum boðið á frumsýninguna og boltinn byrjaði að rúlla. Og verkið á eftir að fara víðar, jafnvel til Bretlands. Frá Chorzow fer Gunnar síðan til smáborgarinnar Jaroslav í Rússlandi. „Rússarnir gætu hins vegar orðið erfiðir. Þeir eru rosalega stolt þjóð og segjast ekki vilja söngleiki, það sé ekki rússneskst listform. Söngleikir hafa flestir gengið ákaflega illa í rússneska leikhúsgesti og sýningum verið hætt eftir mánuð. Allt sem er vestrænt finnst þeim ekki töff heldur vilja þeir bara rússneskt á sínar fjalir," útskýrir Gunnar.



**GUNNAR HELGASON** Er að setja upp söngleikinn Spin í Chorzow sem er sögð vera ljótasta borg Póllands

100% FJÁRMÖGNUN

# Nýr Chevrolet **Lacetti** Station á aðeins **26.980,-** á mán.*

- 100% fjármögnun ☑
- Engin útborgun ☑
- Í erlendri mynt, vextir 4,27% ☑
- 3 ára ábyrgð ☑




Chevrolet **Lacetti**
frá GM **stærsta bílaframleiðanda í heimi**
**Verð: 1.899.000,-**

Aukbúnaður á mynd: **Álfelgur**

*m.v. 84 mánaða bílasamning (í erlendri mynt, vextir 4,27%)

DYNAMO REYKJAVÍK

## Engin útborgun…
## …og þú ert kominn á **nýjan fjölskyldubíl!**

Lacetti

## **Vertu klár** – engin útborgun fyrir nýjan bíl

**Þú færð nýjan fjölskyldubíl úr kassanum með 100% fjármögnun** og borgar aðeins **26.980 kr.** á mánuði. Bíllinn, sem er hluti af evrópulínu Chevrolet, er með **3ja ára ábyrgð** og Chevrolet gæðastimplinum. **Vertu því klár**, komdu og kynntu þér málið. Við erum á Tangarhöfðanum og tökum vel á móti þér.

Bílabúð Benna | Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

**Umboðsmenn:** Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilsstöðum.

CHEVROLET

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## *Að láta vaða*

Ef ég ætti að velja eitt slagorð, þekkt úr bransanum, sem myndi lýsa Íslendingum best og fanga hugarfarið sem einkennir mörlandann af hvað mestri nákvæmni, þá myndi ég líklega velja slagorðið sem íþróttavöruframleiðandinn Nike hefur notast við á undanförnum árum: „Just do it“. Á íslensku myndi það útleggjast sem „kýldu á það“. Þessu slagorði er síðan oft fylgt eftir með öðru orðasambandi, sem lýsir Íslendingum ekki síður, en það er orðasambandið, jafnvel slagorðið „þetta reddast“. Því er oft beitt eftir að menn hafa „kýlt á það“, stundum með misjöfnum afleiðingum.

**ÍSLENDINGAR** láta vaða. Eru ekkert að tvínóna við hlutina. Þetta getur komið út sem bæði kostur og galli. Kosturinn við þetta hugarfar er sá að Íslendingar ná oft árangri á skömmum tíma, eins og útrás íslenskra viðskiptamógúla hefur sýnt undanfarið. Í fréttaskýringum erlendra blaða um þetta fyrirbrigði, íslensku útrásina – eða innrásina eftir því hvernig á það er litið – hefur einmitt verið fjallað um íslensku víkingana, svokölluðu, sem einstaklega snögga í ákvörðunum og efasemdalausa í gjörðum sínum. Þannig skjóti þeir hægfara Svíum og öðrum, sem vilja ræða hlutina frá öllum hliðum, ref fyrir rass.

**HINS VEGAR** hefur þetta hugarfar nokkra augljósa galla. Það er athyglisvert að mörg deilumál í íslensku samfélagi koma til vegna þess að einhverjir hafa einmitt kýlt á það, verið aðeins of snöggir að láta vaða. Menn hafa skotið fyrst og spurt svo. Íraksstríðið var svona ákvörðun. Just do it. Styðja stríðið. Og auðvitað urðu allir brjálaðir út af því, og eru enn. Menn urðu almennt fyrst brjálaðir fyrir alvöru út af Kárahnjúkavirkjun rétt í þann mund er stíflan var tekin í notkun, þ.e.a.s. þegar búið var að byggja. Í kosningunum 2003, þegar framkvæmdirnar voru rétt að hefjast, var hins vegar miklu minna talað um málið. Eftir á að hyggja hefði kannski verið betra að ræða málið í þaula fyrst, áður en framkvæmdirnar hófust, en ekki eftir á, þó svo það hafi líka verið ágætt.

**ÞANN** 30. mars 1949 varð allt snælduvitlaust á Austurvelli eftir að ákvörðun var tekin á Alþingi um að Ísland skyldi verða aðili að NATO. Það var látið vaða. Þetta leiddi til þess að þjóðin var klofin í málinu og skiptist í lopapeysukomma og kanasleikjur í hátt í 50 ár með tilheyrandi fúkyrðaflaumi á báða bóga. Þarna hefði kannski verið viturlegra að ræða málið fyrirfram. Kannski kjósa um það. Þá hefðu menn hugsanlega orðið sáttari.

**Í DAG**, þann 31. mars 2007, verða þau sögulegu tíðindi að íbúar í Hafnarfirði ganga að kjörborðinu og greiða atkvæði í miklu hitamáli. Þetta finnst mér í ljósi þess sem ég hef hér sagt og þeirra dæma sem ég hef núna tekið, vera einstaklega viturlegt. Þarna hafa menn gripið til þess ráðs, loksins, að ræða málið fyrirfram, en ekki bara að láta vaða, til þess eins að rífast eftir á, eins og vanalega.

